# Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum Sundabrautar

Anna Lísa Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir




**Júní 2025**

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 238

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

# Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum Sundabrautar

Anna Lísa Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir




**Júní 2025**

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 238

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Unnið að beiðni Eflu vegna áforma Vegagerðarinnar í samvinnu Reykjavíkurborg um byggingu Sundabrautar frá Sæbraut upp á Kjalarnes.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.
Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur
Anna Lísa Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir

Mynd á forsíðu:
Herforingjaráðskort: 27 Reykjavík N.A. 1908, 1:50.000.
Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 238
Reykjavík júní 2025
Öll réttindi áskilin.

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Borgarsögusafn Reykjavíkur

# Efnisyfirlit


Formáli ... 6

1. Inngangur ... 7

2. Almennt um verndun menningarminja ... 9

3. Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja ... 10

4. Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minja ... 12

Hluti I: Sæbraut – Gufunes ... 13

4.1 Laugarnes 230 ... 13

4.1.1 Laugarnes, saga ... 13

4.1.2 Staðhættir, minjar og örnefni ... 15

4.1.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Laugarnes ... 18

Laugarnes 230-2 Túngarður ... 19
Laugarnes 230-6 Kirkja ... 20
Laugarnes 230-7 Kirkjugarður ... 20
Laugarnes 230-60 Steinhólar ... 21
Laugarnes 230-61 Laugarnesblettur III ... 21
Laugarnes 230-66 Kleppsvegur ... 22
Laugarnes 230-67 Héðinsgata ... 22
Laugarnes 230-68 Hólavegur ... 22
Laugarnes 230-69 Köllunarklettsvegur ... 23
Laugarnes 230-84 Bæjarstæði ... 23
Laugarnes 230-89 Hallgerðarleiði ... 24
Laugarnes 230-94 Balbo Camp ... 24
Laugarnes 230-208 Reykjavegur ... 24
Laugarnes 230-211 Laugarmýrarblettur 32 ... 25
Laugarnes 230-212 Reykhólar, Laugarmýrarblettur 19 ... 25
Laugarnes 230-213 Laugarmýrarblettur26 ... 25
Laugarnes 230-214 Sjáland, Laugarmýrablettur 27 ... 25
Laugarnes 230-215 Laugarmýrarblettur 20 ... 26
Laugarnes 230-216 Melstaður ... 26
Laugarnes 230-217 Hraunás, Laugarmýrarblettur 39 ... 26
Laugarnes 230-218 Laugarmýrarblettur 38 ... 26
Laugarnes 230-219 Skotgröf við Dagmálakletta ... 26
Laugarnes 230-220 Ægisíða, Vatnagarðablettur 2 ... 29
Laugarnes 230-221 Oddshöfði ... 29
Laugarnes 230-224 Fornleifarannsókn ... 30

4.2 Kleppur 231 ... 31

4.2.1 Kleppur, saga ... 31

4.2.2 Staðhættir, minjar og örnefni ... 34

4.2.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Klepps ... 35

Kleppur 231-1 Bústaður ... 36
Kleppur 231-6 Túngarður ... 36

Kleppur 231-7 Kleppsgerði ........................................ 38
Kleppur 231-11 Mógrafarmýri ........................................ 39
Kleppur 231-17 Réttarhellur ........................................ 39
Kleppur 231-20 Hús ........................................ 39
Kleppur 231-21 Hús ........................................ 39
Kleppur 231-22 Kartöflugarður ........................................ 39
Kleppur 231-23 Kartöflugarður ........................................ 40
Kleppur 231-24 Torfhús ........................................ 40
Kleppur 231-25 Kartöflugarður ........................................ 40
Kleppur 231-26 Kleppur, hús ........................................ 40
Kleppur 231-28 Tóft ........................................ 41
Kleppur 231-29 Kartöflugarður ........................................ 41
Kleppur 231-30 Túngarður ........................................ 41
Kleppur 231-31 Rúst ........................................ 41
Kleppur 231-32 Rúst ........................................ 41
Kleppur 231-39 Rúst, Götuhús ........................................ 43
Kleppur 231-64 Aðhald ........................................ 43
Kleppur 231-66 Kleppsvegur ........................................ 44
Kleppur 231-74 Biskupabraut ........................................ 45
Kleppur 231-83 Útræði ........................................ 45
Kleppur 231-89 Flughöfn ........................................ 45
Kleppur 231-90 Rúst, Kleppsskaft ........................................ 45

4.3 Gufunes 265 ........................................ 46

4.3.1 Gufunes, saga ........................................ 46

4.3.2 Staðhættir, minjar og örnefni ........................................ 55

4.3.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Gufuness ........................................ 56
Gufunes 265-4 Grafreitur ........................................ 57
Gufunes 265-11 Kálgarður ........................................ 58
Gufunes 265-12 Fjárhús ........................................ 59
Gufunes 265-13 Fjárhús ........................................ 59
Gufunes 265-14 Fjárhús ........................................ 59
Gufunes 265-15 Gata ........................................ 59
Gufunes 265-16 Gamli Gufunesvegurinn ........................................ 60
Gufunes 265-18 Hjallur ........................................ 62
Gufunes 265-24 Mógrafir ........................................ 63
Gufunes 265-31 Heimræði ........................................ 64
Gufunes 265-39 Sjávargata ........................................ 64
Gufunes 265-40 Stekkur ........................................ 64
Gufunes 265-41 Stekkur ........................................ 65
Gufunes 265-43 Höfn, Gufunesvogur ........................................ 65
Gufunes 265-71 Túngarður ........................................ 66
Gufunes 265-72 Gata ........................................ 66
Gufunes 265-74 Landnámsminjar ........................................ 67
Gufunes – yngri minjar á rannsóknarsvæðinu ........................................ 69

Hluti II: Gufunes – Geldinganes ........................................ 70

4.4 Eiði – 267 ........................................ 70

4.4.1 Eiði, saga ..... 70

4.4.2 Staðhættir, minjar og örnefni ..... 75

4.4.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Eiðis ..... 76
Eiði 267-1 Bæjarhús Eiðis ..... 78
Eiði 267-2 Útihús ..... 80
Eiði 267-3 Útihús ..... 81
Eiði 267-4 Kálgarður ..... 81
Eiði 267-5 Rúst ..... 83
Eiði 267-6 Brunnur ..... 84
Eiði 267-7 Gata ..... 84
Eiði 267-8 Túngarður ..... 85
Eiði 267-9 Mógrafir á Geldinganesi ..... 87
Eiði 267-11 Útihús ..... 87
Eiði 267-19 Höfn, vetrarlægi ..... 88
Eiði 267-20 Fiskverkunarhús ..... 89
Eiði 267-21 Útihús ..... 90
Eiði 267-23 Hlaða ..... 91
Eiði 267-24 Uppsátur á Eiðsgranda ..... 91
Eiði 267-49 Tóft við Strandveg ..... 92
Eiði 267-50 Bæjarstæði Eiðis ..... 93
Eiði 267-51 Tóft ..... 95
Eiði 267-62 Bæjarhús ..... 95
Eiði 267-63 Naust ..... 97
Eiði 267-65 Fjárhús ..... 99
Eiði 267-135 Bryggja í Eiðsvík ..... 100
Eiði 267-138 Býli ..... 101
Eiði 267-140 Klapparvör ..... 104
Eiði – yngi minjar á rannsóknarsvæðinu ..... 104

Hluti III: Geldinganes – Álfsnes ..... 105

4.5 Sundakot 181188-272 ..... 105

4.5.1 Sundakot/Niðurkot, saga ..... 105

4.5.2 Staðhættir, minjar og örnefni ..... 106

4.5.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Sundakots ..... 108
Sundakot 272-1 Bæjarstæði ..... 109
Sundakot 272-2 Útihús ..... 111
Sundakot 272-3 Fjárhús ..... 113
Sundakot 272-4 Útihús ..... 114
Sundakot 272-5 Fiskbyrgi ..... 115
Sundakot 272-6 Grjótgarður ..... 116
Sundakot 272-7 Túngarður ..... 117
Sundakot 272-8 Verslunarstaður ..... 119
Sundakot 272-10 Skipalægi í Þerneyjarsundi ..... 120
Sundakot 272-11 Varða ..... 121
Sundakot 272-12 Öskuhaugur ..... 122
Sundakot 272-14 Gata ..... 123

Sundakot 272-15 Rústalegt svæði ........ 124
Sundakot 272-17 Kálgarður ........ 126
Sundakot 272-19 Mógrafir ........ 127
Sundakot 272-20 Torfhleðsla við Þerneyjarsund ........ 128
Sundakot 272-22 Heimræði ........ 130
Sundakot – yngri minjar á rannsóknarsvæðinu ........ 130

4.6 Glóra 274 ........ 131

4.6.1 Glóra, saga ........ 131

4.6.2 Staðhættir, minjar og örnefni ........ 132

4.6.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Glóru ........ 134
Glóra 274-1 Bæjarstæði ........ 135
Glóra 274-2 Útihús ........ 139
Glóra 274-3 Útihús ........ 140
Glóra 274-4 Fiskibyrgi ........ 141
Glóra 274-5 Fiskibyrgi ........ 141
Glóra 274-6 Fjárhús ........ 142
Glóra 274-7 Útihús ........ 144
Glóra 274-8 Hús ........ 145
Glóra 274-9 Hús ........ 146
Glóra 274-10 Útihús ........ 147
Glóra 274-11 Útihús ........ 148
Glóra 274-12 Túngarður ........ 150
Glóra 274-13 Slóði ........ 151
Glóra 274-14 Brunnur ........ 152
Glóra 274-16 Fjárhús ........ 153
Glóra 274-28 Fornugrafir ........ 154

4.7 Álfsnes 273 ........ 155

4.7.1 Álfsnes, saga ........ 155

4.7.2 Staðhættir, minjar og örnefni ........ 156

4.7.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Álfsness ........ 157
Álfsnes 273-19 Helgusker ........ 158
Álfsnes 273-20 Stekkjarrétt ........ 159
Álfsnes 273-26 Beitarhús ........ 160
Álfsnes 273-38 Útihús ........ 162
Álfsnes – yngri minjar á rannsóknarsvæðinu ........ 163

Hluti IV: Álfsnes – Kjalarnes. ........ 163

4.8. Móar 287 ........ 163

4.8.1 Móar, saga ........ 163

4.8.2 Staðhættir, minjar og örnefni ........ 165

4.8.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Móa ........ 166
Móar 287-23 Vegur ........ 166
Móar 287-24 Útihús og gerði ........ 167
Móar – yngri minjar á rannsóknarsvæðinu ........ 169

5. Niðurstöður, hættumat og mótvægisaðgerðir ..... 170
5.1 Fornleifar á framkvæmdasvæðinu ..... 172
5.1.1 Laugarnes ..... 172
5.1.2 Kleppur ..... 173
5.1.3 Gufunes ..... 175
5.1.4 Eiði ..... 176
5.1.5 Sundakot ..... 179
5.1.6 Glóra ..... 180
5.1.7 Álfsnes ..... 181
5.1.8 Móar ..... 183
Niðurlag og varnaðarorð ..... 184
6. Heimildaskrá ..... 185
Óprentaðar/óútgefnar heimildir ..... 185
Prentaðar/útgefnar heimildir ..... 185
Vefheimildir / rafræn gögn / kortasjár ..... 188
Viðauki 1 ..... 190
Fornleifaskrá: hættumat og mótvægisaðgerðir fyrir Laugarnes 230 ..... 190
Fornleifaskrá: hættumat og mótvægisaðgerðir fyrir Klepp 231 ..... 191
Fornleifaskrá: hættumat og mótvægisaðgerðir fyrir Gufunes 265 ..... 192
Fornleifaskrá: hættumat og mótvægisaðgerðir fyrir Eið 267 ..... 193
Fornleifaskrá: hættumat og mótvægisaðgerðir fyrir Sundakot 272 ..... 194
Fornleifaskrá: hættumat og mótvægisaðgerðir fyrir Glóru 274 ..... 194
Fornleifaskrá: hættumat og mótvægisaðgerðir fyrir Álfsnes 273 ..... 195
Fornleifaskrá: hættumat og mótvægisaðgerðir fyrir Móar 287 ..... 195
Minjakort Sundabraut ..... 196

## Formáli

Hér fer á eftir skráning fornleifa og yngri minja á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Sundabrautar. Skýrslan er unnin vegna *umhverfismats framkvæmda og áætlana* en aðferðir við fornleifaskráninguna uppfylla auk þess kröfur um skráningu vegna breytinga á aðal- og deiliskipulagi. Fornleifaskráningin er unnin að beiðni Eflu.[1]

Ákvæði um skráningu menningarminja er að finna í *lögum um menningarminjar nr. 80/2012* sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Fornleifaskráning felur í sér skráningu fornleifa eftir heimildum og yfirborðskönnun en minjar geta einnig leynst undir yfirborði. Þegar fornleifa-skráning er unnin fyrir hefðbundið deiliskipulag eða mat á umhverfisáhrifum eru gerðar auknar kröfur um uppmælingu minja og ítarlegri leit að fornleifum á framkvæmdasvæðinu.[2] Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar, hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri, friðaðar og hafa 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins og friðlýstar minjar hafa 100 m.[3]

Í lögum um *umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021* kemur fram að viðmiðanir við mat á framkvæmdum þarf að taka tillit til minja á svæðum innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar og á svæðum sem hafa sögulegt, menningarlegt eða fornleifafræðilegt gildi.[4] Hér er miðað við 50 m samkvæmt samþykki Minjastofnunar Íslands.[5]

Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið ***3079***. Vettvangsrannsókn fór fram í júní 2021, nóvember og desember 2023 og apríl 2024.

Borgarsögusafn Reykjavíkur hefur um árabil gert fornleifaskráningar sem er *„[f]orsenda þess að geta verndað fornleifar og koma í veg fyrir að framkvæmdaaðilar brjóti óafvitandi lög með því að skemma fornleifar“*.[6]

Júní 2025,
María Karen Sigurðardóttir,
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna

[1] Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. *Sundabraut. Stofnbraut, nýr þjóðvegur að Reykjavík. Verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats*. Lögð fram sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og sbr. III. kafla laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. September 2023.

[2] Lög um menningarminjar nr. 80/2012; *Minjastofnun Íslands*. Skráningarstaðlar fornleifa, 2013, bls. 2. *Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda*, nr. 620.

[3] Lög um menningarminjar nr. 80/2012. 1. kafli, 3. gr. og 6. kafli, 22. gr.

[4] Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. 2. viðauki, iii verndarsvæði, (c) svæða innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar og (h) svæða sem hafa sögulegt, menningarlegt eða fornleifafræðilegt gildi.

[5] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Skjalasafn: Vegna mats á umhverfisáhrifum Sundabrautar, tölvupóstur 19. júní 2023 frá Minjastofnun Íslands.

[6] Vefur *Minjastofnunar Íslands*. Skráning fornleifa.

# 1. Inngangur

Borgarsögusafn Reykjavíkur heldur utan um skráningu fornleifa í Reykjavík. Í þessari skýrslu er greint frá fornleifum, mannvirkjum og yngri minjum á svæði sem er skilgreint sem rannsóknarsvæði Sundabrautar, sem nær 50 m út frá áætluðu framkvæmdasvæði aðal- og tengivega.[7] Framkvæmdinni er skipt upp í fjóra hluta eins og sjá má á mynd 1: Hluti I: Sæbraut – Gufunes. Hluti II: Gufunes – Geldinganes. Hluti III: Geldinganes – Álfsnes. Hluti IV: Álfsnes – Kjalarnes.




*Mynd 1. Fjórir hlutar Sundabrautar. Tvær útfærslur eru á hluta 1, annars vegar sem brú yfir Kleppsvík (til vinstri) og hins vegar sem göng undir Kleppsvík (til hægri).[8]*

Fornleifaskráningin er endurskoðun á skráningu frá árinu 2008 sem birtist í skýrslunni *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga. Fornleifar á framkvæmdarsvæðinu og skráningu Fornleifafræðistofunnar, Fornleifakönnun vegna 1. áfanga Sundabrautar, síðan 2007*. Skráning er endurskoðuð vegna þess að hún uppfylltir ekki kröfur sem eru í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tóku gildi 2013 en þar voru gerðar auknar kröfur um uppmælingu á minjum frá því sem áður var. Auk þess nær núverandi skráning yfir aðeins annað og stærra svæði.

[7] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Skjalasafn: Vegna mats á umhverfisáhrifum Sundabrautar, tölvupóstur 19. júní 2023 frá Minjastofnun Íslands.

[8] Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. *Sundabraut. Stofnbraut, nýr þjóðvegur að Reykjavík. Verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats*, bls. 8.

Á fyrirhuguðu vegstæði Sundabrautar hafa fornleifar og yngri minjar verið skráðar áður af ýmsum ástæðum og eru skráningar fyrirliggjandi í eftirtöldum skýrslum:

- *2023. Fornleifaskráning fyrir Skotsvæði á norðanverðu Álfsnesi*. Skýrsla Borgarsögusafns nr. 228.
- *2022. Gufunes. Framkvæmdarannsókn*. Skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses. nr. FS898-21351.
- *2021. Gufunes – Samgöngutengingar. Fornleifaskrá*. Skýrsla Borgarsögusafns nr. 223.
- *2020. Kortlagning minja á Þerney og við Þerneyjarsund með flygildi*. Gunnar Grímsson. Háskóli Íslands. Rannsóknarstofa í fornleifafræði.
- *2018. Köllunarklettur Þ47, Héðinsgata – Köllunarklettur – Sundagarðar – Sæbraut*. Fornleifaskrá og húsakönnun.
- *2018. Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfsnesvík Þerneyjarsundi*. Skýrsla Borgarsögusafns nr. 191.
- *2018. Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar landfyllingar og dýpkunar í Álfsnesvík í Kollafirði*. Ragnar Edvardsson.
- *2018. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vesturlandsvegar frá Leirvogsá að Hvalfirði*. Skýrsla Borgarsögusafns nr. 189.
- *2018. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags 1. áfanga við Gufunes*. Skýrsla Borgarsögusafns nr. 188.
- *2012. Byggðakönnun Borgarhluti 4 – Laugardalur*. Skýrsla Borgarsögusafns nr. 162.
- 2008. *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga. Fornleifar á framkvæmdasvæðinu*. Skýrsla Minjasafns Reykjavíkur nr. 139.
- 2008**.** *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Álfsnesi í Reykjavík*: Skýrsla Fornleifafræðistofunnar. Sindri Ellertsson Csillag.
- 2007. *Fornleifakönnun vegna 1. áfanga Sundabrautar, leið III Gufunes. Fornleifafræðistofan, 2007.*
- 2007. *Fornleifakönnun vegna 1. áfanga Sundabrautar. Gangnamunnar við Laugarnes og Sundagarð. Fornleifafræðistofan, 2007.*
- 2004. *Fornleifaskráning jarðarinnar Gufuness og hjáleigu hennar, Knútskots*. Skýrsla Minjasafns Reykjavíkur nr. 115.
- 1995. *Fornleifaskrá Reykjavíkur*. Skýrsla Árbæjarsafns nr. 46.

Landsvæðið sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýla og svæðið sem hér er til umfjöllunar vegna Sundabrautar. Það landsvæði sem skilgreint er sem framkvæmdasvæði Sundabrautar tilheyrði áður átta bújörðum: Laugarnesi (230), Kleppi (231), Gufunesi (265), Eiði (267) við Geldinganes, Sundakoti (272), Glóru (274), Álfsnesi (273) og Móum (287), sem minjar eru skráðar undir, sjá mynd 2.

# 2. Almennt um verndun menningarminja

Samkvæmt *lögum um menningarminjar nr. 80/2012* fer ráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. þeirra skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.[9]

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.
Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

> Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. [...] Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

> Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

> Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. gr.:

> Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

> Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:
> **a.** búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> **b.** vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
> **c.** tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar

[9] Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

til sjávar og sveita,
**d.** vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
**e.** virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
**f.** þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
**g.** áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
**h.** haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
**i.** skipsflök eða hlutar þeirra.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningarminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum því að þeir sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. gr.:

> Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

# 3. Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja

Borgarsögusafn Reykjavíkur (áður Minjasafn Reykjavíkur) heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár.

**Fornleifaskrá Reykjavíkur** var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2025) eru um 4400 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa. Allar fornleifar eru skráðar í Sarp – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist um 1835–1845. Minjarnar fá þrískipt númer: Í fyrsta lagi landnúmer sem fasteignaskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer úr Jarðatali Jóns Johnsens frá 1847 og í þriðja lagi hlaupandi tölu innan jarðarnúmersins. Rannsóknarsvæðið, fyrirhugað vegstæði Sundabrautar, liggur um land nokkurra jarða sem minjar eru skráðar undir: Laugarnes (230), Klepp (231), Gufunes (265), Eiði (267) við Geldinganes, Sundakot (272), Glóru (274), Álfsnes (273), Móa (287) og Esjuberg (284).

Við skráningu fornleifa og annarra menningarminja er byrjað á að fara yfir ritheimildir og fyrri rannsóknir sem varða svæðið ásamt því að rýnt er í kort og loftmyndir sem vísað er til eftir því sem við á. Þessi skráning byggir að hluta til á eldri sögulegum úttektum ásamt vettvangsrannsókn sem felst í því að gengið er um viðkomandi svæði og minjar leitaðar uppi. Þar sem minjar eru sjáanlegar er staðháttum lýst, minjar mældar upp og ljósmyndaðar. Ef minjar sjást ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild** *en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu og geti komið í ljós við jarðrask*. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið

tilefni til skráningar fornleifa. Þá er reynt að áætla út frá útliti og staðsetningu hvaða hlutverk minjar hafa haft og mat lagt á ástand þeirra.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á hnitsettan grunn sem sóttur er í Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og þar eru minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN93 sem punktar og þekja.[10] Ef minjarnar eru sjáanlegar á yfirborði eru þær mældar inn á vettvangi.

Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri sem er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar. Elstu minjarnar eru fornleifar 100 ára eða eldri í *rauðum flokki*. Þær eru friðaðar og hafa 15 m friðhelgað svæði. Þeim má enginn breyta, hylja eða raska. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit. Í *gulum flokki* eru minjar sem teljast ekki til friðaðra fornleifa en verða friðaðar fornleifar á næstu tíu árum. Í *grænum flokki* eru yngri minjar frá því eftir 1937. Herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar *bláum lit*. Þær eru frá árunum 1940–1945 en sérstaklega er nú gætt að þeim minjum þar sem þær fara að verða fágætar á Reykjavíkursvæðinu.

*Tafla 1. Aldursflokkun minja.*

| *Flokkur* | *Tegundir minja* | *Litur flokks* |
|---|---|---|
| 1 | Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri | ● Rauður |
| 2 | Minjar frá 1926–1936 | ● Gulur |
| 3 | Minjar frá 1937 og yngri | ● Grænn |
| 4 | Herminjar frá 1940 og yngri | ● Blár |

Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **3079**. Margrét Björk Magnúsdóttir sá um vettvangsskráningu sem fór fram í júní 2021, nóvember og desember 2023 og apríl 2024. Minjar voru mældar upp með Trimble TDC150 staðsetningartæki. Kort og teikningar voru unnar á grunna Landupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap.

Hættumat ásamt tillögum að mótvægisaðgerðum er lagt fram fyrir allar minjarnar í viðauka 1.

[10] *Landupplýsingakerfi Reykjavíkur* (LUKR).

# 4. Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minja

Hér fer á eftir skráning fornleifa, mannvirkja og yngri minja á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði vegna lagningar Sundabrautar og jarðganga á svæðinu, sjá mynd 2. Það landsvæði sem skilgreint er sem rannsóknarsvæði Sundabrautar tilheyrði áður átta bújörðum sem minjar eru skráðar undir: Laugarnesi (230), Kleppi (231), Gufunesi (265), Eiði (267) við Geldinganes, Sundakoti (272), Glóru (274), Álfsnesi (273) og Móum (287).




*Mynd 2. Rannsóknarsvæði vegna Sundabrautar. Landsvæðið sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýla.*

*Tafla 2. Aldursflokkun og fjöldi minja á rannsóknarsvæði fornleifa vegna Sundabrautar*

| Flokkur | Tegundir minja | Litur flokks | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| 1 | Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri | ● Rauður | 111 |
| 2 | Minjar frá 1926–1936 | ● Gulur | 13 |
| 3 | Minjar frá 1937 og yngri | ● Grænn | 19 |
| 4 | Herminjar frá 1940 og yngri | ● Blár | 16 |
| | Samtals | | 159 |

Allar minjar eru staðsettar á kortum sem punktur, sjá fornleifakort í viðauka 1.

# Hluti I: Sæbraut – Gufunes

## 4.1 Laugarnes 230

### 4.1.1 Laugarnes, saga

Jörðin Laugarnes var eitt þriggja stórbýla á Seltjarnarnesi. Hin voru Vík (Reykjavík) og Nes við Seltjörn en öllum þessum jörðum fylgdu einnig smábýli eða hjáleigur sem sum hver urðu síðan sjálfstæðar jarðir með tímanum. Laugarnesjörðin var landmikil jörð sem náði þvert yfir „Seltjarnarnesið“.

Laugarness er fyrst getið í Njáls sögu. Þar segir: „Bræður þrír eru nefndir til sögunnar; hét einn Þórarinn, annar Ragi, þriði Glúmr. Þeir váru synir Óleifs hjalta ok váru virðingamenn miklir ok vel auðigir at fé. Þórarinn átti þat kenningarnafn, at hann var kallaðr Ragabróðir. Hann hafði lögsögu eptir Hrafn Hængsson; hann var stórvitr maðr. Hann bjó at Varmalæk, ok áttu þeir Glúmr bú saman. [...] Þeir bræðr áttu suðr Engey ok Laugarnes [...]“.[11] Eftir að Glúmur hafði gengið að eiga Hallgerði langbrók gaf Þórarinn Ragabróðir upp búið á Varmalæk fyrir þeim Glúmi og Hallgerði. Á Þórarinn að hafa mælt: „[...] en ek mun fara suðr í Laugarnes ok búa þar. En Engey skulu vit eiga báðir saman.“[12] Eftir víg Glúms fluttist Hallgerður langbrók í Laugarnes. Í sögunni segir: „Þau Hallgerður skiptu um bústaði um várit, ok fór hon suðr á Laugarnes, en hann til Varmalækjar. Ok er Þórarinn ór sögunni.“[13] Leiddar hafa verið líkur að því að Hallgerður sé grafin í Laugarneskirkjugarði.

Kirkja var komin í Laugarnesi um 1200 samkvæmt kirknatali Páls biskups sem gefur til kynna að þá hafi jörðin verið góð til búskapar.[14] Um 1234, eða á ofanverðum dögum Þorvalds Gissurarsonar, áttu Laugnesingar laxveiði í Elliðaám að helmingi við Viðeyjarklaustur.[15]

Á 16. öld markast saga Laugarness aðallega af deilum á milli fyrirmanna á Íslandi um eignarhald jarðarinnar. Þar voru í fararbroddi annars vegar Ögmundur Skálholtsbiskup og skyldmenni hans og hins vegar Páll lögmaður Vigfússon og fjölskylda hans.[16]

Elín Hákonardóttir, sonardóttir Gísla lögmanns, var talin eigandi jarðarinnar Laugarness þegar Jarðabókin var tekin saman haustið 1703 en þá bjó hún á Látrum í Mjóafirði vestra. Jarðardýrleikinn var þá 20 hundruð eða sá sami og árið 1538.[17] Landskuld var 100 álnir og hafði svo verið í yfir 30 ár. Skyldi hún greiðast með tíu og hálfri vætt fiska í Hólmskaupstað eða peningum upp á fiskatal heima á jörðinni eða til Alþingis. Kirkjukúgildi voru þrjú, helmingur leigunnar átti að greiðast til prests en hinn helminginn eignaðist ábúandinn gegn ábyrgð kúgildanna. Leigukúgildin sjálf voru tvö og hálft og voru greidd með sama hætti og sagði um kirkjukúgildin. Kvikfénaður var um þessar mundir fjórar kýr, tvær kvígur mjólkandi, einn kálfur, 16 ær, 15 sauðir veturgamlir, fjögur lömb, tveir hestar og tvö hross. Hægt var að fóðra sex kýr. Torfrista og mótak var nægilegt í heimalandinu. Rekavon var talin lítil en hafði þó einhver verið fyrr á öldum. Vatnsagi var talinn spilla túninu og engjum sömuleiðis og vatnsból var erfitt. Getið

---

[11] *Íslenskt fornbréfasafn*, XII. bindi, bls. 40–41.
[12] *Íslenskt fornbréfasafn*, XII. bindi, bls. 45.
[13] *Íslenskt fornbréfasafn*, XII. bindi, bls. 52.
[14] *Íslenskt fornbréfasafn*, XII. bindi, bls. 9.
[15] *Íslenskt fornbréfasafn*, I. bindi, bls. 507.
[16] *Íslenskt fornbréfasafn*, XI. bindi, bls. 570–571; XII. bindi, bls. 504–506 og 703; X. bindi, bls. 378 og 547–548.
[17] *Íslenskt fornbréfasafn*, X. bindi, bls. 378.

er um afbýli manns heima við bæinn. Hjáleiga þessi var kölluð *Á hlaðinu* og virðist hafa verið í byggð frá lokum 17. aldar. Auk þess voru þrjár aðrar hjáleigur: *Norðurkot* sem áður nefndist *Sjávarhólar*, *Suðurkot* og *Barnhóll*. Hver þessara fjögurra hjáleigna galt í landskuld 40 álnir, auk þess fylgdi eitt kúgildi hverri hjáleigu nema afbýlinu en ábúandi þar galt hálfa kúgildisleigu í smjöri. Hjáleigubændur guldu leiguna á ýmsan hátt.[18]

Kirkjan í Laugarnesi var lögð niður þegar dómkirkjan var vígð árið 1794.[19] Jarðirnar Engey og Laugarnes höfðu lengi fylgst að með eigendum sínum eða í um átta aldir. Við lát Elínar Hákonardóttur virðist sem eignir hennar hafi gengið til fjarskyldra ættingja og árið 1787 er Hannes biskup Finnsson orðinn eigandi Laugarness en Engey virðist þá vera komin í eigu annarra. Langafi Hannesar var Jón biskup Vigfússon en hann og Elín voru bræðrabörn og hefur hann því líklega erft Elínu. Ekkja Hannesar biskups átti síðar Steingrím biskup Jónsson sem eignaðist þá Laugarnes.



*Mynd 3. Laugarnesstofa. Mynd úr Íslandsleiðangri Gaimards árið 1836 eftir Auguste Mayer.*[20]

Árið 1824 fékk Steingrímur biskup Jónsson stuðning konungs til að reisa embættisbústað í Laugarnesi og lét hann byggja steinhús sem var nefnt Laugarnesstofa. Það var eitt fárra steinhúsa sem þá höfðu verið reist á Íslandi. Húsið var alla tíð lekt og lélegt og svo fór að arftaka Steingríms, Helga Thordersen biskupi, fannst húsakynni í Laugarnesi óviðunandi sem og vegurinn til Reykjavíkur ógreiðfær. Hann flutti því í nýtt hús embættisins að Lækjargötu 4 árið 1856. Laugarnesstofa var þá yfirgefin. Síðast voru vistaðir í Stofunni franskir bólusjúklingar árið 1871. Nokkrir þeirra létust úr bólunni og voru þeir jarðaðir í gamla Laugarneskirkjugarðinn síðastir manna, nyrst og efst í garðinum.[21]

Bæjarstjórn Reykjavíkur hafði töluverðan hug á því að eignast Laugarnes, ekki síst vegna mikilla úthaga, og gengu þau kaup eftir árið 1885. Eftir deilur við hreppsnefnd Seltjarnarnes-

---

[18] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi, bls. 272–273; *Manntal á Íslandi. Árið 1703*, bls. 26; Guðlaugur R. Guðmundsson, „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár,“ bls. 303.
[19] Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur*, I. bindi, bls. 150.
[20] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, II. bindi, bls. 124.
[21] Þór Magnússon, „Laugarnesið“, *Morgunblaðið*, 28. júní 1985.

hrepps fékkst það framgengt árið 1894 að Laugarnes ásamt Kleppi var lagt undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.[22]

Eftir að biskupsembættið var flutt frá Laugarnesi 1856 var Laugarnesjörðin seld félaginu „Sameigendur Laugarness“. Það réði til sín ábúanda sem sá um að reka jörðina, leigja hagagöngu og selja hey til skepnueigenda í Reykjavík auk þess að selja mó úr Laugarmýri og Kirkjumýri. Jörðin varð síðan eign Reykjavíkurbæjar árið 1885. Rekstur jarðarinnar var með svipuðu móti og áður en þá bjuggu á jörðinni Jón Þórðarson og kona hans, Þorbjörg Gunnlaugsdóttir. Hann stundaði miklar jarðarbætur, sléttaði tún og hlóð upp mikla túngarða. Auk þess byggði hann nýtt íbúðarhús.[23]

Á árunum 1915–1943 bjuggu á Laugarnesjörðinni hjónin Þorgrímur Jónsson og Ingibjörg Kristjánsdóttir sem fluttu að Laugarnesi með stóran barnahóp. Þau sáu um rekstur á jörðinni og leigu á hagabeit fyrir bæjarbúa.[24] Á árunum 1948–1982 bjuggu að Laugarnesi hjónin Sigurður Ólafsson og Inga Valfríður Einarsdóttir (Snúlla) með börnin sín sex. Laugarnesbærinn var þá einn af sveitabæjunum í borginni. Sigurður var þekktur söngvari og hestamaður. Á þessum árum bar marga gesti að garði þeirra hjóna enda var bóndinn í Laugarnesi einkar bóngóður þegar hestamenn og aðrir leituðu til hans með ýmiss konar viðvik. Það var því oft mannmargt og glatt á hjalla í reisulega bænum á Laugarnestanga.[25]

Árið 1898 reisti danska Oddfellowstúkan holdsveikraspítala í Laugarnesi og var þá lagður nýr vegur sem lá frá Laugavegi að spítalanum. Hann var í fyrstu nefndur Spítalavegur en síðar Laugarnesvegur. Spítalinn var starfræktur þar fram til 1940 er hann var fluttur í Kópavog. Sama ár lagði breski herinn undir sig bygginguna og nýtti hana til ársins 1943 er húsið brann til kaldra kola.[26]

Vestast á Laugarnestanga var braggahverfi sem nefnt var Laugarneskampur. Þar hafði setuliðið aðstöðu og síðar breyttist hverfið í íbúðabyggð. Þessi byggð setti tímabundið mikinn svip á Laugarnesið en nú er hún horfin með öllu.

Snemma á 20. öld hafði jörðinni verið skipt í fjölda ræktunarlanda/erfðafestubýla og var á mörgum þeirra stundaður nokkur búskapur en þó lengst í Laugardal. Kleppsspítali var reistur árið 1907 og var þá gerður nýr vegur frá Laugarnesvegi að honum og nefndist hann *Kleppsvegur*. Með Kleppsvegi að sunnan voru síðan erfðafestubýlin nefnd Laugarmýrablettir en Laugarnesblettir, Köllunarklettsblettir og Vatnagarðablettir að norðan.[27]

## 4.1.2 Staðhættir, minjar og örnefni

Fyrirhugaðar framkvæmdir við Sundabraut ná frá gatnamótum Héðinsgötu og Sæbrautar og eftir Sæbraut í austur að Vatnagörðum. Svæði það sem er til umfjöllunar tilheyrði áður bújörðinni Laugarnesi. Fjórar hjáleigur tilheyrðu Laugarnesi: *Norðurkot*, *Suðurkot*, *Barnhóll* og *Á hlaðinu* sem var austan við bæjarhólinn. Bæjarhóll Laugarness er vestan við Héðinsgötu, þar eru búsetuminjar líklega frá landnámstíð til okkar daga auk kirkjugarðs. Þessar fornleifar eru friðlýstar og hafa því 100 m friðhelgað svæði.[28] *Áætluð framkvæmd nær því inn fyrir friðhelgunarsvæði minjanna á bæjarhóli Laugarness (230-84) auk kirkjugarðs (230-7)*. Aðrar

---

[22] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund,* II. bindi, bls. 124.

[23] Þorgrímur Gestsson, *Mannlíf við Sund*, bls. 71.

[24] Þorgrímur Gestsson, *Mannlíf við Sund*, bls. 205.

[25] Ragnheiður Davíðsdóttir, „Sigurður Ólafsson söngvari – Minning“ *Morgunblaðið*, 21. júlí 1993.

[26] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, II. bindi, bls. 126–127.

[27] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, II. bindi, bls. 126–127, 323 og 357; Kort sem sýnir erfðafestubletti í Reykjavík 1955, Þorleifur Kristinson.

[28] Lög um menningarminjar nr. 80/2012; *Minjastofnun Íslands*. Skrá um friðlýstar fornleifar.

fornleifar eru meint Hallgerðarleiði (230-89) sem reyndist ekki leiði heldur smiðjuhóll sem innihélt smíðagjall, líklega fjarlægður vegna gatnagerðar. Árið 2025 var kirkjugarðsveggurinn og nágrenni hans rannsakað vegna endurnýjunar Sæbrautar og komu þá í ljós óþekktar minjar í austur frá kirkjugarðsveggnum (230-224).[29] Rétt austan við gatnamótin lá gamli túngarður Laugarness (230-2) í norður-suður og er hann þveraður í þessari framkvæmd. Auk þess lágu tvær gamlar leiðir frá Laugarnesi þar um, önnur leiðin lá að Þvottalaugunum (230-208), gerð eftir 1886, en hin var gamli Kleppsvegurinn (230-66) sem lá á milli spítalans í Laugarnesi og spítalans á Kleppi. Hann var lagður fyrst um 1907 eða þegar spítalinn á Kleppi var reistur. Vegurinn lá í gegnum graslendi, mýrar, malarbakka og holt, sjá mynd 4. Sæbraut liggur nú í þessu gamla vegstæði frá Dalbraut að Sægörðum. Sunnan við Kleppsveg er *Laugarás* hæstur, niður undan ásnum í vestur eru *Þvottalaugarnar*, þar norður af var *Laugarmýri* þar sem *Laugarmýrarblettir* byggðust upp á fyrri hluta 20. aldar.[30] Austan við Laugarás er *Langholt* og austan undir því var *Kleppsmýri* og gamla bæjarstæði Klepps við ströndina. Sá bær var aflagður þegar spítalinn var byggður 1907 norðar og fluttist þá búskapurinn þangað.




*Mynd 4. Korti frá 1908 varpað á núverandi skipulag, rannsóknarsvæði Sundabrautar afmarkað með bleikri og svartri línu. Gamli Kleppsvegurinn (230-66) liggur á milli Laugarnesspítala og Kleppsspítala, tvöföld svört lína.*[31]

Norðan við Kleppsveg var Köllunarklettsblettur og *Köllunarklettur*, en þaðan var hægt að kalla eftir bát yfir til Viðeyjar fyrr á tímum. Austar í klettunum voru *Gunnarshólar og Arnarhreiður*, þar

---

[29] Hildur Gestsdóttir, *Fornleifarannsóknir í Laugarnesi*, bls. 12.

[30] „Suðvesturland – Náttúruvætti: Laugarás, Reykjavík,“ Umhverfisstofnun. Sótt 25. febrúar 2025 https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudvesturland/.

[31] *Landmælingar Íslands*. Kortasafn*:* „27 Reykjavík N.A,“ mælt 1908, útgefið 1909, 1:50.000, með viðbótum (ALG, 2024).

voru síðar grjót- og malarnámur og Balbo Camp. Þar var *Líkavarða* (230-12) sem var landamerki á milli Laugarness og Klepps.[32]

Árið 1968 var Sundahöfn tekin í notkun. Ef frá er talin ströndin við Laugarnes, sem er friðuð, hafa landfyllingar gjörbreytt strandlengjunni inn með Sundum.[33] Sundahöfn er stærsta höfn landsins og þar hafa tvö stærstu skipafélög landsins aðsetur, Eimskip og Samskip. Miklar landfyllingar eru undan norðurströnd Laugarnes og hefur strandlínan verið færð mest fram um 500 m inn í *Viðeyjarsund* vestan við Sundahöfn. Svæði er að mestu byggt íbúðarhúsnæði fyrir sunnan Sæbraut, en að norðan eru iðnaðarbyggingar og hafnarsvæði.

Fornleifarannsókn fór fram á kirkjugarði í Laugarness árið 2005 vegna gatnaframkvæmda og breytingu á legu Sæbrautar. Grafnir voru 5 skurðir sitthvoru megin við Sæbrautina, í ljós kom að í skurði 5 voru að finna mannvistarlög sem innihéldu móösku og viðakol.




*Mynd 5. Staðsetning rannsóknarskurða í rannsókn á kirkjugarði Laugarness, fornleifar komu fram í skurði númer 5.* [34]

[32] Guðlaugur R. Guðmundsson, „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár," bls. 300.

[33] Suðvesturland – Aðrar náttúruminjar, 123. Vesturhorn Laugarness, Reykjavík. https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudvesturland/

[34] Hildur Gestsdóttir, *Fornleifakönnun í Laugarnesi*, bls. 12.

## 4.1.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Laugarnes

Skráðar minjar á rannsóknarsvæði fornleifa vegna Sundabrautar í landi Laugarness eru 25, tíu fornleifar og 15 yngri minjar.




*Mynd 6. Kortið sýnir dreifingu fornleifa og yngri minja á rannsóknarsvæði menningarminja vegna Sundabrautar í landi Laugarness.*[35]

[35] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR).




*Mynd 7. Kortið sýnir dreifingu fornleifa og yngri minja á rannsóknarsvæði menningarminja vegna Sundabrautar í landi Laugarness.*[36]

## Laugarnes 230-2 Túngarður

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 260-2 | Laugarnes | Túngarður | Heimild | 1885–1930 | 359854 | 408626 | | | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Túngarður Laugarness er teiknaður á bæjarteikningu frá árinu 1900 og á kort frá um 1930 (sjá mynd 6).[37] Túngarðurinn lá upp frá norðurströndinni við Viðeyjarsund, um 400 m norðaustur af bænum. Þaðan lá hann um 330 m í suðvestur, um 60 m austan við Barnhól, og sveigði þá í vestur á 90 m kafla og þveraði Kleppsveg/Sæbraut. Þá beygði hann og lá 185 m til suðvesturs en þar beygði hann og lá í norðvestur 160 m að gatnamótum Laugarnesspítala og Laugarness. Þaðan í vestur um 30 m að sjó, norðan við Kirkjusand innri, um 265 m suðvestan við Laugarnes.
**Lýsing:** Horfinn að hluta. Gæti leynst í jörðu við Sæbraut.

---

[36] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR).
[37] *Landmælingar Íslands*. Söguleg gögn: Kort og bæjarteikningar landmælingadeildar danska herforingjaráðsins. Bæjarteikning, Kirkjuból, Laugarnes, Laugarnesspítali; *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kortasafn: Uppdráttur af Laugarnesi – Sundlaugarvegi – Kirkjusandi um 1930.

## Laugarnes 230-6 Kirkja

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **230-6** | Laugarneskirkja | Kirkja | Tóft | 1234–1794 | 359757 | 408657 | 11 | 8 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Sunnan á bæjarhólnum í Laugarnesi, innan kirkjugarðsins (260-7). Elstu heimildir um kirkjuna eru síðan um 1234 eða á ofanverðum dögum Þorvalds Gissurarsonar.[38] Kirkjan í Laugarnesi var lögð niður þegar dómkirkjan var vígð árið 1794.[39] *Kirkjan er friðlýst og henni fylgir 100 m friðhelgað svæði, sjá mynd 6.*[40]
**Lýsing:** Í miðjum kirkjugarðinum er upphækkun sem talið er að séu leifar kirkjunnar.[41] Þegar hóllinn var mældur með jarðsjá 1993 kom stærð hennar í ljós, 11 *x* 8 m og snýr í austur-vestur.[42]

## Laugarnes 230-7 Kirkjugarður

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **230-7** | Kirkjugarðurinn í Laugarnesi | Kirkjugarður | Kirkjugarður | 1000–1871 | 359747 | 408653 | 25 | 21 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Á sunnanverðu bæjarstæði Laugarness er kirkjugarður. *Garðurinn er friðlýstur og honum fylgir 100 m friðhelgað svæði, sjá mynd 6.*[43]
**Lýsing:** Garðlög sem afmarka kirkjugarðinn eru greinileg að vestan, sunnan og austan. Á loftmynd 1954 má sjá heysátu í garðinum og garðlög að vestan og austan en ekki að norðan og sunnan en norðaustan við er hins vegar greinilegt garðlag (230-223) sem hefur sennilega afmarkað kálgarð sem sjá má á loftmyndinni.[44] Samkvæmt loftmyndinni hefur líka verið kálgarður austan við Kirkjugarðinn. Í sunnanverðum kirkjugarðinum má greina lága ílanga hæð sem liggur austur-vestur og lægð norðan við sem talið er að sé kirkjan. Austan við kirkjugarðinn er slóði sem liggur upp á bæjarhólinn, hann sést á loftmynd frá 1954. Fornleifarannsókn var gerð árið 2005 (230-223) vegna gatnagerðar og þá var könnunarskurður nr. 1 gerður í suðurhlið kirkjugarðsins og sýndi fram á að garðlagið hafði verið gert á 20. öld.[45]

---

[38] *Íslenskt fornbréfasafn*, I. bindi, bls. 507.
[39] Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur*, I. bindi, bls. 150.
[40] *Minjastofnun Íslands*. Skrá um friðlýstar fornleifar, bls. 1.
[41] Bjarni F. Einarsson, *Laugarnes. Greinargerð um fornleifar á Laugarnesi í Reykjavík*, bls. 8.
[42] Þorgeir Helgason og Sigurjón Páll Ísaksson, *Jarðsjármælingar í Laugarnesi*, bls. 3.
[43] *Minjastofnun Íslands*. Skrá um friðlýstar fornleifar, bls. 1.
[44] *Landmælingar Íslands*. Loftmyndasafn: Svæði nr. 27. 1954-07-28. Skerjafjörður – Leirvogur. Mynd nr. L12-0309.
[45] Hildur Gestsdóttir, *Fornleifakönnun í Laugarnesi*, bls. 6.



*Mynd 8. Horft til suðvesturs yfir kirkjuna og kirkjugarðinn (230-6) í Laugarnesi.*

## Laugarnes 230-60 Steinhólar

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-60** | Steinhólar | Íbúðarhús | Heimild | 1933–2003 | 359986 | 408585 | 8,2 | 7,4 | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Árið 1933 reisti Hjálmar Jónsson Diego íbúðarhúsið Steinhóla við Kleppsveg, beint á móti Kleppsvegi 26, sunnarlega á erfðafestulandinu Laugarnesbletti III. Húsið var byggt eftir teikningum Hafliða Jóhannssonar húsasmiðs. Árið 1961 afsalaði Hjálmar 1,44 ha af erfðafestulandi sínu til bæjarsjóðs Reykjavíkur. Íbúðarhúsið Steinhólar stóð þá á 0,08 ha landspildu sem eftir var af erfðafestulandinu Laugarnesbletti III. Lóðin er nú Héðinsgata 2. Þann 10. september 2003, 70 árum eftir að húsið var byggt, var niðurrif þess samþykkt.[46] Húsið var flutt fyrir áramótin 2003–2004 frá Kleppsvegi að Hvassahrauni 25.[47]
**Lýsing:** Húsið var flutt en grunnur þess gæti leynst undir sverði.

## Laugarnes 230-61 Laugarnesblettur III

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-61** | Laugarnes-blettur III | Hesthús, fjós, hlaða | Heimild | 1933–1957 | 359964 | 408652 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Á Laugarnesbletti III voru líka útihús, fjós, hesthús, hlaða og hænsnakofi sem Hjálmar átti að rífa 1957 þar sem Laugarnesblettur III var þá tekinn úr erfðafestu og fór hann þá

[46] *Skjalasafn Reykjavíkur*. Aðaluppdrættir: Laugarnesblettur 3 – Steinhólar. BN 251/32. 201_1103.tif.
[47] *Morgunblaðið*, „Uni Guðmundur Hjálmarsson – minning," 9. janúar 2004, bls. 42; Byggðasafn Hafnarfjarðar: Munnleg heimild um og ljósmynd af húsinu Steinhólum á núverandi stað, Hvassahrauni 25. Heimildarmaður: Rósa Karen Borgþórsdóttir sagnfræðingur.

fram á að fá lóð undir bifreiðaskúra og geymsluhús norðan við hús sitt.[48] Útihúsin sjást á loftmynd frá 1954 norðan við Steinhóla, annars vegar fast við íbúðarhúsið og hins vegar um 40 m norðvestur af því.[49] Ekki er vitað hvaða hlutverk hvert og eitt hús hafði. Húsin eru því öll skráð undir eitt númer.
**Lýsing:** Horfið.

## Laugarnes 230-66 Kleppsvegur

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-66** | Kleppsvegur | Vegur | Heimild | 1900 | 359929 | 408604 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Á milli Laugarness og Klepps var kominn vagnfær vegur um 1900. Hluti af honum er teiknaður á bæjarteikningu um 1900 og á herforingjaráðskort frá 1909. Þegar kortið frá 1909 er strekkt á nýlega loftmynd sést að vegurinn lá að mestum hluta til á sama stað og Kleppsvegur/Sæbraut liggur nú en sveigði til austurs við núverandi Vatnagarða 24 og að spítalanum þar sem nú eru Kleppsgarðar. Vegurinn fékk nafnið Kleppsvegur árið 1928.[50]
**Lýsing:** Vegstæðið er að hluta til enn í notkun.

## Laugarnes 230-67 Héðinsgata

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-67** | Héðinsgata | Vegur | Heimild | 1933 | 359891 | 408654 | | | Ómetið | Nei |

**Staðhættir:** Héðinsgata lá vestan við Laugarnesbletti III og II að lóð Olíuverslunar Íslands hf., sem áður var Laugarnesblettur I. Á kort frá um 1930 eru teiknaðir tveir vegir sem liggja frá Kleppsvegi að sjó. Sá vestari sem liggur austan við Laugarnesbletti I–III gæti verið Hólavegur sem Hjálmar Jónsson talar um í bréfi til bæjarráðs Reykjavíkur 1957 og sá eystri er þáverandi Köllunarklettsvegur. Héðinsgata hefur svo bæst við á korti frá 1946. Árið 1950 var ákveðið að kenna götuna við Héðinn Valdimarsson sem var forstjóri Olíuverslunar Íslands.[51]
**Lýsing:** Héðinsgata er enn á sama stað en hefur verið lokað við Sæbraut og hefur lengst til norðurs og liggur í sveig að Klettagörðum.

## Laugarnes 230-68 Hólavegur

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-68** | Hólavegur | Vegur | Heimild | 1930 | 360022 | 408611 | | | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Hólavegur lá austan við Laugarnesbletti III og II, frá Kleppsvegi að sjó. Hann er teiknaður á kort frá um 1930 og 1946. Eina heimildin sem til er um nafngiftina á veginum er í bréfi

[48] *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Laugarnesblettur III (E/383). Bréf Hjálmars Jónssonar dags. 6.6.1957.
[49] *Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur* (LUKR). Loftmynd Reykjavík 1954.
[50] *Landmælingar Íslands*. Söguleg gögn: Kort og bæjarteikningar landmælingadeildar danska herforingjaráðsins. Bæjarteikning: Kirkjuból, Laugarnes, Laugarnesspítali; *Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur* (LUKR). Lágflugsloftmynd 17.7.2018; Þorgrímur Gestsson, *Mannlíf við Sund,* bls. 359.
[51] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kortasafn: Uppdráttur af Laugarnesi – Sundlaugarvegi – Kirkjusandi um 1930; *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Laugarnesblettur III (E/383). Bréf Hjálmars Jónssonar dags. 6. júní 1957; *Borgarsögusafn*. Kortasafn: Vinnukort frá um 1946 vegna skipulags byggðar á Teigum, í Laugardal, Langholti og Laugarnesi; Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*. 2. bindi (H–P), bls. 43.

Hjálmars Jónssonar 6. júní 1957 til bæjarráðs Reykjavíkur, þar sem hann fer fram á að fá lóð undir bifreiðaskúra og geymsluhús norðan við hús sitt, Steinhóla, með Hólavegi.[52]
**Lýsing:** Horfinn að hluta. Er greinilegur með austurmörkum lóðarinnar Héðinsgötu 2, frá Kleppsvegi um 80 m í norðaustur, þar sem hann hverfur undir timbur og fleira sem hefur verið staflað á hann. Undir því er malbiksræma sem liggur að slóða frá Köllunarklettsvegi sem sveigir inn á bílaplan Héðinsgötu 2. Slóðinn hefur verið lagður ofan á gamla Hólaveginn sem lá að Hólum en nyrsti hluti gamla vegarins hefur farið undir núverandi Köllunarklettsveg og hús nr. 10. Með veginum að vestan er steinsteyptur kantur, 10–15 cm á breidd.

## Laugarnes 230-69 Köllunarklettsvegur

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 260-69 | Köllunarkletts-vegur | Vegur | Heimild | 1930 | 360172 | 408553 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Gamli Köllunarklettsvegur lá frá Kleppsvegi að beinaverksmiðju Fiskimjöls hf. við gömlu lýsisbræðslurnar. Árið 1930 var ákveðið að nefna veginn Köllunarklettsveg eftir Köllunarkletti sem var við ströndina, það var sá staður þaðan sem áður var kallað eftir ferjumanni frá Viðey.[53] Áður var talið að Köllunarklettur hefði verið þar sem nú er baklóð Klettagarða 15 en Árni Óla hefur hins vegar sýnt fram á að hann var töluvert austar eða þar sem nú er hringtorg við Sundagarða.[54] Köllunarklettsvegur lá frá Kleppsvegi að sjó, þar sem nú eru bílastæði við lóðamörk Köllunarklettsvegar 1 og 3, innkeyrsla að nr. 4 og við austurlóðamörk nr. 6 og endaði þar sem nú er baklóð Klettagarða 15 sem var fastland en ekki uppfylling. Núverandi Köllunarklettsvegur liggur þvert á þann gamla frá norðvestri til suðausturs.
**Lýsing:** Horfinn.

## Laugarnes 230-84 Bæjarstæði

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 260-84 | Laugarnes | Bústaður | Bæjarhóll | 1000 | 359762 | 408685 | 70 | 70 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Bæjarhóll Laugarnes er norðan Sæbrautar og vestan Klettagarða. Bæjarhóllinn er um 5000 $m^2$. Á honum er kirkjugarður (230-7), kirkja (230-6), tveir kálgarðar og hluti af tröð (230-1). Síðasti torfbærinn var þriggja stafgólfa torfhús sem var rifið 1885 og þá byggt timburhús með járnþaki, auk útihúsa og heygarðs.[55] Árið 1987 var íbúðarhús, geymsluskúr, heyhlaða, hesthús og fjós rifið en eftir stendur kjallarinn af fjósinu. Í hólnum er trúlega að finna mannvistarminjar frá 10. öld til dagsins í dag. Einu fornleifarannsóknirnar sem hafa farið fram á bæjarstæðinu voru gerðar árið 2005 vegna gatnaframkvæmda.[56]

[52] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kortasafn: Uppdráttur af Laugarnesi – Sundlaugarvegi – Kirkjusandi um 1930; *Borgarskjalasafn*. Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Laugarnesblettur III (E/383). Bréf Hjálmars Jónssonar dags. 6. júní1957.
[53] Þorgrímur Gestsson, *Mannlíf við Sund*, bls. 336.
[54] Árni Óla, „Frá Sjávarhólum að Skafti og nokkur örnefni sem nú eru að glatast.“ *Lesbók Morgunblaðsins,* 18. september 1960, bls. 445–452.
[55] Þorgrímur Gestsson, *Mannlíf við Sund, býlið, byggðin og borgin,* bls. 109.
[56] Hildur Gestsdóttir, *Fornleifakönnun í Laugarnesi*. Skýrsla nr. FS277-05071

## Laugarnes 230-89 Hallgerðarleiði

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 260-89 | Hallgerðarleiði | Sögn, rauðablásturs-minjar | Heimild | 1000 | 359804 | 408618 | | | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Á seinni hluta 19. aldar skrifaði Kristian Kaalund: „Hallgerðarleiði er austan við litla bæinn, sem stendur rétt við gamla kirkjugarðinn.“ Öld seinna ritar Guðlaugur R. Guðmundsson: „Hallgerðarleiði hét þar sem nú mætast Laugarnesvegur og Kleppsvegur (Sæbraut). Það var stór þúfa og átti að vera sígræn vetur og sumar. Undir henni átti að hvíla Hallgerður langbrók, er seinast átti heima í Laugarnesi.“ Á korti sem talið er vera frá 1927–1930 er merkt inn þúfa sem mælipunktur. Þessi þúfa hefur verið þar sem nú er nyrsta akrein Sæbrautarinnar, rétt austan við gatnamót Laugarnesvegar og Sæbrautar. Líklegt er að þetta sé sú þúfa sem Guðlaugur minnist á. Matthías Þórðarson greindi frá því árið 1921 að grafið hefði verið í meintan legstað Hallgerðar með hans leyfi. Komið var niður á mannvirki, grjóthleðslu. Grafið var niður um ½ m frá efri brún hleðslusteinanna á óhreyft. Ekki varð vart við beinaleifar en mikið af mýrarrauða sem sýndist hafa verið safnað saman. Til stóð að grafa meira utan við en hefur sennilega ekki verið gert. Ekki var því hægt að fullyrða að þarna væri um mannsgröf að ræða. Líklegt er talið að Hallgerður sé grafin í Laugarneskirkjugarði.[57] Hóllinn var þar sem nú eru gatnamót Sæbrautar og Klettagarða.
**Lýsing:** Líklega horfið en minjar smiðju gæti verið á svipuðum slóðum.

## Laugarnes 230-94 Balbo Camp

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 260-94 | Balbo Camp | Herminjar | Heimild | 1940 | 360556 | 408355 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Balbo Camp stóð norðan við Kleppsveg fyrir ofan Vatnagarða.[58] Um var að ræða safn herskála og smáhúsa við *Gunnarshóla* og var svæðið einnig nefnt Balbobúðir. Þær voru kenndar við ítalska flugmarskálkinn Balbo sem stjórnaði hópflugi Ítala sem komu til Íslands sumarið 1933. Þeir lentu flugvélunum á Viðeyjarsundi og höfðu bækistöðvar þar.[59]
**Lýsing:** Horfið.

## Laugarnes 230-208 Reykjavegur

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 260-208 | Reykjavegur að Laugarnesi | Vegur | Heimild | 1886 | 359874 | 408546 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Árið 1885 hófst vegalagning inn að Þvottalaugum og var það fyrsti akfæri vegurinn út úr bænum. Eigendur jarðarinnar lögðu þá nýjan veg að Laugarnesbænum í framhaldi af veginum að Þvottalaugunum. Vegurinn lá yfir Laugalæk, austan við túngarð Laugarness og kom heim tröðina að austan. Þessi leið tók líklega við elsta veginum sem lá með ströndinni frá Rauðará. Vegurinn er merktur inn á kort Herforingjaráðs frá 1908. Síðar var hann nefndur Reykjavegur. Um 1897 var lagður nýr vegur að holdsveikraspítalanum í Laugarnesi, Laugarnesvegur.[60]
**Lýsing:** Horfinn.

---

[57] Kristian Kaalund, *Íslenskir sögustaðir I*, bls. 12–13; Guðlaugur R. Guðmundsson. „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár,“ bls. 298; Anna Lísa Guðmundsdóttir, *Fornleifaskráning Laugarness*, bls. 17; Matthías Þórðarson, „Hallgerðarleiði í Laugarnesi.“ *Morgunblaðið*, 8. september 1921, bls. 2.
[58] Eggert Þór Bernharðsson, *Undir bárujárnsboga*. Mynd á bls. 24–25 og 93.
[59] Guðlaugur R. Guðmundsson. „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár,“ bls. 298.
[60] Þórunn Valdimarsdóttir, *Sveitin við Sundin*, bls. 126; *Landmælingar Íslands*. Kortasafn*:* „27 Reykjavík N.A,“ mælt 1908, útgefið 1909, 1:50.000, með viðbótum.

## Laugarnes 230-211 Laugarmýrarblettur 32

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 260-211 | Laugarmýrar-blettur 32 | Íbúðarhús | Heimild | 1930 | 359802 | 408601 | | | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Laugarmýrarblettur 32 stóð þar sem nú er Kleppsvegur, til móts við hús númer 2.[61]
**Lýsing:** Horfið en minjar gætu leynst í jörðu.

## Laugarnes 230-212 Reykhólar, Laugarmýrarblettur 19

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **260-212** | Reykhólar, Laugarmýrar-blettur 19 | Íbúðarhús | Heimild | 1925 | 359978 | 408515 | 10 | 8 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Reykhólar, Laugarmýrarblettur 19, stóð þar sem nú er Kleppsvegur, til móts við hús númer 2.[62] Reykhólar stóðu upphaflega skammt fyrir utan bæjarkjarna Reykjavíkur, þar sem nú er Kleppsvegur 26. Steingrímur Pálsson bóndi reisti þar íbúðarhús árið 1925 og hóf búskap með svín og hænsni. Síðar hætti hann með svínin og hóf þess í stað mjólkurframleiðslu. Minnir þetta á að blómlegur landbúnaður var stundaður í og við Reykjavík á fyrri hluta aldarinnar. Um 1935 voru Reykhólar stækkaðir verulega. Eftir það bjuggu þar lengi þrjár fjölskyldur, ein í risinu, önnur á hæðinni og sú þriðja í kjallaranum. Reykhólar voru fluttir á Árbæjarsafn um 1965 og voru notaðir sem starfsmannabústaður. Reykhólar var þar forskalað – múrað á járnklæðninguna. Húsið stóð á safnsvæðinu suðvestan við Suðurgötu 7 og norðan Þingholtsstrætis 9 en var rifið árið 2016.[63]
**Lýsing:** Horfið.

## Laugarnes 230-213 Laugarmýrarblettur26

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 260-213 | Laugarmýrar-blettur 26 | Erfðafestubýli | Heimild | 1930 | 360118 | 408487 | | | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Laugarmýrarblettur 26 var norðan við Kleppsveg 40.[64]
**Lýsing:** Horfið en minjar gætu leynst í jörðu.

## Laugarnes 230-214 Sjáland, Laugarmýrablettur 27

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 260-214 | Sjáland, Laugarmýrar-blettur 27 | Erfðafestubýli | Heimild | 1933 | 360150 | 408456 | 19 | 12 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Sjáland, Laugarmýrablettur 27 var þar sem nú er Kleppsvegur 44.[65]
**Lýsing:** Horfið.

---

[61] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kortasafn: Uppdráttur af Laugarnesi – Sundlaugarvegi – Kirkjusandi um 1930.

[62] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kortasafn: Uppdráttur af Laugarnesi – Sundlaugarvegi – Kirkjusandi um 1930.

[63] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Húsaskrá: Kleppsvegur – Reykhólar.

[64] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kortasafn: Uppdráttur af Laugarnesi – Sundlaugarvegi – Kirkjusandi um 1930.

[65] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kortasafn: Uppdráttur af Laugarnesi – Sundlaugarvegi – Kirkjusandi um 1930.

## Laugarnes 230-215  Laugarmýrarblettur 20

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 260-215 | Laugarmýrar-blettur 20 | Íbúðarhús | Heimild | 1930 | 360237 | 408415 | | | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Rétt austan við þar sem nú er Kleppsvegur 50 var líklega húsið Laugarmýrarblettur 20.[66]
**Lýsing:** Horfið en minjar gætu leynst í jörðu.

## Laugarnes 230-216  Melstaður

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 260-216 | Melstaður, Köllunarklettsbl. | Erfðafestubýli | Heimild | 1927 | 360351 | 408461 | | | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Melstaður var á Köllunarklettsbletti, þar sem nú er bensínstöðin við Sundagarð 2.[67]
**Lýsing:** Horfið en minjar gætu leynst í jörðu.

## Laugarnes 230-217  Hraunás, Laugarmýrarblettur 39

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 260-217 | Hraunás, Laugarmýrar-blettur 39 | Erfðafestubýli | Heimild | 1942 | 360312 | 408334 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Húsið Hraunás, Laugarmýrarbletti 39, var þar sem nú er lóðin Selvogsgrunnur 5.[68]
**Lýsing:** Horfið.

## Laugarnes 230-218  Laugarmýrarblettur 38

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 260-218 | Laugarmýrar-blettur 38 | Erfðafestubýli | Heimild | 1940 | 360352 | 408315 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Húsið á Laugarmýrarbletti 38 var þar sem nú er lóðin Selvogsgrunnur 9.[69]
**Lýsing:** Horfið.

## Laugarnes 230-219  Skotgröf við Dagmálakletta

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 260-219 | Dagmálaklettar | Skotgröf | Garðlag, hleðsla | 1940 | 360471 | 408248 | | | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Í norðanverðum *Dagmálaklettum* um 30 m norðvestan við Laugarásbíó eru grjóthlaðnir veggir á tveimur stöðum. Norðan og neðan við klettana og meðfram þeim er garðlag. Landi hallar til norðausturs. Líklega er að ræða ummerki eftir herinn sem hafði umsvif á svæðinu

[66] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kortasafn: Uppdráttur af Laugarnesi – Sundlaugarvegi – Kirkjusandi um 1930.
[67] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kortasafn: Uppdráttur af Laugarnesi – Sundlaugarvegi – Kirkjusandi um 1930.
[68] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kortasafn: Uppdráttur af Laugarnesi – Sundlaugarvegi – Kirkjusandi um 1930.
[69] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kortasafn: Uppdráttur af Laugarnesi – Sundlaugarvegi – Kirkjusandi um 1930.

eins og sjá má á loftmyndum frá 1946 og 1954. Fyrir neðan og austan við, þar sem nú er útkeyrsla af bílastæði bíósins, voru braggar.[70] Uppi á klettunum er stórt akkeri. Sunnar og efst á hæðinni er nýleg hringlaga grjóthleðsla, gerð fyrir árið 2000, með stuðlabergsstöpli í miðjunni sem hefur verið grafinn inn í hæðina en að utanverðu eru grjóthleðslur sem gætu verið eldri. Um 17 m austan við er skúlptúr eftir Einar Jónsson frá 1915–1918.
**Lýsing:** Þrír grjóthlaðnir veggir, hlaðnir út grágrýti með steinlími sem mynda ferhyrnt rými við brekkuna. Norðausturveggur stendur best, hlaðinn um 4 m til norðvesturs út frá stórum jarðföstum steini, um 1,5 m á hæð og 20 cm á breidd. Norðvesturveggur er lægri, um 50 cm á hæð, en stórt sykki hefur hrunið úr norðvesturhorninu og liggur þar fyrir neðan. Inngangur gæti hafa verið við norðvesturhornið. Suðausturhliðin hefur verið grafin inn í brekkuna, mögulega með hleðslu. Grjóthleðsla myndar suðvesturhlið sem er hæst sunnanmegin, um 1 m. Inni í rýminu er stór steinn. Um 3 m vestan við, framan í brekkunni, eru grjóthlaðnir steinlímdir veggir sem mynda L. Þeir gætu verið hlaðnir um stóran jarðfastan stein. Annar leggurinn liggur norðaustur-suðvestur og er 2,8 m á lengd en hinn liggur norðvestur-suðaustur og er 2,2 m á lengd. Í brekkunni neðan og norðaustan við klettana og hleðslurnar er lágt grjóthlaðið garðlag, um 20 m á lengd, sem liggur norðvestur-suðaustur.



*Mynd 9. Horft til suðausturs eftir garðlagi framan í brekkunni, Laugarásbíó á bak við.*

[70] *Landmælingar Íslands*. Loftmyndasafn: Svæði nr. 27. 1954-07-28. Skerjafjörður – Leirvogur. Mynd nr. L12-0309; *Landmælingar Íslands*. Loftmyndasjá: 1946-08-30. Mynd nr. AMS40_2-1_011.




*Mynd 10. Horft til austurs yfir grjóthlaðna veggi sem mynda ferhyrnt rými.*



*Mynd 11. Horft til norðvesturs yfir grjóthlaðið ferhyrnt rými að klettum og ofan við þá til vinstri er norðausturhlið á L-laga hleðslu framan við brekkuna.*



*Mynd 12. Norðvesturhlið á L-laga hleðslu við brekkuna.*



*Mynd 13. Norðausturhlið á L-laga hleðslu við brekkuna.*




*Mynd 14. Herminjar 230-219 við Laugarsábíó.*

## Laugarnes 230-220 Ægisíða, Vatnagarðablettur 2

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 260-220 | Ægisíða, Vatnagarðablettur 2 | Erfðafestubýli | Heimild | 1940 | 360653 | 408254 | | | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Húsið Ægisíða, Vatnagarðabletti 2, stóð þar sem nú er húsið Vatnagarðar 2.[71]
**Lýsing:** Íbúðarhúsið er horfið en úthúsið gæti leynst undir sverði.

## Laugarnes 230-221 Oddshöfði

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 260-221 | Oddshöfði | Íbúðarhús | Heimild | 1929 | 360846 | 408197 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Húsið var byggt fyrir Odd Sigurgeirsson og var nefnt Oddshöfði. Það stóð fyrir neðan Kleppsveg og vestan við flugskýlið við Vatnagarða, vestan við Sundaskála 4. Á árunum 1930–1934 bjó Oddur í litlum steinbæ sem nefndist Höfn og var þar sem nú er Skúlagata 1. Þegar Höfn var rifin ákváðu vinir hans að reisa honum nýtt hús við flughöfnina inn við Klepp. Var húsið kallað Oddshöfði og í því var ein stofa með eldavél. Þar hafði blaðamaður Alþýðublaðsins viðtal við hann haustið 1935. „Þar sagðist hann una hag sínum vel, vera sjálfs síns herra og þykja vænst um hundinn sinn og hestinn." Og í lok viðtalsins segir: „Það er áreiðanlegt, að þegar Oddur Sigurgeirsson kveður okkur og flytur til Valhallar til Þórs, en hann er uppáhald gamla mannsins, þá sjá margir eftir honum, miklu fleiri en menn gera sér nú grein fyrir." Í tilkynningu í blaðinu 19. september þetta ár mátti lesa eftirfarandi: „Nú er ég búinn að fá nýtt hús, Oddhöfða við Kleppsveg. En mig vantar ráðskonu frá 1. okt. Hún verður að vera bráðmyndarleg en má ekki vera

[71] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kortasafn: Uppdráttur af Laugarnesi – Sundlaugarvegi – Kirkjusandi um 1930.

yngri en 45 ára. Oddur Sigurgeirsson af Skaganum. “ Þess ber að geta að Oddur ánafnaði samtökum sjómanna digrum sjóði í erfðaskrá sinni. Lét hann Hrafnistu njóta eigna sinna.“[72]
**Lýsing:** Horfið.

## Laugarnes 230-224 Fornleifarannsókn

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 260-224 | | Fornleifa-rannsókn | Öskuhaugur | 1200 | 359794 | 408633 | | | Slæmt | Að hluta |

**Staðhættir:** Fornleifarannsókn við kirkjugarðinn í Laugarnesi árið 2005 vegna gatnaframkvæmda. Austan við kirkjugarðinn í Laugarnesi var prufuskurður 5, hann lá austan við afleggjara sem liggur í norður frá Sæbraut og inn á Laugarnes, austan við bæjarstæðið og kirkjugarðinn (sjá mynd 14). Fyrst var grafinn skurður með stefnu norðaustur-suðvestur sem var 0,9 *x* 11,6 m. Syðstu 6 m voru að mestu 20. aldar lagnaskurðir og norðan við þá lá yfirborðslagið ofan á óhreyfðri mold. Ekkert snið var teiknað í þessum hluta skurðarins. Smá skiki, 0,4 m breiður með móösku og gjóskulögum, lá 1 m í norður frá suðurenda skurðarins og var því grafinn 1 *x* 5 m skurður í vestur frá upprunalega skurðinum til að athuga þetta frekar. Reyndist þarna vera þríhyrndur skiki á milli lagnaskurða, 3 m langur og 0,4 m þar sem hann var breiðastur, sem ekki hafði verið raskað.[73]
**Lýsing:** Horfið að hluta, þetta er líklegast ruslalag sem lá yfir óhreyfðri mold.




*Mynd 15. Staðsetning á rannsóknarskurðum við kirkjugarðinn í Laugarnesi.*[74]

[72] *Alþýðublaðið,* „Vinur allra Reykvíkinga er 56 ára í dag,“ 29. október 1935.
[73] Hildur Gestsdóttir, *Fornleifarannsóknir í Laugarnesi*, bls. 9.
[74] Hildur Gestsdóttir, *Fornleifarannsóknir í Laugarnesi*, bls. 12.

# 4.2 Kleppur 231

## 4.2.1 Kleppur, saga

Kleppur hefur hugsanlega fyrst byggst úr Laugarneslandi. Jörðin var orðin eign Viðeyjar-klausturs um 1234, á ofanverðum dögum Þorvalds Gissurarsonar, þegar gerð var máldagaskrá um eignir Maríukirkju og staðarins í Viðey. „Staðr a oc Klepps land allt. oc laxveiði j Elliða ar at helmingi við Lavgnesinga.“[75] Í skrá um leigumála á jörðum Viðeyjarklausturs frá 1313 segir um jörðina: „At Kleppi cc.“ Sama leiga var á jörðinni árið 1395.[76]



*Mynd 16. Kort sem sýnir hluta af jörðinni Kleppi um 1900. Bæjarhús Klepps, tún og túngarður eru til hægri á myndinni (blá píla), norðan við bæjarstæðið er Tjörnin við Vatnagarða, efst eru Gunnarshólar og Arnarhreiður.*[77]

---

[75] *Íslenskt fornbréfasafn*, I. bindi, bls. 507.

[76] *Íslenskt fornbréfasafn*, III. bindi, bls. 597.

[77] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kortasafn: Kleppur, 1900.

Við siðaskiptin varð Kleppur konungseign eins og aðrar klausturjarðir og fer litlum sögum af ábúendum þar. Samkvæmt því sem segir í Jarðabókinni frá 1703 voru tveir ábúendur á Kleppi og skráðar voru þrjár hjáleigur undir jörðina Vindás, Götuhús og Þórarinskot en ekki er vitað hvar þær voru.[78] Í manntalinu 1816, og í manntölum eftir það, er aðeins nefnd ein fjölskylda nema árið 1855, þá voru þær tvær.[79]




*Mynd 17. Kort af Kleppslandi frá árinu 1962. Kleppsspítali er efst á kortinu. Gamli túngarðurinn (231-6) hefur verið litaður rauður og rúst (231-32) sem er á holtinu. Hægra megin við túngarðinn er gamla bæjarstæði Klepps og ströndin.*

[78] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*. 2. bindi (H–P), bls. 102; *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi, bls. 274.

[79] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Manntöl: 1703, 1816, 1835, 1845, 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890 og 1901.

Bæjarstjórn Reykjavíkur keypti jörðina Klepp ásamt Laugarnesi árið 1885 í því skyni að tryggja Reykvíkingum aukið land til beitar, ræktunar og mótöku. Þá upphófust miklar deilur um landamerki milli bæjarstjórnar og H. Th. A. Thomsen, eiganda Bústaða. Thomsen vildi meina að landamerkjalínan á milli Klepps og Bústaða lægi frá Þrísteinum yfir í Gelgjutanga. Þríhyrningslaga landsvæði sem afmarkast af Þrísteinum, Markalæk og Gelgjutanga átti því samkvæmt Thomsen að tilheyra Bústaðalandi. Deilunum, sem stóðu frá 1891 til 1893, lauk þó með því að úrskurðað var að landamerkin milli Klepps og Bústaða skyldu vera úr Þrísteinum í Markalæk, sem ráða skyldi mörkum til sjávar. Þar með var staðfest að landsvæðið tilheyrði Kleppi. Árið 1894 var svæðið svo lagt undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur með jörðinni Kleppi ásamt Laugarnesi.[80]

Um árið 1900 voru bændur í Laugarnesi og Kleppi leiguliðar en búskapur þeirra stóðst til að mynda ekki samanburð við búskapinn á Rauðará. Búskapurinn á Kleppi var mun minni í sniðum en í Laugarnesi og lentu leiguliðar í vandræðum með að standa í skilum með afgjaldið. Leigðar voru slægjur vestan við Bústaðaland til að drýgja hey og fékk ábúandi eitt árið að greiða Reykjavíkurkaupstað fyrir slægjur með 30–40 hestum af mó. Síðar var myndarlegur búskapur rekinn á Kleppi í tengslum við spítalann. Fyrstu byggingar Kleppsspítala voru reistar á svæðinu á árunum 1906–1907 og á árunum 1928–1978 bættust við nýjar byggingar. Þórður Sveinsson var ráðinn fyrsti yfirlæknir spítalans og gegndi því starfi til 1940. Í hans tíð var lögð áhersla á búrekstur samhliða rekstri spítalans og þátttöku sjúklinga í bústörfum og því voru jafnframt reist útihús á svæðinu. Árið 1931 var byggt 40 kúa fjós og hlaða við Klepp en árið 1940 var fjósið flutt í aðra byggingu á Langholti.[81] Tryggvi Guðmundsson stjórnaði Kleppsbúinu af miklum myndarbrag en 1960 var það lagt niður.[82]

Í Vatnagörðum reisti Flugfélag Íslands flugskýli árið 1930. Starfsemi þess var hætt ári seinna. Því næst eignaðist Reykjavíkurhöfn skýlið. Þegar Italo Balbo flugmálaráðherra og flugmarskálkur Ítalíu kom til Íslands 1933 með 24 flugbáta fékk hann flugskýlið í Vatnagörðum til afnota. Eftir það var flugskýlið oftast kallað Balboflugskýlið en síðar tók breska hernámsliðið við rekstri þess. Það er nú varðveitt á Hnjóti í Örlygshöfn við Patreksfjörð.[83]

---

[80] Guðlaugur R. Guðmundsson, „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár," bls. 298; Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*. 2. bindi (H–P), bls. 102, 117 og 124; Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur*. *Bærinn vaknar*, fyrri hluti, bls. 45 og 50–51.

[81] Ekki er ljóst hvar það fjós hefur staðið.

[82] Þórunn Valdimarsdóttir, *Sveitin við Sundin*, bls. 98–99.

[83] Helga Maureen Gylfadóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Pétur H. Ármannsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, *Húsakönnun. Vogahverfi*, bls. 27–30; „Saga sjóflugskýlisins í Vatnagörðum." Vefur Svifflugfélags Íslands. Vefslóð: https://www.svifflug.com/saga-sjoflugsklisins-i-vatnagorum.



*Mynd 18. Loftmynd tekin 27. maí 1946. Flugskýlið við Vatnagarða fyrir miðri mynd, nær er svæði Olíufélags Íslands.*[84]

## 4.2.2 Staðhættir, minjar og örnefni

Miklar umhverfisbreytingar hafa átt sér stað með allri strönd Laugarnes- og Kleppsjarðarinnar frá Laugarnesi að Gelgjutanga. Þar sem áður var strönd er nú komin um 250–400 m landfylling sem hýsir athafnasvæði Eimskips og Samskips. Fyrir norðan *Vatnagarðatjörnina* eða *Tjörnina* var rif sem nefndist *Vatnagarðar* en þar var áður útræði og flughöfn. Austar var höfði, *Kleppsskaft*, 20–30 m hár, sem var jafnaður niður að hluta í uppfyllingu á árunum 1970–1980, nú athafnasvæði Eimskips. Sunnan við Kleppsskaft reis Kleppspítali á árunum 1906–1907, lagðist þá búskapur af á gamla bænum á Kleppi en mun myndarlegri búskapur var tekinn upp á spítalanum. Sunnan við Kleppsspítala er Kleppsholt og þar má enn finna nokkrar minjar, túngarða (231-6) og gerði (231-64), sem eru einu fornleifarnar sem eru sýnilegar frá gamla býlinu Kleppi. Eftir að Laugarholt/Laugarás byggðist að austan upp úr 1940 fluttist heitið Kleppsholt yfir á byggðina við Langholtsveg, Kambsveg, Efstasund og nálægar götur.[85] Bæjarstæði Klepps hafði að geyma mörg mannvirki (sjá myndir 15 og 16), þar sem nú er geymsluplan Samskips, en það fór undir byggð og landfyllingu á árunum 1971–1975. Ekki er ljóst hvort þessar minjar séu enn þarna undir huldar möl og sandi.

Vestan við Kleppsholt var *Kleppsmýri* og sunnar *Mógrafarmýri* (231-11) en þar var mór tekinn. Sunnar var *Kleppsgerði* (231-7) og *Stekkjarhóll* (231-82), hvort tveggja horfið undir byggð og götur en líklegt er að þar hafi verið ein af þremur hjáleigum Klepps.[86]

---

[84] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. Ljósmynd: ÁBS LS 33-27. Ljósmyndari Þorsteinn Jósepsson.

[85] Guðlaugur R. Guðmundsson, „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár," bls. 304.

[86] Guðlaugur R. Guðmundsson, „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár," bls. 304.

## 4.2.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Klepps

Skráðar minjar á rannsóknarsvæði fornleifa vegna Sundabrautar í landi Klepps eru 24 talsins, 23 fornleifar og einar yngi minjar.




*Mynd 19. Kortið sýnir dreifingu fornleifa og yngri minja á rannsóknarsvæði menningarminja vegna Sundabrautar í landi Klepps.*[87]

[87] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR).




*Mynd 20. Kortið sýnir dreifingu fornleifa og yngri minja á rannsóknarsvæðinu þar sem það fer í gegnum hluta af bæjarstæði Klepps.*[88]

## Kleppur 231-1 Bústaður

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-1** | Kleppur | Bústaður | Heimild | 1234–1900 | 361558 | 407524 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Bæjarhúsin á býlinu Kleppi munu hafa staðið nokkuð fyrir sunnan þar sem Kleppsspítali er nú,[89] um 50 m austan við Holtaveg 10 þar sem nú er geymslusvæði Samskips.
**Lýsing:** Bæjarhúsin eru horfin undir landfyllingu og þar stendur nú ónúmerað hús.

## Kleppur 231-6 Túngarður

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-6** | Kleppur | Túngarður | Garðlag | 1800 | 361372<br>361515 | 407728<br>407447 | 140 | 1 | Gott | Að hluta |

**Staðhættir:** Túngarðurinn er á holti sem áður var nefnt Kleppsholt,[90] skammt sunnan við Kleppsspítala og austan við Víðihlíð, Kleppsgarða 2. Þessi garður er hluti af túngarði þeim sem lá umhverfis tún býlisins Klepps (231-1). Býlið Kleppur var við sjávarbakkann suðaustan undir holtinu, á svæði sem nú er norðan við vöruskemmu á Holtavegi 8 á athafnasvæði Samskips. Túngarðurinn er teiknaður inn á tvö gömul kort frá því um 1900, annað merkt „Kleppsland“.[91]

---

[88] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR).
[89] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi, H–P, bls. 102.
[90] *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnaskrá: Kleppur. Þorsteinn Bjarnason frá Háholti skráði.
[91] *Skjalasafn Reykjavíkur*. Kleppur – Kleppsland, sennilega um 1900, og Kleppur-Langholt-Elliðaárvogur-Gelgjutangi, sennilega um 1900. 111500_4.tif.

Samkvæmt þeim lá túngarðurinn í sveig til norðvesturs frá sjávarbakkanum um Kleppsholts í átt að Kleppsspítala. Túngarðurinn var um 460 m á lengd. Nú eru einungis um 130 m sýnilegir af þessum túngarði á Kleppsholti.

**Lýsing:** Túngarðurinn er vel greinanlegur, um 80–120 cm á breidd og 10–40 cm á hæð, hlaðinn með stóru grjóti. Hann liggur í norðnorðvestur-suðsuðaustur að mestu. Garðurinn er greinilegastur syðst þar sem er nánast hornrétt sveigja á honum en hverfur eftir um 25 m í gróður á 3 m kafla, er svo greinilegur aftur á um 29 m kafla að klapparbrún. Fyrir neðan brúnina er annar túngarður (231-65), líklega yngri, sem liggur norðaustur-suðvestur en sveigir síðan til norðvesturs, sem gæti hafa tengst túngarðinum. Ekki er ljóst hvort allur garðurinn er frá sama tíma.



*Mynd 21. Túngarður (231-6) Klepps, horft til norðvesturs.*



*Mynd 22. Túngarður (231-6) Klepps, horft til suðvesturs.*

## Kleppur 231-7 Kleppsgerði

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-7** | Kleppsgerði | Gerði | Heimild | 1850 | 361271 | 406799 | 221 | 224 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Í örnefnalýsingum segir: „Kleppsgerði var nokkurs konar varnargarður með skurði kringum túnið.“[92] „Kleppsmýri er fyrir sunnan Kleppsbæinn. Þar austan við kemur Gerði.“[93] Á korti frá 1920 er sett inn mjög stórt gerði sem gætti átt við þessa lýsingu.[94] Það er sunnan við túnið þar sem í dag er Skútuvogur 10–14, á svæði sem var kallað Hámýri. Gerðið hefur verið þar sem síðar var Kleppsmýrablettur 7, syðst í stykkinu við Kleppsmýraveg var síðar byggt hús (231-84). Hugsanlega getur ein af hjáleigum Klepps hafa verið á þessu svæði.
**Lýsing:** Horfið.



*Mynd 23. Kleppsgerði er merkt inn á kort, blá píla bendir á svæðið og önnur ofar á gamla bæjarstæði Klepps, kortinu er snúið til að norður sé upp.*[95]

[92] Guðlaugur R. Guðmundsson. „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár,“ bls. 304.
[93] *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnaskrá: Kleppur. Þorsteinn Bjarnason frá Háholti skráði.
[94] *Skjalasafn Reykjavíkur*. Kort sem sýnir Kleppsland frá 1920 eftir Jón Jóns.
[95] *Skjalasafn Reykjavíkur*. Kleppur – Kleppsland, sennilega um 1900, 111500_7.

## Kleppur 231-11 Mógrafarmýri

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-11** | Mógrafarmýri | Mógröf | Heimild | 1850 | 361327 | 406935 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Í örnefnaskrá Klepps segir: „Móholt er ofan við Vörðuhól. Milli Móholts og Gerðis er Mógrafarmýri, og milli Vörðuhóls og Stekkjarhóls er Stekkjargil.“[96]
**Lýsing:** Horfin.

## Kleppur 231-17 Réttarhellur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-17** | Réttarhellur | Rétt | Heimild | 1850 | 361558 | 407363 | | | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Rétt fyrir sunnan túnið á Kleppi, þar sem gamla réttin var, voru Réttarhellur.[97] Hugsanlega er þetta syðst í túninu þar sem er afmarkað svæði með túngarði, þar var hugsanlega ein af hjáleigum Klepps, kannski Götuhús því leiðin heim að Kleppi lá þar um.[98]
**Lýsing:** Horfið undir landfyllingu.

## Kleppur 231-20 Hús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-20** | | Hús | Heimild | 1900 | 361582 | 407551 | 7 | 8 | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir Kleppsjörðina um 1900 er merkt inn hús. Það hefur verið niður við sjó um 50 m austan við bæinn við kartöflugarðinn. Nú er þar geymslusvæði Samskips.
**Lýsing:** Húsið hefur verið um 7 *x* 8 m. Horfið undir landfyllingu, minjar gætu leynst í jörðu.

## Kleppur 231-21 Hús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-21** | Kleppur | Hús | Heimild | 1900 | 361581 | 407518 | 3 | 4 | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir Kleppsjörðina um 1900 er merkt inn hús sem hefur verið rétt austan við aðalbæjarhúsið (231-1), norðan við eystri kartöflugarðinn. Nú er þar geymslusvæði Samskips.
**Lýsing:** Húsið hefur verið um 3 *x* 4 m. Horfið undir landfyllingu, minjar gætu leynst í jörðu.

## Kleppur 231-22 Kartöflugarður

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-22** | Kleppur | Kartöflugarður | Heimild | 1900 | 361581 | 407531 | 30 | 17 | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir Kleppsjörðina um 1900 er merktur inn kartöflugarður sem hefur verið rétt austan við aðalbæjarhúsið (231-1) niður við sjó. Nú er þar geymslusvæði Samskips.
**Lýsing:** Garðurinn hefur verið um 30 *x* 17 m. Horfinn undir landfyllingu, minjar gætu leynst í jörðu.

---

[96] *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnaskrá: Kleppur. Skrásetjari Þorsteinn Bjarnason.
[97] Guðlaugur R. Guðmundsson, „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár,“ bls. 304.
[98] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi, bls. 274.

## Kleppur 231-23 Kartöflugarður

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-23** | Kleppur | Kartöflugarður | Heimild | 1900 | 361575 | 407502 | 13 | 11 | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir Kleppsjörðina um 1900 er merktur inn kartöflugarður sem hefur verið sunnan við aðalbæjarhúsið (231-1) niður við sjó. Nú er þar geymslusvæði Samskips.
**Lýsing:** Garðurinn hefur verið um 13 *x* 11 m. Horfinn undir landfyllingu, minjar gætu leynst í jörðu.

## Kleppur 231-24 Torfhús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-24** | Kleppur | Torfhús | Heimild | 1900–1950 | 361532 | 407475 | 9 | 8 | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir Kleppsjörðina um 1900 er merkt inn hús sem hefur verið vestan við aðalbæjarhúsið (231-1). Á korti frá 1930 er þetta hús sýnt sem tveggja hólfa bær sem hefur snúið austur-vestur og hefur nyrðra hólfið verið minna. Á korti frá 1950 er þessi tóft sýnd eins. Húsið hefur verið um 16 m austan við Holtaveg 10. Nú er þar geymslusvæði Samskips.
**Lýsing:** Torfhúsið hefur verið tveggja hólfa, um 9 *x* 8 m. Horfið undir landfyllingu, minjar gætu leynst í jörðu.

## Kleppur 231-25 Kartöflugarður

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-25** | Kleppur | Kartöflugarður | Heimild | 1900 | 361492 | 407516 | 18 | 22 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir Kleppsjörðina um 1900 er merktur inn kartöflugarður sem hefur verið norðvestan við aðalbæjarhúsið (231-1), niður við sjó. Nú er þar húsbygging, Holtavegur 10.
**Lýsing:** Garðurinn hefur verið um 18 *x* 22 m. Horfinn undir húsbyggingu.

## Kleppur 231-26 Kleppur, hús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-26** | Kleppur | Hús | Heimild | 1900 | 361537 | 407720 | 6 | 3 | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir Kleppsjörðina árið 1900 er merkt inn hús á sjávarkambinum, um 200 m norðan við Kleppsbæinn, innan túngarðs.[99] Það stóð um 60 m norðaustur af Kleppsgörðum 4 við girðingu á gámasvæði. Húsið sést ekki á loftmyndum en af þeim að dæma hefur svæðið sennilega verið sléttað eftir 1979 og á loftmyndum 2000–2002 má sjá að þá voru hafnar miklar landfyllingar austan við sjávarbakkann.[100]
**Lýsing:** Húsið var um 3 *x* 6 m að stærð. Horfið undir landfyllingu, minjar gætu leynst í jörðu.

---

[99] *Skjalasafn Reykjavíkur*. Uppdrættir: Kleppur – Langholt – Elliðaárvogur – Gelgjutangi. 111500_4.tif.
[100] *Landmælingar Íslands*. Loftmyndasafn: Svæði nr. 27. Kleppur. 1954-07-28. Mynd nr. L1204-0361.

## Kleppur 231-28 Tóft

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-28** | Kleppur | Tóft | Heimild | 1850–1950 | 361510 | 407474 | 11 | 6 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir Kleppsjörðina 1930 er merkt inn hús sem hefur verið vestan tóftar (231-24). Tóftin hefur verið þriggja hólfa og snúið norður-suður. Á korti frá 1950 er þessi tóft sýnd sem eitt hólf. Nú er þar geymslusvæði Samskips.
**Lýsing:** Húsið hefur verið 11 *x* 6 m, þriggja hólfa. Horfið undir húsbyggingu.

## Kleppur 231-29 Kartöflugarður

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-29** | Kleppur | Kartöflu-garður | Heimild | 1850–1950 | 361508 | 407528 | 17 | 11 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir Kleppsjörðina er merktur inn kartöflugarður sem hefur verið vestan við aðalbæjarhúsið (231-1), garður þessi hefur verið byggður vestan við garð (231-25). Nú er þarna húsbygging, Holtavegur 10.
**Lýsing:** Garðurinn hefur verið um 17 *x* 11 m. Horfinn undir húsbyggingu.

## Kleppur 231-30 Túngarður

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-30** | Kleppur | Túngarður | Heimild | 1850–1950 | 361590 | 407624 | 184 | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir Kleppsjörðina er merktur inn túngarður sem hefur verið með sjávarsíðunni. Nú er þar geymslusvæði Samskips.
**Lýsing:** Garðurinn hefur verið um 180 m. Horfinn undir landfyllingu, minjar gætu leynst í jörðu.

## Kleppur 231-31 Rúst

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-31** | Kleppur | Rúst | Heimild | 1850–1950 | 361518 | 407468 | 5 | 5 | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Á korti sem sýnir Kleppsjörðina 1951 er merkt inn tóft sem er austan við Holtaveg 10. Líklega er um gamla tóft að ræða. Nú er þar geymslusvæði Samskipa.
**Lýsing:** Húsið hefur verið 5 *x* 5 m. Horfið undir landfyllingu, minjar gætu leynst í jörðu.

## Kleppur 231-32 Rúst

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-32** | | Rúst | Heimild | 1910 | 361451 | 407617 | 9 | 6,5 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Á Kleppsholti, um 10 m norðan og ofan við veg norðan við Holtagarða 10. Tóftin var ferhyrnd og sést greinilega á loftmynd frá 1954 auk þess að vera á teikningu mælingadeildar Borgarverkfræðings frá árinu 1962.[101] Samkvæmt loftmyndinni eru þetta garðlög sem ganga út frá klöpp sem myndar norðausturhorn þeirra, tóftin gæti hafa verið útihús eða rétt. Tóftin var líklega frá tímum gamla bændasamfélagsins þótt hún sé ekki inni á túnakorti.

[101] *Landmælingar Íslands*. Loftmyndasafn: Svæði nr. 27. Kleppur. 1954-07-28. Mynd nr. L1204-0361; *Skjalasafn Reykjavíkur*. Uppdrættir: Kleppur - Langholt - Elliðaárvogur - Gelgjutangi - 1930, 111500_6.tif.

**Lýsing:** Engar hleðslur sjáanlegar. Klöppin myndaði norðausturhorn mannvirkisins. Tóftin er horfin að öðru leyti vegna framkvæmda en í gegnum rústina voru lagðir rafmagnskaplar og er þar tengibrunnur. Mikill gróður er á svæðinu: lúpína, tré og runnar. Í kverkinni sem myndaði norðausturhornið vex stórt reynitré og rósarunnar.



*Mynd 24. Mannvirki (231-32) á loftmynd frá 1954.*[102]




*Mynd 25. Áætluð staðsetning á mannvirki (231-32), merkt rautt. Bleikar línur eru núverandi rafstrengir.*



*Mynd 26. Hluti af klöppinni til hægri sem myndaði norðausturhorn mannvirkisins (231-32).*

[102] *Landmælingar Íslands*. Loftmyndasafn: Svæði nr. 27. Kleppur. 1954-07-28. Mynd nr. L1204-0361.

## Kleppur 231-39 Rúst, Götuhús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-39** | Götuhús? | Rúst | Heimild | 1900 | 361576 | 407416 | 6 | 5 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Á loftmynd frá árinu 1971 má greina tveggja hólfa rúst þar sem nú er Holtavegur 8. Rústin er gömul og tilheyrði gamla Kleppi. Hér gæti verið um að ræða eina af hjáleigum Klepps, hugsanlega Götuhús þar sem leiðin heim að Kleppi lá þarna um.[103]
**Lýsing:** Húsið hefur verið um 6 *x* 5 m. Horfið undir húsbyggingu.

## Kleppur 231-64 Aðhald

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-64** | | Aðhald | Garðlag, niðurgröftur | 1900 | 361411 | 407630 | 14,6 | 1,2 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Á Kleppsholti austan við fremur berar klappir, um 30 m norður af götunni Holtagörðum og um 85 m suðaustur af Kleppsgörðum 2. Garðlag og niðurgröftur sem greina má á loftmynd frá árinu 1954.[104] Gæti hafa verið aðhald eða rétt.
**Lýsing:** Vel greinanlegt grasigróið garðlag sem liggur nánast norður-suður með ávölum klöppunum. Að norðanverðu byrjar garðlagið við austurenda á grjótgarði úr stóru grjóti sem liggur út frá klöppunum til austurs, um 4 m. Garðlagið með grjótgarðinum er 14,6 m á lengd, 1,2–1,5 m á breidd og 0,3–0,4 m á hæð, úr grjóti og jarðvegi sem hefur verið mokað upp vestan við hann. Niðurgröfturinn virðist beygja til vesturs að klöppunum við syðri endann þar sem tvö stutt lúpínuvaxin garðlög eru beggja vegna við niðurgröftinn.


*Mynd 27. Tvö garðlög og niðurgröftur (231-64), horft til vesturs að klöppunum.*



*Mynd 28. Grjótgarður og garðlög (231-64), teiknað eftir uppmælingu.*

[103] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi, bls. 273–275.
[104] *Landmælingar Íslands*. Loftmyndasafn: Svæði nr. 27. Kleppur. 1954-07-28. Mynd nr. L1204-0361.



*Mynd 29. Horft til suðaustur yfir grjótgarðinn eftir garðlaginu og niðurgreftrinum vestan við að tveimur stuttum lúpínuvöxnum garðlögum.*

## Kleppur 231-66 Kleppsvegur

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-66** | Kleppsvegur | Vegur | Heimild | 1905 | 361268 | 407706 | | 8 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Vegurinn frá Laugarnesi að Kleppi. Kleppsvegur var lagður þegar Kleppsspítali var reistur þar árið 1907. Hluti af honum er enn í notkun í annarri mynd á milli Kambsvegar og Efstasunds. Vestar fellur hann undir Sæbraut að mestu.
**Lýsing:** Horfinn.




*Mynd 30. Kleppsvegur lá frá Laugarnesspítala að Kleppsspítala, merktur sem vagnavegur og þá tvöföld lína.*[105]

[105] *Landmælingar Íslands*. Kortasafn*:* „27 Reykjavík N.A," mælt 1908, útgefið 1909, 1:50.000.

## Kleppur 231-74 Biskupabraut

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-74** | Biskupabraut | Leið | Heimild | 1850 | 361218 | 407990 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Gömul gata lá frá Ártúnsvaði á Elliðaám og út með sjónum að Kleppi. Frá Kleppi lá leiðin eftir fjörunni yfir Skaftið, um grandann fyrir framan tjörnina og svo niður sjávarbakkann að Laugarnesi. Frá Laugarnesi lá hún svo áfram að Rauðará, bæði á bakkanum og í fjörunni. Þetta var aðalleiðin að þessum bæjum þar til að spítali var reistur í Laugarnesi 1898 og að Kleppi 1907. Nafnið Biskupagata eða Biskupabraut kemur til því að í Laugarnesi bjó biskupinn frá 1826–1856.[106]
Á loftljósmynd frá árinu 1954 má sjá leiðina frá Kleppi að Vatnagörðum.
**Lýsing:** Horfin.

## Kleppur 231-83 Útræði

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-83** | Vatnagarðar | Útræði | Heimild | 1930 | 361013 | 408160 | 45 | 21 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Fyrir vestan Kleppsspítalann var vík sem nú er horfin undir uppfyllingarnar sem mynda Sundahöfn. Vatnagarðar var malarif sem skildi að sjó og tjörn, Vatnagarðatjörn eða Tjörn. Þar var áður útræði og síðar líka flughöfn.[107] Björgun hafði aðstöðu á þessu svæði og fyllti allt upp með sandi og möl. Nú er þarna athafnasvæði Eimskips, Sundahöfn.
**Lýsing:** Horfið undir sandfyllingu.

## Kleppur 231-89 Flughöfn

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-89** | Vatnagarðar | Flughöfn | Heimild | 1931 | 360919 | 408148 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Fyrir vestan Kleppsspítalann var vík sem nú er horfin undir uppfyllingarnar sem mynda Sundahöfn. Vatnagarðar var malarif sem skildi að sjó og tjörn, Vatnagarðatjörn eða Tjörn. Þar var áður útræði og síðar flughöfn. Þar var fyrsta flugskýli íslendinga byggt árið 1931, smíðað hjá þýsku Junkers-flugvélaverksmiðjunum. Flugskýlið var flutt að Byggðasafninu Hnjóti 1997. Fyrir framan skýlið var steyptur rampur þar sem hægt var að draga vélarnar upp úr sjónum og inn í skýlið.[108]
**Lýsing:** Horfin undir sandfyllingu.

## Kleppur 231-90 Rúst, Kleppsskaft

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-90** | Kleppsskaft | Rúst | Heimild | 1900 | 361217 | 408145 | 10 | 7 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Á Kleppsskafti er sýnileg rúst á loftljósmynd frá 1954. Rústin er horfin, búið er að brjóta niður Kleppsskaftið í uppfyllingar.
**Lýsing:** Horfin.

---

[106] Guðlaugur R. Guðmundsson, „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár," bls. 304.
[107] Skúli Magnússon, „Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu." *Landnám Ingólfs I–III*.
[108] Vefur Svifflugfélags Íslands. Vefslóð: https://www.svifflug.com/saga-sjoflugsklisins-i-vatnagorum.

# 4.3 Gufunes 265

## 4.3.1 Gufunes, saga

Elstu heimildir um Gufunes er að finna í Landnámu, bæði í Hauksbók og Styrmisbók. Bækur þessar eru samhljóða um landnámsmanninn Ketil gufu Örlygsson, ætt hans og mægðir. Þó er Hauksbók fyllri um búsetu hans en þar segir: „Ketill [...] kom út síð landnámatíðar; hann hafði verit í vestrvíking [...] Ketill tók Rosmhvalanes; sat hann þar hinn fyrsta vetr at Gufuskálum, en um várit fór hann inn á Nes ok sat at Gufunesi annan vetr. [...] Ketill fekk engan bústað á Nesjum, ok fór hann inn í Borgarfjörð at leita sér at bústað ok sat inn þriðja vetr á Gufuskálum við Gufá.“[109]

Fáar eða engar heimildir eru um Gufunes næstu aldirnar. Kirkja hefur verið sett í Gufunesi fyrir 1180 og helguð Maríu guðsmóður því það ár er kirkjunni settur máldagi af Þorláki biskupi Þórhallssyni. Í máldaganum segir meðal annars:

> „Mariu kirkia a gufunesi a xx c i lande oc kyr .ij. kross oc kluckur. silfr calec oc messo fot. tiolld vm hverfis. alltara klæþe .iij. Vatn ker. gloþa ker oc elldbera. slopp oc munnlogar .ij. lás oc kertta stikur .ij.
>
> Þar scal tiund heima oc af nio bæiom oc sva groptir. þar scal vera prestr oc syngia allar heimilis tiþir .ij. messor hvern dag vm langa fosto. messa hvern vigiliu dag. hvern dag vm jola fosto .ij. messor. nacqvern imbrodag a jola fosto. oc of haust.
>
> lysa fra mario messo vnz liþr paska vico.“[110]

Um 1230 er skrifað bréf um tolla og ítök Gufunesinga í Viðey „[...] sem Snorri Illugason lagði aptr“.[111] Jón Sigurðsson forseti ritaði ítarlegan inngang að bréfinu í Fornbréfasafninu. Þar segir hann að Ásgeir prestur Guðmundsson, sem var fóstri Illuga, föður Snorra sem lagði aftur tollana, muni líklega hafa verið sá sem talinn var með helstu prestum í Sunnlendinga-fjórðungi árið 1143 en hann andaðist líklega um 1180. Jón segir að séra Ásgeir hafi án efa búið í Gufunesi, að minnsta kosti um hríð. Hann telur Ásgeir hafa á ofanverðri ævi sinni selt Illuga fóstursyni sínum Gufunes en eftir hans daga hafi erfingjar hans rift kaupunum.[112] Máldagi kirkjunnar hér að ofan gæti því lýst gripum og eignum kirkjunnar á ofanverðum dögum séra Ásgeirs.

Í Sturlungu er getið um deilur þeirra Snorra Sturlusonar og Magnúsar Guðmundssonar biskupsefnis um arf eftir Jórunni ríku:

> „Jórunn hin auðga hét kona, er bjó á Gufunesi. Atli hét maðr sá, er at búi var með henni. Þeir voru þrír bræður, Svartr og Eiríkr, synir Eyjólfs Óblauðssonar. Í þann tíma andaðist Jórunn ok átti engan erfingja, þann er skil væri at en hon var í þingi með Magnúsi, ok ætlaði hann sér fé hennar, en skipta frændum hennar til handa slíkt, sem honum sýndist. En er Snorri spurði þetta, sendi hann suður á nes Starkað Snorrason. En er hann kom sunnan, hafði hann með sér þann mann, er Koðrán hét, strák einn, ok kallaði Snorri þann erfingja Jórunnar, ok tók hann þat fémál af Koðráni.“[113]

Var loks gerð sætt þeirra og var landið leyst til handa Atla. Í bréfinu um tolla og ítök Gufunesinga í Viðey sem fyrr var getið segir að: „[...] þá andaðist Asgeirr. oc tokv þav arf epter hann Olafr Þorvarðs son oc kona hans.“[114]

---

[109] *Landnámabók*, I-II Hauksbók, Sturlubók, Melabók, bls. 166–167.

[110] *Íslenzkt fornbréfasafn,* I. bindi, 1857–1950, bls. 269.

[111] *Íslenzkt fornbréfasafn,* I. bindi, 1857–1950, bls. 496.

[112] *Íslenzkt fornbréfasafn,* I. bindi, 1857–1950, bls. 496.

[113] *Sturlunga saga*, I. bindi, bls. 268–269.

[114] *Íslenzkt fornbréfasafn*, I. bindi, 1857–1950, bls. 497.

Jón Sigurðsson taldi ekki ólíklegt að sú kona hafi verið Jórunn ríka og hún hafi þá búið í Gufunesi um 1214 og andast um svipað leyti.[115]

Í sögu Árna biskups Þorlákssonar er Þormóðar í Gufunesi getið og konu hans, Þóru Finnsdóttur frá Hömrum.[116] Þau hjón hafa líklega verið fædd um aldamótin 1200 og búið í Gufunesi einhvern tíma fyrir miðbik 13. aldar. Í máldaga um veiði í Elliðaám frá því um 1235 er nefndur Þormóður Svartsson og mun hann líklega vera þessi Þormóður.[117]

Lítið fer fyrir Gufunesi í heimildum fyrr en við siðaskipti. Þá er jörðin komin í konungseign og er hennar getið í fógetareikningum á þessum tíma. Tvíbýli hefur verið í Gufunesi á árunum 1548–1553 en þá er ein leigukýr Bessastaðamanna hjá Lofti, ábúanda í Gufunesi, og önnur hjá Gissuri á sama stað.[118]

Kirkjunnar í Gufunesi er getið í Gíslamáldaga frá 1570 og síðar og gripir hennar og eignir taldar upp en þeim hafði fækkað mjög síðan fyrir siðaskipti.[119] Í Jarðabókinni er Gufunes kirkjustaður og annexía frá Mosfelli. Sigurður lögréttumaður Högnason bjó þá á allri jörðinni. Landskuld jarðarinnar var að því er virðist níutíu 90 álnir.

> „Kúgildi kirkjunnar voru tvö, hálfum leigum galt hann presti en hélt hinum helmingnum, en leigukúgildi var ekkert. Kvikfénaður Sigurðar var tíu kýr, ein kvíga veturgömul, tíu ær með lömbum, einn sauður tvævetur, átta veturgamlir, tveir hestar, eitt hross og tveir folar tvævetra. Jörðin gat fóðrað átta kýr, eitt ungneyti og tíu lömb, en heimilismenn voru átta. Hlunnindi bæði jarðar og kirkju voru góð“.[120]

Hjáleigur eru skráðar fjórar í Jarðabókinni. Fyrsta hjáleiga er nafnlaus en þar bjó þá Jón Knútsson, hugsanlega var það *Knútskot*. Önnur var *Brandskot,* þar var ábúandi Guðbrandur Tómasson. Þriðja var *Holkot*, þar var ábúandi Jón Arason. Fjórða var *Helguhjáleiga*, þar voru ábúendur tveir, Helga Ólafsdóttir sem bjó á öðrum helmingnum og Margrét Þorsteinsdóttir á hinum helmingnum.[121] Ekki er vitað hvar þessar hjáleigur voru nákvæmlega nema Knútskot og hugsanlega Helguhjáleiga en þær voru aflagðar um 1847. Gufunesjörðin átti landamerki að Keldum, Korpúlfsstöðum og Eiði. Í Jarðabók Árna og Páls er jörðin metin og henni lýst og kemur þar fram að engjar séu litlar eða engar og úthagi í lakasta lagi. Landþröng var þá mikil en kirkjan átti laxveiði þriðja hvern dag í Korpúlfsstaðaá (Úlfarsá). Eggver var nokkurt í sjávarhólma (Fjósaklettum), auk þess voru sölva- og skelfiskfjara nokkur talin til kosta.[122]

Árið 1752 var fluttur úr Viðey í Gufunes svonefndur spítali sem mun hafa verið nokkurs konar gamalmennahæli. Spítalinn var lagður niður 1793.[123] Í Jarðatali Jóns Johnsens er Knútskot eina hjáleiga jarðarinnar. Jörðin var seld skömmu fyrir 1800 en Bjarni Thorarensen skáld bjó í Gufunesi á árunum 1816–1833 er hann gegndi dómarastarfi í Landsyfirréttinum.

Kirkja var í Gufunesi frá 12. öld til 1886 en með landshöfðingjabréfi dagsettu 21. september 1886 voru Mosfells- og Gufunessóknir sameinaðar og ákveðið að reisa eina kirkju fyrir báðar sóknir að Lágafelli.[124]

---

[115] *Íslenzkt fornbréfasafn*, I. bindi, 1857–1950, bls. 497.
[116] *Biskupasögur*, I. bindi, 1858.
[117] *Íslenzkt fornbréfasafn*, I. bindi, bls. 511–513.
[118] *Íslenzkt fornbréfasafn*, XII. bindi, bls. 137.
[119] *Íslenzkt fornbréfasafn*, XV. bindi, bls. 636.
[120] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi, bls. 300–303.
[121] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi, bls. 300–303.
[122] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi, bls. 300–303.
[123] Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*, bls. 96.
[124] Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta á Íslandi*. I. bindi, bls. 112.




*Mynd 31. Túnakort var gert af Gufunesi árið 1916, þá var húsum á hlaðinu gefið númer frá 1 til 4. Vegurinn heim að bænum lá úr austri, hér nefndur gamli Gufunesvegur (265-16). Grafreiturinn er merktur inn með* ***gr****. fyrir sunnan bæjarhúsin.*[125]

Túnakort var gert af jörðinni árið 1916 (sjá mynd 31 og 32) á bæjarstæðinu voru húsin númeruð frá 1 til 5, 1) íbúðarhús úr timbri, 2) tvær skemmur, önnur úr timbri hin úr torfi, 3) hlaða (kirkja), kirkjan var úr timbri með múrbindingi og borðaklæðningu árin 1782–1784. 4) fjós byggt úr torfi, „ kg." var kálgarður og „ gr." sem var þá talinn grafreitur (265-10). Um 100 m sunnan við bæinn voru þrjú fjárhús byggð úr torfi merkt með 5) (265-12, 13, 14), þar var auk þess stór kálgarður (265-15). Samkvæmt túnakortinu voru bæði kirkjan og grafreiturinn á bæjarstæðinu, kirkjunni hafði verið breytt í hlöðu eftir að hún var aflögð 30 árum áður.[126] Grafreiturinn var talinn vera sunnan við kirkjuna á bæjarhólnum, í ljós kom síðar að sú staðsetning var röng. Suður af bænum lá heimtröðin sem síðar varð gamli Gufunesvegur (265-16). Tún töldust þá 10,6 ha eða 34 dagslættir. Meirihluti túnsins hafði verið sléttaður nokkrum árum áður auk þess sem jaðar við sjó var sléttaður. Sumir blettir voru kargaþýfðir utarlega og í túni voru fúnir graslausir blettir merktir með „r" (rotur). Kálgarðar mældust þá 1240 m$^2$ en aðeins voru 400 m$^2$ í notkun það árið, mynd 32.[127]

[125] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Gufunes 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.
[126] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Gufunes 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði; Skúli Magnússon, *Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu*, bls. 32.
[127] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Gufunes 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.




*Mynd 32. Túnakort var gert af Gufunesi árið 1916, þá var húsum á hlaðinu gefið númer frá 1 til 4. Vegurinn heim að bænum lá úr austri, hér nefndur gamli Gufunesvegur (265-16). Meintur grafreitur er merktur inn með **gr**. fyrir sunnan bæjarhúsin. Sunnan við bæinn voru þrjú útihús og kálgarður sem koma við sögu í þessari skráningu en þar fannst landnámslaið í torfi sjá skráningu 265-74.*[128]

Árið 1922 voru tún Gufuness mæld upp aftur af Valtý Stefánssyni vegna fyrirhugaðrar skurðagerðar, húsum hafði þá fækkað á bæjarhlaðinu og tún stækkað, mynd 34.[129]

Staðsetning gamla grafreitsins kom svo í ljós 28. júní 1965, um 40 m norðar (265-2) en áætlað hafði verið. Þegar unnið var við jarðvinnu í næsta nágrenni við grunn nýbyggingar við áburðarverksmiðjuna komu bein í ljós. Framkvæmdir voru stöðvaðar og þáverandi þjóðminjavörður, Kristján Eldjárn, kom strax á staðinn ásamt biskupi og fleirum. Þremur árum síðar eða í apríl 1968 tilkynnti svo biskup Íslands, Sigurbjörn Einarsson, að moldir garðsins yrðu fluttar, með ákveðnum skilyrðum. Í ágúst sama ár var hafist handa við að flytja beinin undir stjórn Jóns Magnússonar bónda og verkstjóra frá Stardal sem skrifaði skýrslu um framkvæmdina og lauk verkinu 3. október 1968.[130] Gamli kirkjugarðurinn, sem grafinn var upp, líktist ávölum hólma vestast við syðstu áburðarskemmurnar (Gufunesvegur 19), hann var um 40 *x* 38 m að stærð og um 1,8–2 m á hæð, og var slétt móhelluklöpp undir. Við uppgröftinn komu upp 768 mannabein eða höfuðkúpur. Beinin voru sett í 125 eins kassa og voru jarðsett í nýjum kirkjugarði sunnar í túninu (264-4), nema bein Páls Jónssonar sem flutt voru til vörslu á Þjóðminjasafnið. Undir lokfjöl einnar kistunnar lá silfurskjöldur áletraður „Páll Jónsson sýslumaður, Elliðavatni, settur sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu 1801–1803, dáinn 1819“. Kistuleifar, sem voru ekki annað en fjalabútar, voru látnar fylgja kössunum og raðað á botninn undir kassana.[131]

---

[128] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Gufunes 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.

[129] *Skjalasafn Reykjavíkur*. Gufunes með Knútskoti og Eiði, Valtýr Stefánsson teiknaði vegna fyrirhugaðrar skurðagerðar árið 1922.

[130] Jón Magnússon Stardal, *Færsla á gamla kirkjugarðinum í Gufunesi 1968*. 3. október 1968.

[131] Jón Magnússon Stardal, *Færsla á gamla kirkjugarðinum í Gufunesi 1968*. 3. október 1968.



*Mynd 33. Unnið að uppgrefti á beinum í gamla grafreitnum (265-3) árið 1968. Hægra megin á myndinni sér í hús númer 21 við Gufunesveg.*[132]

Árið 1970 var nýi kirkjugarðurinn hlaðinn upp samkvæmt hönnun Reynis Vilhjálmssonar landslagsarkitekts, en Gísli B. Björnsson grafískur hönnuður og Sigurður Helgason steinsmiður önnuðust gerð og frágang á minnismerki.[133] Hugmyndir eru uppi um að friðlýsa grafreitinn.

Í skjölum um þessa færslu á beinum koma engar upplýsingar fram um að kirkjan sem lögð var af 1886 hafi fundist við framkvæmdirnar á þessum stað, líklega stóð hún á hlaðinu. Altari úr kirkjunni hefur varðveist, það barst að Úlfarsfelli eftir að kirkjan í Gufunesi var aflögð 1886. Þar var það lengi notað sem búrskápur, þar til séra Hálfdán Helgason á Mosfelli rakst á það og flutti heim að Mosfelli og notaði það við hjónavígslur. Síðar var það flutt að Reykjalundi og gert upp og er notað þar við guðsþjónustur.[134]

[132] *Þjóðminjasafn Íslands*. Ljósmynd: Skg-3134, Gufunes, færsla beina 1968. Ljósmyndari Kristján Eldjárn.
[133] Um Kirkjugarðinn í Gufunesi 15. september 1978. HF/ke Áburðarverksmiðja ríkisins, minnisblað.
[134] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A–G), bls. 185.




*Mynd 34. Kort sem sýnir byggingar og ræktun í Gufunesi, Eiði og Knútskoti árið 1922. Kornakur er merktur norðan við bæinn nálægt ströndinni. Þar var einnig að finna flög, sléttur og mógrafir.*[135]

Bæjarsjóður keypti jörðina árið 1924 ásamt Eiði og Knútskoti. Landsími Íslands lét reisa fjarskiptastöð á Gufunesmelum þegar verið var að koma á talsambandi við útlönd 1935. Síðustu

[135] *Skjalasafn Reykjavíkur*. Gufunes með Knútskoti og Eiði, Valtýr Stefánsson teiknaði vegna fyrirhugaðrar skurðagerðar árið 1922.

ábúendurnir í Gufunesi voru hjónin Þorgeir Jónsson og Guðný Guðlaugsdóttir en þau fluttu í Gufunes frá Viðey 1938. Þorgeir var landsþekktur glímukappi og hestamaður.[136]

Á hernámstímanum hafði herinn aðsetur í Gufunesi og reis þá braggahverfi norðvestan við bæinn, sjá mynd 35.



*Mynd 35. Gufunes á hernámstímanum, hernaðarmannvirki voru norðvestur af fjárhúsunum.*[137]

Áburðarverksmiðja var byggð fyrir austan bæinn árið 1952.[138] Byggingarframkvæmdir við hana höfðu mikil áhrif á allt sem fyrir var. Flytja þurfti grafreitinn og bærinn var byggður upp á nýjum stað árið 1954, eftir að verksmiðjan var komin í rekstur. Nýi bærinn stendur enn við fyrrum *Gufunesvog* en mun sunnar en sá gamli og þar er nú rekin frístundamiðstöðin Gufunesbær á vegum Reykjavíkurborgar. Hætt var að framleiða áburð í verksmiðjunni árið 2001 eftir öfluga sprengingu sem þá varð í efnaverksmiðjunni.[139] Í Gufunesvogi voru sorphaugar Reykjavíkur til langs tíma og var vogurinn þá fylltur með sorpi og hefur sú uppfylling breytt ásýnd umhverfisins mjög mikið.

[136] Atli Magnússon, *Þorgeir í Gufunesi*, bls. 100.

[137] *Landmælingar Íslands*. Loftmyndasafn: AMS loftmynd, 1946, Nr. 9/10007/2-1. 1946-08-30.

[138] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A–G), bls. 185–186.

[139] „Stærstur hluti af áburði fyrir næsta sumar tilbúinn“, *Morgunblaðið*, 3. október 2001, bls. 6.



*Mynd 36. Gufunes um 1955. Síðasti bærinn, útihús og braggi í forgrunni og áburðarverksmiðjan í baksýn.*[140]



*Mynd 37. Áburðarverksmiðjan í Gufunesi 1966. Gamli bærinn og útihúsin standa þá enn fyrir vestan verksmiðjuna.*[141]

Árið 2021 fór fram fornleifarannsókn á gamla bæjarstæði Gufuness vegna nýs deiliskipulags. Grafnir voru 13 skurðir til að kanna hvort minjar leyndust undir sverði og malbiki þar sem heimildir eru um bæjarhól, kirkju, grafreit, útihús og garðlög. Rannsóknin leiddi í ljós að vegna

[140] Atli Magnússon, *Þorgeir í Gufunesi*, bls. 64.
[141] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Ljósmynd, höf. ók. (PVB. Ábs 2002).

fyrri framkvæmda voru engin ummerki um minjar í skurðum 2–6, hafði því gamla bæjarstæði Gufuness verið grafið í burtu þegar geymsluplan var gert þar um 1990, en syðst á svæðinu í skurðum 1 og 7 komu í ljós móöskulög og torfhleðslur frá því stuttu eftir landnám en þeir skurðir eru í nágrenni við nýja grafreitinn (265-4) sjá mynd 38.[142]




*Mynd 38. Kort sem sýnir staðsetningu könnunarskurða á gamla bæjarstæði Gufuness árið 2021, skurðir 1 og 7 koma hér við sögu.*[143]



*Mynd 39. Gufunes á stríðsárunum. Horft til vesturs yfir túngarð og tún bæjarins. Á miðri mynd er gamli Gufunesvegurinn (265-16) að gamla bænum (265-1), hægra megin við hann eru braggar setuliðsins og enn lengra er olíutankur og byggðin í Viðey. Til vinstri er Knútskot við Gufunesvog og Kleppur fjær.*[144]

---

[142] Lilja Laufey Davíðsdóttir og Lilja Björk Pálsdóttir, *Gufunes. Framkvæmdarannsókn*, bls. 9.
[143] Lilja Laufey Davíðsdóttir og Lilja Björk Pálsdóttir, *Gufunes. Framkvæmdarannsókn*, bls. 20.
[144] Eggert Þór Bernharðsson, *Sveitin í sálinni. Búskapur í Reykjavík og myndun Borgar*, bls. 230.

## 4.3.2 Staðhættir, minjar og örnefni

Gufunes er landnámsjörð, bærinn var byggður á samnefndu nesi. Vestan við bæinn var *Grandi* en *Akur* norðar, þar var áður ræktað korn. Komið var að bænum úr austri eftir gamla *Gufunesvegi*. Heimræði (265-18) var í suðvestur frá bænum við *Gufunesgranda*, grandinn gekk inn í *Gufunesvoginn* og lokaði af *Lónið*. Þar var áður skipalægi eða höfn. Austan við Lónið var Knútskot sem var ein af hjáleigum frá Gufunesi. Í suðri voru *Hamarflatir* og *Gufuneshöfði*.[145]




*Mynd 40. Kort frá árinu 1908 varpað á núverandi skipulag. Kortið sýnir staðsetningu bæjanna Gufuness, Eiðis og Knútskots. Þar má sjá tún, mýrar og graslendi auk helstu vegslóða, merktir með einfaldri svartri línu samanber götunna á milli Knútskot og Eiðis. Þetta eru gömlu leiðirnar milli bæja sem hafa verið notaðar öldum saman. Gufunesvogur, Gufunesgrandi og Lónið er nú komið undir sorpfyllingar. Rannsóknarsvæði Sundabrautar er afmarkað með bleikri og svatri línu. Örnefnum hefur verið bætt inn á kortið.*[146]

---

[145] *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnaskrá: Gufunes. Heimildarmenn Bogi Eggertsson og Hjálmar Finnsson. Skrásetjari Guðbjörg Kristinsdóttir.

[146] *Landmælingar Íslands*. Kortasafn*:* „27 Reykjavík N.A," mælt 1908, útgefið 1909, 1:50.000, með viðbótum (ALG, 2024).

Áburðarverksmiðjan í Gufunesi var byggð rétt austan við gamla bæjarhólinn. Þar stóðu bæjarhúsin, kirkjan auk útihúsa, en í ljós kom síðar við framkvæmdir að gamli grafreiturinn var mun sunnar en talið var. Beinin voru tekin upp árið 1968 og flutt í nýjan grafreit sunnar (265-4), út fyrir lóð áburðarverksmiðjunar.

Bæjarhóll Gufuness hefur líklega geymt miklar minjar en við fornleifarannsókn 2021 kom í ljós að þær höfðu verið fjarlægðar, líklega um 1990. Í sömu rannsókn kom í ljós að í prufuskurði 1 og 7 var veggjabrot með landnámslagi í torfi rétt yfir landnámslaginu (in situ), þetta eru því minjarnar um upphaf byggðar í Gufunesi.[147] Á þessu svæði var stór kálgarður (265-11) og þrjú útihús (265-12, 13, 14), teiknað inn á túnakort 1916 sjá mynd 31. Hugsanlega vísa þessar minjar á eldra bæjarstæði Gufunes, sem síðar var líklega ein af hjáleigum Gufuness um 1700. Nú er búið að slétta þetta svæði en þar er nú nýi grafreitinn (265-4), búast má við minjum á þessu svæði. Aðrar fornleifar Gufuness eins og túngarðar og stekkir hafa farið undir landfyllingar og sorphauga.

## 4.3.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Gufuness

Skráðar minjar á rannsóknarsvæði fornleifa vegna Sundabrautar í landi Gufuness eru 30 talsins, 17 fornleifar og 13 yngri minjar.




*Mynd 41. Kortið sýnir dreifingu fornleifa og yngri minja á rannsóknarsvæði menningarminja vegna Sundabrautar í landi Gufunes.*[148]

[147] Lilja Laufey Davíðsdóttir og Lilja Björk Pálsdóttir, *Gufunes. Framkvæmdarannsókn*, bls. 20–35.
[148] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR).




*Mynd 42. Kortið sýnir dreifingu fornleifa og yngri minja á rannsóknarsvæði vegna Sundabrautar þar sem það fer í gegnum syðsta hluta af bæjarstæði Gufunes.*[149]

## Gufunes 265-4 Grafreitur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-4** | Gufunes | Grafreitur | Grafreitur | 1978 | 363053 | 408452 | | | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Nýi grafreiturinn er norðan við Gufunesveg milli skrifstofuhús áburðarverksmiðjunar Gufunesvegar 17 og Sorpu, Gufunesvegar 10. Kirkja var í Gufunesi frá því fyrir 1180 fram til ársins 1886. Talið var að kirkjan og grafreiturinn hafi verið um 20–30 metrum sunnan við bæinn samkvæmt túnakorti af Gufunesi frá 1916. Þegar grafið var fyrir verksmiðjunni í Gufunesi árið 1968 var komið niður á grafreitinn (265-2) samkvæmt heimildum er kirkjugrunni ekki lýst við uppgröftinn. Samkvæmt merkingu í kirkjugarði voru beina- og kistuleifar úr kirkjugrunni og kirkjugarði fluttar í nýjan grafreit sunnar (265-4) og þar er nú klukknaport.[150]
**Lýsing:** Hringlaga, um 35 m í þvermál að utan, en 15–19 m að innan. Veggir úr torfi, 0,8 m á hæð að innanverðu og lækka jafnt út. Klukknaport er í norðvestur. Í garðinum er minnisvarði úr steini (granít) sem á stendur:

> „Hér hvílir duft þeirra, sem greftraðir voru að Maríukirkju í Gufunesi. Kirkja var í Gufunesi í fullar sjö aldir. Árið 1886 var hún niður lögð. Moldir kirkjugrunns og kirkjugarðs voru hingað fluttar árið 1968 til þess að friða þær fyrir umferð og mannvirkjagerð. SÆLIR ERU DÁNIR, ÞEIR SEM Í DROTTNI DEYJA. Op. 14,13. JESÚS KRISTUR ER Í GÆR OG Í DAG HINN SAMI OG UM ALDIR. Hebr. 13,8.“

---

[149] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR).
[150] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Gufunes 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði; *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnaskrá: Örnefnalýsing Keldna, Gufuness og Eiðis. Skrásetjari Guðlaugur R. Guðmundsson. Reykjavík 1984.



*Mynd 43. Grafreitur í Gufunesi, horft til suðurs.*

## Gufunes 265-11 Kálgarður

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-11** | Gufunes | Kálgarður | Heimild | 1916 | 363033 | 408460 | 30 | 28 | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Kálgarðar Gufuness voru tveir árið 1916 og voru um 1240 m$^2$. Sá stærri var 140 m suðsuðaustur af íbúðarhúsinu og var um 840 m$^2$.[151]
**Lýsing:** Horfinn. Líklegt að minjar séu undir sverði.



*Mynd 44. Hluti af túnakorti Gufuness frá 1916, blá píla bendir á syðri kálgarðinn 265-11.*[152]

[151] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Gufunes 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.
[152] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Gufunes 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.

## Gufunes 265-12 Fjárhús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-12** | Gufunes | Fjárhús | Heimild | 1916 | 363020 | 408469 | 6 | 4 | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Fjárhúsin voru þrjú og stóðu um 130 m suðsuðaustur af íbúðarhúsinu samanber túnakort 1916. Vestasta húsið var 4 *x* 6 m, miðjuhúsið var 4 *x* 10 m og austasta húsið var 4 *x* 3 m, sjá túnakort við skráningu (265-11).[153]
**Lýsing:** Horfið. Vestasta húsið var 4 *x* 6 m. Líklegt að minjar séu undir sverði.

## Gufunes 265-13 Fjárhús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-13** | Gufunes | Fjárhús | Heimild | 1916 | 363026 | 408475 | 10 | 4 | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Fjárhúsin voru þrjú og stóðu um 130 m suðsuðaustur af íbúðarhúsinu samanber túnakort 1916. Vestasta húsið var 4 *x* 6 m, miðjuhúsið var 4 *x* 10 m og austasta húsið var 4 *x* 3 m, sjá túnakort við skráningu (265-11).[154]
**Lýsing:** Horfið. Miðjuhúsið var 4 *x* 10 m. Líklegt að minjar séu undir sverði.

## Gufunes 265-14 Fjárhús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-14** | Gufunes | Fjárhús | Heimild | 1916 | 363035 | 408477 | 4 | 3 | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Fjárhúsin voru þrjú og stóðu um 130 m suðsuðaustur af íbúðarhúsinu samanber túnakort 1916. Vestasta húsið var 4 *x* 6 m, miðjuhúsið var 4 *x* 10 m og austasta húsið var 4 *x* 3 m, sjá túnakort Gufuness 1916 við skráningu (265-11).[155]
**Lýsing:** Horfið. Austasta húsið var 4 *x* 3 m. Líklegt að minjar séu undir sverði.

## Gufunes 265-15 Gata

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-15** | Gufunes | Gata, í þéttbýli | Heimild | 1916–1973 | 363023 | 408501 | 80 | 3,5 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Vegur lá frá bæjarhlaði Gufunesbæjarins um 80 m til suðausturs að þremur fjárhúsum, sjá túnakort Gufuness 1916 við skráningu (265-11).[156]
**Lýsing:** Horfin.

[153] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Gufunes 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.
[154] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Gufunes 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.
[155] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Gufunes 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.
[156] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Gufunes 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.

# Gufunes 265-16 Gamli Gufunesvegurinn

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-16** | Gamli Gufunesvegur | Vegur, tröð | Vegur | 1850–2002 | 363344 | 408573 | 443 | 3,5 | Sæmilegt | Að hluta |

**Staðhættir:** Gamli Gufunesvegurinn lá í austur frá bæjarstæði Gufuness og upp á Gufunesmela, bæjartröðin sjálf er horfin vegna framkvæmda og bygginga en vegurinn er enn á sama stað. Hann liggur frá skrifstofubyggingu gömlu áburðarverksmiðjunnar, sem nú telst Gufunesvegur 17, í austur að brekkurótum að afleggjara sem lá að starfsmannabústöðum verksmiðjunnar (265-55). Þaðan liggur óbreyttur malarvegur áfram austur og upp brekkuna að nýlegum áningar- og útsýnisstað við Strandveg. Vegurinn var í notkun þar til um 1950 þegar áburðarverksmiðjan var reist á túnum Gufuness. Vegurinn er teiknaður á herforingjaráðskort frá 1909 sem gata eða slóði frá Gufunesbænum norðan við Keldnaholt að Mosfellssveitarvegi (263-45). Hluti af veginum, um 370 m, er teiknaður á túnakort Gufuness frá 1916, sjá túnakort Gufuness.[157]
**Lýsing:** Vegurinn er malbikaður þaðan sem áður var aðalinngangur áburðarverksmiðjunnar til austurs að brekkurótum, þar sem starfsmannahúsin stóðu. Þaðan liggur hann austur og upp brekkuna sem óbreyttur malarvegur, um 3 m á breidd, með upphlöðnum köntum og grjótpúkki en efsti hluti hans hefur tekið breytingum við gangstígagerð.



*Mynd 45. Gamli Gufunesvegurinn (265-16), horft til vesturs niður brekkuna frá Gufunesmelum að húsum áburðarverksmiðjunnar. Vegurinn er óbreyttur malarvegur í brekkunni en malbikaður frá afleggjaranum að starfsmannahúsunum (265-55).*

[157] *Landmælingar Íslands*. Kortasafn*:* „27 Reykjavík N.A," mælt 1908, útgefið 1909, 1:50.000; *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Gufunes 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.



*Mynd 46. Efri hluti Gamla Gufunesvegar (265-16) í brekkunni, leifar af honum eru norðan við nýju tröppurnar.*

# Gufunes 265-18 Hjallur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-18** | Gufunes | Hjallur | Heimild | 1850 | 362794 | 408327 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Í örnefnalýsingu frá árinu 1975 segir: „Frá bænum að sjónum (í suður) lá gata sem enn sést vel. Þar var hjallur og þaðan var stundað útræði frá Gufunesi.“[158] Leiðin sést á loftmynd frá 1946 og er merkt inn á kort frá 1922.[159]
**Lýsing:** Horfinn.




*Mynd 47. Gufunes á loftmynd frá 1946, hjallur (265-18) var á efst á Gufunesgrandanum.*[160]

[158] *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnaskrá: Gufunes. Heimildarmaður Þorgeir Jónsson. Skrásetjari Einar Magnússon.
[159] *Landmælingar Íslands*. Loftmyndasafn: AMS loftmynd, 1946, Nr. 9/10007/2-1. 1946-08-30; *Skjalasafn Reykjavíkur*. Kortasafn: Gufunes með Knútskoti og Eiði, Valtýr Stefánsson teiknaði.
[160] *Landmælingar Íslands*. Loftmyndasafn: AMS loftmynd, 1946, Nr. 9/10007/2-1. 1946-08-30.

# Gufunes 265-24 Mógrafir

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-24** | Gufunes | Mógröf | Heimild | 1850 | 363181, 362882 | 408308, 408364 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Á kort frá 1922 eru merktar inn mógrafir á tveimur stöðum, sú vestari var um 230 m suðvestur af bæjarstæðinu og var 20 *x* 40 m en hin var um 320 m suðaustur af bæjarstæðinu og var 23 *x* 36 m.[161]
**Lýsing:** Horfnar.




*Mynd 48. Hluti af korti frá 1922 af Gufunesi, Knútskoti og Eiði, blá píla bendir á svæðið þar sem mógrafir (265-24) voru.*[162]

[161] *Skjalasafn Reykjavíkur*. Kortasafn: Gufunes með Knútskoti og Eiði, Valtýr Stefánsson teiknaði árið 1922.
[162] *Skjalasafn Reykjavíkur*. Kortasafn: Gufunes með Knútskoti og Eiði, Valtýr Stefánsson teiknaði árið 1922.

## Gufunes 265-31 Heimræði

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-31** | Gufunes | Heimræði | Heimild | 1703–1973 | 362809 | 408305 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Heimræði var frá Gufunesi þegar Jarðabók Árna og Páls var tekin saman 1704: „Heimræði hefur að fornu verið haust og vor, þegar fiskur gekk inn til sunda, og má enn vera, ef fiskurinn legst að, annars minnast menn ei að hjer hafi verstaða verið fyrir aðkomandi sjófólk.“[163] Í örnefnalýsingu frá árinu 1975 segir: „Frá bænum að sjónum (í suður) lá gata sem enn sést vel. Þar var hjallur og þaðan var stundað útræði frá Gufunesi.“[164] Leiðin sést á loftmynd frá 1946 og mögulega hjallurinn (265-18) á fjörukambinum.[165]
**Lýsing:** Horfið.

## Gufunes 265-39 Sjávargata

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-39** | Sjávargata | Leið | Heimild | 1900-1973 | 362830 | 408345 | 280 | 3 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Gata lá frá bæjarhúsunum í suðvestur að Gufunesgranda þar sem útræði var og hjallur. Í örnefnalýsingu frá árinu 1975 segir: „Frá bænum að sjónum (í suður) lá gata sem enn sést vel. Þar var hjallur og þaðan var stundað útræði frá Gufunesi.“[166] Leiðin sést á loftmynd frá 1946 og mögulega hjallurinn á fjörukambinum.[167]
**Lýsing:** Horfin.

## Gufunes 265-40 Stekkur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-40** | Gufunes | Stekkur | Heimild | 1900 | 363476 | 408414 | 40 | 20 | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Á AMS loftmynd frá árinu 1946 má greina hleðslur á tveimur stöðum austan við túngarð (265-71) Gufuness þar sem nú er uppfylling milli Gufunesvegar og Strandvegar. Túngarðurinn lá með brekkurótum undir Gufunesmelum norðan frá Eiðsvík við Bása til suðurs að Knútskoti.[168]
**Lýsing:** Horfin að hluta, gæti leynst undir sverði. Austan við túngarðinn var stekkur eða rétt, stærð 40 *x* 20 m, op var í suður.

---

[163] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* III. bindi, bls. 301.
[164] *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnaskrá: Gufunes. Heimildarmaður Þorgeir Jónsson. Skrásetjari Einar Magnússon.
[165] *Landmælingar Íslands*. Loftmyndasafn: AMS loftmynd, 1946, Nr. 9/10007/2-1. 1946-08-30.
[166] *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnaskrá: Gufunes. Heimildarmaður Þorgeir Jónsson. Skrásetjari Einar Magnússon.
[167] *Landmælingar Íslands*. Loftmyndasafn: AMS loftmynd, 1946, Nr. 9/10007/2-1. 1946-08-30.
[168] *Landmælingar Íslands*. Loftmyndasafn: AMS loftmynd, 1946, Nr. 9/10007/2-1. 1946-08-30.




*Mynd 49. Gufunes árið 1946. Austarlega á myndinni (t.h.) sést túngarður (265-71) sem liggur með brekkurótum og tveir stekkir (265-40 og 41) austan við hann.*[169]

## Gufunes 265-41 Stekkur

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-41** | Gufunes | Stekkur | Heimild | 1900 | 363487 | 408335 | 25 | 9 | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Á AMS loftmynd frá árinu 1946 má greina hleðslur á tveimur stöðum austan við túngarð (265-71) Gufuness, þar sem nú er uppfylling milli Gufunesvegar og Strandvegar. Túngarðurinn lá með brekkurótum undir Gufunesmelum norðan frá Eiðsvík við Bása til suðurs. Hleðslurnar gætu hafa verið stekkur eða rétt. Stekkur (265-41) er um 30 m fyrir sunnan stekk (265-40) undir hlíðinni, austan og sunnan við túnin.[170]
**Lýsing:** Horfin að hluta, gæti leynst undir sverði. Stekkurinn hefur verið hlaðinn upp að túngarði (265-71) sem myndar vesturhlið hans, sjá mynd við skráningu (265-40).

## Gufunes 265-43 Höfn, Gufunesvogur

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 265-43 | Gufunesvogur | Höfn | Heimild | 900–1782 | 362854 - 363140 | 407944 - 407811 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** „Milli gamla og nýja bæjarins var grandi og fyrir innan hann lón. Höfn var á grandanum, ekki inni í lóninu.“[171] Skúli Magnússon lýsir hafnaraðstöðu við Knútsvík (Gufunesvog) um 1782, hann telur hana mjög örugga vetrarhöfn sex smáskipum. „Hún verður þurr um fjöru, hefur mjúkan leir í botn, en er 7–8 feta djúp um flóð, þar sem siglt er inn í hana.“[172] Líklegast var þessi staður notaður sem höfn frá landnámi.
**Lýsing:** Horfin undir landfyllingu og sorp. Skip gætu leynst í gamla Gufunesvogi.

[169] *Landmælingar Íslands*. Loftmyndasafn: AMS loftmynd, 1946, Nr. 9/10007/2-1. 1946-08-30.
[170] *Landmælingar Íslands*. Loftmyndasafn: AMS loftmynd, 1946, Nr. 9/10007/2-1. 1946-08-30.
[171] *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnaskrá: Gufunes. Heimildarmaður Þorgeir Jónsson. Skrásetjari Einar Magnússon, bls. 1.
[172] Skúli Magnússon, „Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu.“ *Landnám Ingólfs* I–III. bindi, bls. 132.

## Gufunes 265-71 Túngarður

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-71** | Gufunes | Túngarður | Heimild | 1900 | 363449 | 408505 | 720 | 1 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Eystri túngarður Gufuness lá frá Eiðsvík við Bása til suðurs með brekkurótum við Gufunesmela að Knútskoti. Austan við túngarðinn voru tveir stekkir (265-40 og 265-41). Sjá kort af Gufunesi frá 1922 í sögukafla og loftmynd við skráningu á stekk (265-40).
**Lýsing:** Horfinn. Mæld lengd á túngarði á loftmynd er um 720 m.

## Gufunes 265-72 Gata

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-72** | Gufunes | Gata | Gata, heimild | 1800 | 363859 | 408731 | | | Gott | Að hluta |

**Staðhættir:** Gata lá á milli Knútskots og Eiðis. Leiðin er merkt inn á Herforingjaráðskort frá árinu 1909,[173] sjá mynd 40. Gatan lá þar sem nú er Strandvegur norður að gatnamótum við Borgarveg en þar sveigði hún upp á Gufunesmela og lá eftir þeim langleiðina að bæjarstæði Eiðis og endaði 50 m vestan og ofan við bæinn. Hluti af götunni er sýnilegur norðarlega á Gufunesmelum og var í notkun fram eftir 20. öldinni.
**Lýsing:** Gatan er horfin við Knútskot vegna framkvæmda en er greinileg norðar á Gufunesmelum sem malarslóði austan við Hallsteinsgarð að tóftum útihúss (267-49) og þaðan grasigróinn slóði norðan við gangstíg þar sem hann endar 50 m ofan og vestan við Eiði.



*Mynd 50. Gata (265-72) sem lá að Eiði, malarslóði austan við Hallsteinsgarð. Horft til norðausturs.*

[173] *Landmælingar Íslands*. Kortasafn: „27 Reykjavík N.A," mælt 1908, útgefið 1909, 1:50.000.




*Mynd 51. Gata (265-72) að Eiði, malarslóði austan við Hallsteinsgarð en síðan grasigróinn slóði við gangstíg og þangað sem gatan endar, fyrir ofan bæjarstæði Eiðis sem ber við Eiðsvík fyrir miðri mynd.*

## Gufunes 265-74 Landnámsminjar

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-74** | Gufunes | Óþekkt, torfhleðsla | Hleðsla, mannvirki | 900 | 363012 | 408464 | | | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Árið 2021 var gerð fornleifarannsókn á gamla bæjarhól Gufunesbæjarins vegna nýs deiliskipulags. Grafnir voru 13 skurðir, rannsóknin leiddi í ljós mikið rask á svæðinu. Minjar voru í skurðum nr. 1 og 7, mööskulög og torfhleðslur frá því stuttu eftir landnám, en engar í skurðum 2–6, aðeins nútímarask og blönduð mööskulög með viðarkolum og brenndum beinum.[174]
Skurður nr. 1 er rétt norðan við nýja grafreitinn (265-4) og skurður nr. 7 liggur út frá honum til suðurs. Þetta er á þeim slóðum þar sem útihús (265-12, 13, 14,) eru teiknuð á túnakort frá 1916. Byggð hefur verið á þessu svæði frá fyrstu tíð. Hugsanlega er þetta elsta bæjarstæðið.
**Lýsing:** Skurður nr. 1 var rúmir 125 m að lengd og lá nokkurn veginn suðvestur-norðaustur. Frá austurenda á 90–97 m komu í ljós miklar mannvistarleifar – torfhleðsla sem virtist vera af nokkuð óröskuðu mannvirki. Hleðslan var nánast beint ofan á landnámslaginu sem var einnig í torfinu. Vestan við hleðsluna voru mööskulög. Til að fá betri mynd af minjunum var opnaður annar skurður út frá hleðslunni, skurður 7, og þá kom mannvirkið betur í ljós. Skurður nr. 7 var grafinn út frá torfhleðslunni til suðvesturs um 33 m og lá nánast norður-suður. Í honum var framhald á torfhleðslunni, það er því nokkuð víst að þarna er einhvers konar mannvirki og innan þess er móaska.[175]

---

[174] Lilja Laufey Davíðsdóttir og Lilja Björk Pálsdóttir, *Gufunes. Framkvæmdarannsókn*, bls. 9.
[175] Lilja Laufey Davíðsdóttir og Lilja Björk Pálsdóttir, *Gufunes. Framkvæmdarannsókn*, bls. 20–26.




*Mynd 52. Kort sem sýnir staðsetningu könnunarskurða á gamla bæjarstæði Gufuness árið 2021.*[176]




*Mynd 53. Mynd úr skýrslu rannsóknarinnar. Mannvirki sem fannst í skurðum 1 og 7 við fornleifarannsókn á gamla bæjarstæði Gufuness árið 2021.*[177]

---

[176] Lilja Laufey Davíðsdóttir og Lilja Björk Pálsdóttir, *Gufunes. Framkvæmdarannsókn*, bls. 20.
[177] Lilja Laufey Davíðsdóttir og Lilja Björk Pálsdóttir. *Gufunes. Framkvæmdarannsókn*, bls. 27.

# Gufunes – yngri minjar á rannsóknarsvæðinu

*Tafla 3. Yngir minjar í landi Gufuness á rannsóknarsvæði fornleifa vegna Sundabrautar*

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-28** | | Byssustæði | Niðurgröftur, herminjar | 1940 | 363663 | 408732 | 5,6 | 5,6 | Gott | Nei |
| **265-29** | | Skotgröf | Grjótgarður, herminjar | 1940 | 363649 | 408727 | 30 | 3 | Gott | Nei |
| **265-30** | | Skotgröf | Grjótgarður, herminjar | 1940 | 363783 | 408785 | 23 | 3,3 | Gott | Nei |
| **265-55** | Starfsmannahús, Gufunesvegi 1 | Starfsmanna-hús | Íbúðarhús | 1952 | 363520 | 408598 | | | Ómetið | Já |
| **265-56** | Dofri | Íbúðarhús | Íbúðarhús | 1954 | 362664 | 407661 | 14 | 13 | Gott | Nei |
| **265-64** | | Vegur | Heimild, vegur | 1950 | 362708 | 407467 | 1030 | 3 | Gott | Að hluta |
| **265-65** | | Skotgröf | Niðurgröftur, herminjar | 1940 | 363649 - 363674 - 363690 | 408608 - 408647 - 408665 | 3 | 3 | Gott | Nei |
| **265-66** | | Skotgröf | Niðurgröftur, grjótgarður | 1940 | 363590 | 408502 | 18 | 4 | Gott | Nei |
| **265-67** | | Byssustæði, Skotgröf | Herminjar | 1940 | 363596 | 408445 | | | Gott | Nei |
| **265-68** | | Vatnsgeymir | Heimild | 1952–2009 | 363680 | 408596 | 16 | 12 | Ómetið | Já |
| **265-69** | | Útihús | Heimild | 1975 | 363516 | 408512 | 21 | 9 | Ómetið | Já |
| **265-70** | | Útihús | Heimild | 1970 | 363511 | 408354 | 7 | 6 | Ómetið | Já |
| **265-73** | | Skotgröf | Niðurgröftur, herminjar | 1940 | 362623 | 407628 | 4,7 | 4,5 | Gott | Nei |

# Hluti II: Gufunes – Geldinganes

## 4.4 Eiði – 267

### 4.4.1 Eiði, saga

Eiði var býli við sunnanverða *Eiðsvík* suðvestur af *Eiðsgranda*. Jörðin var austur af Gufunesi og norðvestur frá Korpúlfsstöðum. Nafnið er að sjálfsögðu dregið af rifinu eða eiðinu (Eiðsgranda) sem tengir *Geldinganes* við land og áður flæddi þar yfir á flóði. Geldinganesið var meirihlutinn af jarðnæði Eiðis en lítill hluti var landmegin.

Um upphaf búskapar á jörðinni er lítið vitað en í elstu rituðu heimildum um jörðina var hún orðin eign Viðeyjarklausturs. Í skrá um leigumála á jörðum Viðeyjarklausturs frá árinu 1313 segir „[...] ij c leiga: ok helmingar sad: med landi kyr ok vj ær." Árið 1395 var leigan sú sama.[178]

Eiði varð síðan eign konungs við siðskiptin. Í fógetareikningum frá árunum 1547–1552 koma fram leigugjöld jarðarinnar til konungs: „Jtem med Eijde ij legekiör.vj for. lansskyldt x öre. ij lege vj förenger smör dt. oc thenne landskyldt tog Morthen smedt ij sijt kop." Leigan var nánast eins öll árin.[179]

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir að jörðin sé konungsjörð. Ábúendur til helminga voru Ólafur Grímsson og Magnús Grímsson. Landskuld jarðarinnar var að því er virðist 40 álnir. Leigukúgildi voru þrjú, eitt og hálft hjá hvorum. Kvikfénaður Ólafs voru fjórar kýr, einn kálfur og tveir hestar. Hjá Magnúsi voru þrjár kýr og eitt hross. Jörðin var sögð geta fóðrað sex kýr naumlega. Heimilismeðlimir voru fimm hjá Ólafi og fjórir hjá Magnúsi. Engar hjáleigur voru skráðar undir jörðina en í Geldinganesi norðan við Eiðsgranda eru tóftir og garðlög (267-138) þar sem gæti hafa verið hjáleiga eða eldra bæjarstæði Eiðis. Ekki er getið um selstöðu frá Eiði. Hins vegar var þar „[h]eimræði árið um kring meðan fiskur gekk inn á sundin, þó ekki so að hjer væri verstaða fyrir aðkomandi fólk".[180] Líklegt er að heimræðið hafi verið frá Réttarnesi, á Geldinganesi, en þaðan hefur verið styttra á góð mið. Á Réttarnesi er að finna naust (267-63) og lítil bæjarhús (267-62) auk hugsanlegrar réttar (267-22) en það mannvirki er að mestu horfið vegna sjávarrofs. Sölvafjara var í Geldinganesi, sem erfitt var að komast að, auk marhálms sem kom til bjargar búpeningi í heyskorti.[181]

Jörðin Eiði var lögð til Gufuness og nytjuð þaðan frá 1752 þegar spítali var fluttur frá Viðey í Gufunes. Spítalinn mun hafa verið nokkurs konar gamalmennahæli en hann var lagður niður árið 1793.[182] Upp úr 1760 voru haldin naut í Geldinganesi sem fóður fyrir fálka sem voru veiddir hér á landi og geymdir í Fálkahúsinu, sem var fyrst á Bessastöðum en síðar í Reykjavík. Danska stjórnin sendi svo fálkaskip á hverju ári til að sækja fuglana. Það var í verkahring landfógeta að greiða andvirði fálkanna, kaupa stórgripi sem fóður fyrir þá og sjá um að nægilegt fálkahey væri um borð í skipunum sem flutti þá til konungs. Sumarið 1761 voru sendir út 106 fálkar og þurftu hverjir tíu fálkar tvö rígfullorðin naut í nesti auk fuglakjöts og sauðakjöts sem haft var til bragðbætis.[183]

---

[178] *Íslenzkt fornbréfasafn*, II. bindi, bls. 377; *Íslenzkt fornbréfasafn*, III. bindi, bls. 598.
[179] *Íslenzkt fornbréfasafn,* XII. bindi, bls. 111, 137, 152, 172 og 399.
[180] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi, bls. 305–307.
[181] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi, bls. 306–307.
[182] Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*, bls. 96.
[183] Árni Óla, „Fálkahúsið og fálkaverslun konungs." *Lesbók Morgunblaðsins*, 19. nóvember 1967, bls. 10; Árni Óla, „Fálkahúsið og fálkaverslun konungs." *Lesbók Morgunblaðsins*, 26. nóvember 1967, bls. 10–12.

Í raun er ekki mikið vitað um bæjarhúsin né ræktunina fyrr en árið 1836 þegar bærinn var metinn, þá í einkaeign. Þá bjuggu á jörðinni Björn Bjarnason bóndi og kona hans, Kristín Sigurðardóttir, samkvæmt manntalinu 1835 ásamt þremur börnum, tveimur dætrum hennar og syni þeirra. Í úttektinni koma fram upplýsingar um húsakost sem þá var: *baðstofa*, *eldhús*, *búr*, *göng* og *fjós* fyrir fjórar kýr og einn griðung ásamt hey- og kartöflugörðum.[184]

Eiði var úrskurðað til sölu 17. maí 1837 og var þá í eyði. Kaupverðið var 350 ríkisdalir og 251 ríkisdalur fyrir Geldinganes. Árið 1840 bjuggu tvær fjölskyldur í Eiði, samtals átta manns, en árið 1845 var engin búseta þar. Samkvæmt Jarðatali Jóns Johnsen frá 1847 var Eiði þá í einkaeign með einum ábúanda, leiguliða. Dýrleiki var metinn á rúm tíu hundruð, landskuld 60 álnir. Þegar jarðamat var gert 1849–1850 bjó enginn í Eiði en beitiland í Geldinganesi var þá sagt gott bæði vetur og sumar, mótaka var auk þess góð. Árin 1855 og 1860 var tvíbýlt í Eiði og þar bjuggu tíu manns. Árið 1870 var enginn skráður í Eiði en 1880 bjuggu þar þrír.[185]




*Mynd 54. Túnakort af Eiði frá 1916, brotalína afmarkar ógirtan jaðar túnsins. Á túnakortinu eru sömu hús sem voru tekin út 1910, baðstofa, bæjardyr, eldiviðarhús, heyhlaða og kofar.[186]*

Á árunum 1882–1884 voru reist fiskverkunarhús á vegum Ottos Wathne, kaupmanns í Geldinganesi. Reksturinn lagðist fljótlega af og voru húsin þá tekin niður og flutt til Fáskrúðsfjarðar.[187] Frá þessu er sagt í Ísafold 8. júní 1882 undir titlinum „Hið sunnlenzka

---

[184] *Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar*. Úttektarbók 1833–1839, bls. 56; *Þjóðskjalasafn Íslands*. Manntal: 1835.

[185] Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*, bls. 96 og 438; *Þjóðskjalasafn Íslands*. Manntöl: 1840,1845, 1860, 1870 og 1880.

[186] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Eiði 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.

[187] „Hið sunnlenzka síldarveiðafjelag," *Ísafold,* 8. júní 1882, bls. 48; Jón Þ. Ólafsson, „Saltfiskverkun við Sundin blá." *Ægir*, 11. tbl. 1990, bls. 595.

síldarveiðafjelag“, að hingað væri komið skip frá Noregi hlaðið alls kyns veiðarfærum, salti og tunnum og 20 norskir veiðimenn. Skipið lá þá við Geldinganes þar sem þeir höfðu fundið byggingarstæði fyrir allstórt timburhús sem einnig kom með skipinu. Átti helmingur fiskimannanna að búa þar og reka veiðina þaðan en hinir áttu að vera á skipinu og stunda veiði þar sem til síldar fréttist.[188] Þetta er væntanlega sama hús og var síðar auglýst til sölu í Þjóðólfi þann 14. febrúar 1885:

> „Til sölu er timburhúsið í Geldinganesi, ekki 3 ára gamalt, 30 álna langt, 14. al. breitt og 4 álnir undir loft, 1 alin milli bita bæði undir gólfi og lofti; stoðaröð undir bitum eftir endilöngu húsinu miðju; uppi eru 4 herbergi (um 7 al. löng hvert) vel umvönduð með 9 rúmstæðum; tvöfalt gólf í öllum herbergjunum. Húsið selst til burtflutnings og verður falt til 14. maí. Lysthafendur semji við Jón Þórðarson í Ártúnum, eða Ólaf gullsmið Sveinson í Reykjavík.“[189]

Ekki er vitað nákvæmlega hvar húsið stóð en talið líklegast að það hafi verið á norðanverðum Eiðsgranda eða upp af honum. Talið er að Otto hafi reist fyrstu síldarbræðslustöðina á landinu í Geldinganesi. Lögð var dragnót fyrir Grafarvoginn, líklega þar sem *Síldveiðigarðurinn* er og vogurinn er þrengstur, nótin fylltist af síld og laxi þegar flæddi út. Eitt sinn sprakk nótin undan allri fiskmergðinni og fljótlega eftir það lagðist þessi veiðiskapur niður.[190]

Árið 1890 bjó ein fjölskylda, samtals fimma manns, í Eiði og árið 1901 var skráð þar sex manna fjölskylda og sjö karlar til viðbótar, fjórir sagðir húsbændur, tveir leigjendur og einn aðkomandi.[191]

Árið 1910 voru torfhús á Eiði tryggð, *baðstofa, bæjardyr, eldiviðarhús, heyhlaða* og *kofar,* metin á 325 kr. Eigandi og ábúandi var þá Páll Gestsson ásamt sex manns.[192]

Á Eiðsgranda um 1913 voru leigð pláss fyrir skip sem voru lögð upp þar til hreinsunar.[193] Ekki er ljóst hvar það fólk bjó, kannski í skipunum sjálfum, á Eiði eða í kotinu norðan við Eiðið (267-138). Árið 1920 bjó líklegast enginn í Eiði. Húsin voru skráð í eyði 15. október 1921 og trygging þá felld niður.[194]

Finna má auglýsingar um hagabeit í Geldinganesi fyrir hesta, sauðfé og nautgripi í tímaritum frá árinu 1908 til ársins 1925 en þá var hestamannafélaginu Fáki leigt Geldinganes.[195]

---

[188] „Hið sunnlenzka síldarveiðafjelag,“ *Ísafold,* 8. júní 1882, bls. 48.

[189] „Til sölu er timburhúsið í Geldinganesi,“ *Þjóðólfur*, 14. febrúar 1885, bls. 28.

[190] „Þegar fiskveiðiflotinn lá á Eiðsvík“, *Morgunblaðið*, 11. ágúst 1936, bls. 7.

[191] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Manntöl 1890 og 1901.

[192] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Manntal 1920; *Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar*. HerMos 2003/17, Vátryggingabók 1909–1932. Bæjarnafnið Eyði, vátryggingarnúmer 35, bls. 34 (51).

[193] „Hagaganga,“ *Vísir*, 5. júní 1913, bls. 2.

[194] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Manntal 1910; *Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar*. HerMos 2003/17, Vátryggingabók 1909–1932. Bæjarnafnið Eyði, vátryggingarnúmer 35, bls. 34 (51).

[195] „Þeir sem vantar gott haglendi...,“ *Ísafold*, 15. ágúst 1908, bls. 196; „Hagaganga,“ *Vísir*, 5. júní 1913, bls. 1; „Frá bæjarstjórnarfundi,“ *Dagblaðið*, 3. apríl 1925, bls. 2.



*Mynd 55. Landmælingamaður við Eiði. Bæjarhúsin, þriggja bursta torfbær, í baksýn.*[196]

Árið 1924 keypti bæjarstjórn Reykjavíkur Gufunes ásamt Eiði. Var það ekki síst til að koma í veg fyrir að upp risi togaraútgerð á landi í einkaeign rétt utan við mörk Reykjavíkur eins og þau voru þá en hugmyndir höfðu verið uppi um slíkt.[197]



*Mynd 56. Útiskemmtun við Eiði, horft að Geldinganesi. Fundarhúsið er vestan við stórt tjald sem ber í Eiðsgranda.*[198]

Á fyrri hluta 20. aldar efndi Sjálfstæðisflokkurinn árlega til útiskemmtunar á Eiði. Samgöngur við staðinn voru þá nær allar á sjó fyrst og voru Reykvíkingar fluttir á fjölda smábáta úr

[196] *Þjóðminjasafn Íslands*. Ljósmynd: Lpr/2011-79-1. Ljósmyndari Hallgrímur Sigtryggsson. 1910–1930.
[197] „Samkomuhús verður reist að Eiði," *Morgunblaðið,* 19. maí 1938, bls. 2.
[198] *Þjóðminjasafn Íslands*. Ljósmynd: þþ-569. Ljósmyndari Þorleifur K. Þorleifsson. 1938–1941.

Reykjavíkurhöfn að Eiði, þar var sjálfgerð bryggja frá náttúrunnar hendi.[199] Í maí 1938 er sagt frá því að til standi að koma þar upp veglegu fundarhúsi og veitingaskálum á skemmtistaðnum. Til að standa undir kostnaði var efnt til happdrættis til fjáröflunar. Í október var birt teikning af fyrirhuguðu samkomuhúsi í auglýsingu um hlutaveltu, skúrinn var byggður og staðsettur á Klapparnefi (267-15).[200] Margs konar skemmtiatriði voru í boði, leikfimisýningar, glíma, knattspyrna og kappsund frá Geldinganesi að Eiði. Eftir að skemmtiatriðum lauk fór fólk í sjóbað og síðar var dansað á danspalli.[201]

Þann 4. apríl 1941 var birt tilkynning frá ríkisstjórninni um að bresk hernaðaryfirvöld teldu nauðsynlegt að loka mestum hluta Eiðsvíkur fyrir allri umferð. Í kjölfar þess lagðist sumarskemmtistaður Sjálfstæðismanna niður í Eiði þar sem ekki mátti lengur sigla fólki á staðinn og ónógur bílakostur var til að flytja alla á staðinn landleiðina.[202]



**Tilkynning**

**frá ríkisstjórninni.**

**Brezku hernaðaryfirvöldin hafa talið nauðsynlegt að loka mestum hluta Eiðsvíkur fyrir allri umferð, með því að þar verður framvegis rannsóknarstöð fyrir skip.**

**Takmörk hins lokaða svæðis í Eiðsvík eru þessi:**

***Að norðan* lína, sem hugsast dregin milli nyrztu odda Viðeyjar og Geldinganess og er lína þessi merkt með duflum, auðkenndum með hvítum og rauðum rákum.**

***Að sunnan* lína, sem hugsast dregin frá norðurenda hafskipabryggjunnar í Viðey í réttvísandi austur og er lína þessi merkt með duflum, auðkenndum með hvítum og rauðum rákum.**

**Samkvæmt þessu er öllum farartækjum bönnuð umferð á framangreindu svæði. Brezku hernaðaryfirvöldin hafa tilkynnt, að sérhvert farartæki, sem fer án leyfis flotayfirvaldanna í Reykjavík inn á hið bannaða svæði, verði skotið í kaf.**

**Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið,
4. apríl 1941.**

*Mynd 57. Tilkynning um lokun Eiðis sem skemmtistaðar.*[203]

Árið 1926 sökk togarinn Íslendingur í Eiðsvík en honum hafði þá verið lagt þar. Í skipaskortinum í síðari heimstyrjöldinni árið 1942 var í það ráðist að ná Íslendingi upp og tókst það. Var þá ærið fjölskrúðugt sædýralíf í skipsskrokknum. Íslendingur var síðan lagfærður og gerður út um skeið.[204]

---

[199] Páll Líndal, *Sögustaður við Sund*, 1. bindi, bls. 118.

[200] „Samkomuhús verður reist að Eiði," *Morgunblaðið,* 19. maí 1938, bls. 2; „Hlutavelta sjálfstæðismanna er í dag!," *Vísir,* 6. október 1938, bls. 1; *Borgarskjalasafn Reykjavíkur.* Brunabótavirðingar. Aðfnr. 749, brunavirðing 15. október 1943 (br.nr. 4245), bls. 76.

[201] „Á 6. þús. manns á glæsilegri skemmtun á skemmtistað Sjálfstæðismanna, Eiði," *Morgunblaðið*, 28. júní 1938, bls. 4; „Frídagur verslunarmanna 1938," *Morgunblaðið*, 30. júlí 1938, bls. 1.

[202] „Eiði: „Engar skemmtanir í sumar vegna ónógs bílakosts og annarra örðugleika," *Vísir,* 13. ágúst 1941, bls. 2.

[203] „Tilkynning frá ríkisstjórninni," *Framsóknarblaðið*, 1. maí 1941, bls. 4.

[204] Páll Líndal, *Sögustaður við Sund*, 1. bindi, bls. 118.

## 4.4.2 Staðhættir, minjar og örnefni

Eiði er jörð austur af Gufunesi sunnan við *Eiðsvík* en þar var áður höfn og skipalægi. Á bæjarstæðinu stóðu nokkrar byggingar, þriggja bursta torfbær (267-1) ásamt nokkrum útihúsum (267-2, 3, 5 og 23). Garður (267-4) lá utan um öll húsin og lokaði svæðið af, þar var kálgarðurinn. Í norður frá bænum lá gata til sjávar (267-7) og líklega geymdi bóndinn bát sinn í *Klapparvör*. Vestan við bæjarstæðið var túngarður (267-8) sem var jafnframt landamerkjagarður milli Eiðis og Gufunes.

Sunnan við bæinn voru *Gufunesmelar* og lá leiðin (265-72) að bænum eftir þeim. Í suður og austur af bænum var *Gufunesás*, *Hádegisás*, *Veifuás* og *Litliás* nyrstur austur af *Eiðsgranda* sem tengdi *Geldinganes* við land á fjöru en á flóði flæddi yfir hluta hans, á Eiðsgranda var uppsátur. Geldneyti var haldið í Geldinganesi, það var notað sem fálkafóður fyrir fálka konungs. Er sagt að nesið dragi nafn sitt af því.[205]Geldinganes er grösugt og þar er gott beitiland, á tanga norðaustur af nesinu var líka mjög góð fjörubeit og nokkur sölvafjara. Fjárborg var í Geldinganesi þar sem Gufunesbændur höfðu sauði sína sem gengu þar mikið til sjálfala á vetrum.[206]

Í Geldinganesi eru stórar mýrar, *Suðurmýri*, *Breiðamýri* og *Helguhólsmýri* og þangað var sóttur mór (267-9). Út frá norðanverðu Geldinganesi gengur út nes sem nefnist *Helguhóll* eða *Helguklettur*. „Kletturinn er nyrst á nesinu niður við sjóinn. Munnmæli eru til um að þar hafi búið einsetukerling er Helga hét og hafi hún að einhverju leyti lifað á laxi er hún veiddi.“ Austar er svo *Norðurnes* og austast er *Réttarnes*.[207] Á Réttarnesi eru tvær tóftir, önnur talin híbýli (267-62) en hin naust (267-63). Austan við þessi mannvirki eru einkennilegar hleðslur (267-22) sem gætu hugsanlega verið leifar af rétt, þær minjar eru mjög laskaðar en sjó brýtur á Réttarnesi.

Sunnan megin á Geldinganesi upp af Eiðsgranda er minjastaður (267-138) sem var lítið kot, hjáleiga eða annar af tveimur bæjum Eiðis, engar heimildir eru um þetta býli en þar var líklega búið á 18. öld. Um 200 m vestar er fjárhústóft (267-65).

Engin ummerki finnast um hvar Otto Wathne og Sunnlenska síldarvinnslufélagið byggði sín hús á seinni hluta 19. aldar en líklegt þykir að það hafi verið á Eiðsgranda að norðan eða upp af honum. Þau voru öll flutt í burtu.

Geldinganes hefur ekki orðið fyrir miklum umhverfisáhrifum vegna framkvæmda fyrir utan grjótnámu og hafnargarð á suðvesturhluta eyjarinnar.

---

[205] Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, *Mosfellsbær, saga byggðar í 1100 ár*, bls. 122.

[206] *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnaskrá: Örnefnalýsing Keldna, Gufuness og Eiðis. Skrásetjari Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, bls. 21.

[207] *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnaskrá: Gufunes. Skrásetjari Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, bls. 21 og Örnefnaskrá: Gufunes. Heimildarmenn Bogi Eggertsson og Hjálmar Finnsson. Skrásetjari Guðbjörg Kristinsdóttir, bls. 3.

## 4.4.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Eiðis

Skráðar minjar á rannsóknarsvæði fornleifa vegna Sundabrautar í landi Eiðis eru 33 talsins, 24 fornleifar og níu yngri minjar.




*Mynd 58. Kortið sýnir dreifingu fornleifa og yngri minja á rannsóknarsvæði menningarminja vegna Sundabrautar í landi Eiðis.*[208]

[208] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR).




*Mynd 59. Kortið sýnir dreifingu fornleifa og yngri minja á rannsóknarsvæði menningarminja vegna Sundabrautar á Geldinganesi í landi Eiðis.*[209]

[209] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR).

# Eiði 267-1 Bæjarhús Eiðis

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-1** | Eiði | Bæjarhús | Grunnur | 1313–1921 | 363981 | 408919 | 15 | 7 | Slæmt | Að hluta |

**Staðhættir:** Bæjarstæði Eiðis (267-50) er nyrst á klettabrún á austanverðum malarás um 40 m suður af Eiðsvík. Bæjarstæðið er afmarkað með greinilegum garðlögum á um 43 *x* 42 m svæði. Innan garðsins var kálgarður. Þegar úttekt var gerð af húsunum 1910 voru þetta þrjú bæjarhús, baðstofa, bæjardyr og eldiviðarhús auk stakstæðrar heyhlöðu og þriggja kofa eins og túnakortið sýnir árið 1916. Allt voru þetta torfhús en timburstandþil var í suður á bæjarhúsunum. Til er ljósmynd sem sýnir þessi hús uppistandandi en búseta lagðist af í Eiði 15. október 1921.[210]
**Lýsing:** Bæjarhúsin stóðu í norðvesturhorni bæjarstæðisins og þeim hefur sennilega verið rutt til norðurs að túngarðinum þar sem nú eru jarðvegshrúgur en samkvæmt túnakorti var bil á milli bæjarhúsa og túngarðs. Greina má grunna þriggja húsveggja og mögulega má finna gólflög undir sverði. Svæðið er vaxið grasi og sinu.



*Mynd 60. Bæjarstæði Eiðis á túnakorti árið 1916 með minjanúmerum.*[211]



*Mynd 61. Bæjarstæði Eiðis teiknað eftir uppmælingu á loftmynd frá vorinu 2021.*[212]

---

[210] *Þjóðminjasafn Íslands*. Tvær ljósmyndir af bænum Eiði um 1920–1935. Teknar við landmælingar í Gufunesi. Númer: Lpr/2011-79-1 og A-HaSi-52. Ljósmyndari Hallgrímur Sigtryggsson, 1910–1930; *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Eiði 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði; *Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar*. HerMos 2003/17, Vátryggingabók 1909–1932. Bæjarnafnið Eyði, vátryggingarnúmer 35, bls. 34 (51); *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnaskrá: Gufunes. Heimildarmenn Bogi Eggertsson og Hjálmar Finnsson. Skrásetjari Guðbjörg Kristinsdóttir.
[211] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Eiði 1916, hluti. Vigfús Guðmundsson teiknaði.
[212] *Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR)*. Loftmyndir: Loftmynd 2021.



*Mynd 62. Landmælingamaður með búnað sinn við bæinn Eiði við Eiðsvík. Sennilega um 1910.*[213]



*Mynd 63. Horft til austurs yfir bæjarstæði Eiðis (267-1) frá svipuðu sjónarhorni árið og árið 1910, sjá myndinni hér á undan.*



*Mynd 64. Horft til norðurs yfir bæjarstæði Eiðis (267-1).*

[213] *Þjóðminjasafn Íslands*. Ljósmynd nr. Lpr/2011-79-1. Ljósmyndari Hallgrímur Sigtryggsson, 1910–1930.



*Mynd 65. Horft til vesturs yfir sinuvaxið bæjarstæði Eiðis (267-1).*

## Eiði 267-2 Útihús

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-2** | Eiði | Útihús | Tóft | 1916 | 363991 | 408897 | 15 | 6 | Slæmt | Að hluta |

**Staðhættir:** Á sunnanverðu bæjarstæði Eiðis, nyrst á klettabrún á austanverðum malarás um 40 m suður af Eiðsvík, eru ummerki eftir útihús. Húsið var teiknað á túnakort 1916 og hefur verið úr torfi og grjóti, tveggja hólfa. Sunnan við það var annað útihús (267-3).[214] Sjá myndir við skráningu (267-1 og 237-50) af bæjarsæðinu.
**Lýsing:** Greina má ummál hússins en í miðjunni er grasivaxin þúst.



*Mynd 66. Horft til suðvesturs að útihúsatóft (267-2).*

[214] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Eiði 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.

## Eiði 267-3 Útihús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-3** | Eiði | Útihús | Tóft | 1916 | 363987 | 408890 | 9 | 7 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Á sunnanverðu bæjarstæði Eiðis (267-50), um 100 m suður af Klapparvör, eru ummerki eftir útihús. Húsið var teiknað á túnakort 1916 og hefur verið úr torfi og grjóti, eitt hólf. Norðan við það var annað útihús (267-2), tveggja hólfa.[215] Sjá myndir við skráningu (267-1, 267-50).
**Lýsing:** Húsið hefur verið jafnað við jörðu en greina má ummál hússins og í miðjunni er grasivaxin þúst.



*Mynd 67. Horft til vesturs yfir kálgarðinn að tveimur útihúsatóftum sem hafa verið jafnaðar við jörðu á bæjarstæði Eiðis.*

## Eiði 267-4 Kálgarður

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-4** | Eiði | Kálgarður | Garðlag | 1916 | 363971 | 408894 | 45 | 43 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Á bæjarstæði Eiðis (267-50), nyrst á klettabrún á austanverðum malarás um 40 m upp og suður af Eiðsvík, um 125 m suðvestur og upp af Klapparvör og um 50 m norður af Strandvegi, er kálgarður sem teiknaður er á túnakort 1916.[216] Sjá myndir við skráningu (267-1).
**Lýsing:** Vel greinileg garðlög úr torfi og grjóti. Garðarnir liggja á milli bæjarhúsanna og mynda þannig kálgarðinn með þeim. Stærð 43 *x* 42 m, samanlagt eru garðlögin um 85 m. Garðlag á norðurhlið sem var fyrir aftan bæjarhúsin (267-1) fylgir brún ássins vestan megin, liggur 18 m til norðausturs þar tekur við um 2 m op að útihúsatóft (267-23). Í framhaldi af henni er 9 m garðlag og þá er 3 m op sem er ekki á túnakorti. Austurgarðurinn liggur síðan 37 m til suðurs og þar beygir hann 15 m í vestur að útihúsatóft (267-2). Vesturhluti garðsins er slitróttur. Suðurhluti sem lá frá útihúsi (267-3) 11 m í vestur er horfinn, samanber túnakort. Vestast við bæinn (267-1) er lítið op en vesturhlið garðsins liggur þaðan með ásnum 22 m í suður. Garðlögin liggja nánast eins og þau

[215] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Eiði 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.
[216] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Eiði 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.

eru teiknuð á túnakortið með þeirri undatekningu að opin eru fleiri, eitt 10 m að sunnan og annað 3 m að norðan, talið er að þau hafi komið til seinna.




*Mynd 68. Horft til vesturs að bæjarstæði Eiðis.*



*Mynd 69. Horft til suðurs yfir kálgarðinn (267-4) að suðausturhorni hans. Greina má beð í sinunni. Til hægri er rúst (267-2).*

# Eiði 267-5 Rúst

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-5** | Eiði | Rúst | Tóft | 1900 | 363990 | 408911 | 8,5 | 6 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Á miðju bæjarstæði Eiðis (267-50), nyrst á klettabrún á austanverðum malarás um 40 m upp og suður af Eiðsvík, er tóft full af grjóti. Tóftin var ekki teiknuð á túnakort 1916 og hefur því líklega komið til síðar.
**Lýsing:** Vel greinileg tóft sem liggur nánast norður-suður um 8,5 *x* 6 m. Veggir eru greinilegastir á vesturhlið og norðurgafli, 50 cm á breidd og 40 cm á hæð. Tóftin hefur verið fyllt af grjóti.



*Mynd 70. Horft til suðurs yfir tóft (267-5) sem hefur verið fyllt af grjóti.*

## Eiði 267-6 Brunnur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-6** | Eiði | Brunnur | Brunnur | 1900 | 364016 | 408894 | | | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Neðan og austan við bæjarstæði Eiðis, nyrst á klettabrún á austanverðum malarás um 40 m suður af Eiðsvík, er brunnur á grasigrónu svæði, 2 m neðan og austan við túngarð (267-4). Á loftmynd frá 1979 má sjá að þá var brunnurinn yfirbyggður.[217] Sjá staðsetningu við skráningu bæjarhúsa (267-1 og 267-50).
**Lýsing:** Brunnurinn er ferkantaður og um 2 *x* 2 m að utanmáli, niðurgrafinn með grjóthlöðnum hliðum. Hleðslur í kring eru um 40 cm á hæð. Fullur af vatni.



*Mynd 71. Horft norðaustur yfir brunn (267-6) austan við túngarð Eiðis að Eiðinu og Eiðsvík. Til hægri er áningarstaður á gangstígnum Eyjaleið vestan við afleggjarann að Eiðinu.*

## Eiði 267-7 Gata

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-7** | Eiði | Leið, sem vegur | Heimild | 1850 | 364009 | 408936 | 60 | 2 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Fyrir norðan bæjarstæði Eiðis, sem er fremst og austan í malarás við Eiðsvík, var gata sem teiknuð var á túnakort 1916 og lág í sveig til norðausturs, sjávargata bóndans að Klapparvör.[218] Sjá túnakort við skráningar (267-1 og 267-50).
**Lýsing:** Horfin.

[217] *Landmælingar Íslands*. Loftmyndasafn*:* Svæði nr. 27. Akurey – Geldinganes. Tökudagur: 1979-07-31. Mynd númer: F-5708.
[218] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Eiði 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.

# Eiði 267-8 Túngarður

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-8** | Eiði | Túngarður | Túngarður | 1900 | 363855 | 408801 | 130 | 2,5 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Um 150 m vestan við bæjarstæði Eiðis eru garðlög, túngarður bæjarins og landamerkjagarður á milli jarðanna Gufuness og Eiðis. Þessi garður kemur ekki fram á túnakorti Eiðis frá 1916 og er því líklega eldri.
**Lýsing:** Syðsti hluti garðsins liggur á Gufunesmelum þvert yfir Hallsteinsgarð frá gamla veginum (265-72) að Eiði um 65 m til norðvesturs að litlu hamrabelti (grjóthól) á brekkubrún. Garðlagið er jarðlægt og rofið á einum stað með malbikuðum göngustíg og við hann er nýleg merking um landamerki jarðanna Eiðis og Gufuness. Um 25 m austar, neðan við hamrabeltið, heldur garðurinn svo áfram 30 m til norðurs niður brekkuna þar sem hann endar í grjóthrúgu ofan við götuslóða (gamlan línuveg). Garðurinn er þar um 2,5 m á breidd og mest 70 cm á hæð, grasigróinn. Frá grjóthrúgunni liggur síðan yngra garðlag um 16 m til norðausturs (1960). Túngarðurinn náði áður til sjávar og er greinilegur á loftmyndum allt fram á níunda áratuginn.



*Mynd 72. Túngarður (267-8), garðlag á Gufunesmelum vestan við bæjarstæði Eiðis. Horft til suðausturs að Dofra- og Tröllaborgum.*



*Mynd 73. Túngarður (267-8) Eiðis í brekku neðan og norðan við Gufunesmela. Þar endar garðurinn í grjóthrúgu en frá henni liggur yngri garður til norðausturs.*



*Mynd 74. Túngarður (267-8) vestan við bæjarstæði Eiðis í brekku neðan og norðan við Gufunesmela. Endar í grjóthrúgu við gamlan línuveg en frá henni liggur yngri garður til norðausturs, gerður eftir 1960. Rúst (267-51) var 3 m fyrir austan garðinn (267-8) sem liggur niður brekkuna.*

## Eiði 267-9 Mógrafir á Geldinganesi

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-9** | Geldinganes | Mógröf | Heimild | 1850 | 363670 | 409858 | 100 | 100 | Ómetið | Að mestu |

**Staðhættir:** Undir þetta númer eru skráðir tveir mótekjustaðir á Geldinganesi sem eru greinilegir á loftmyndum. Annar var í Suðurmýri sem er vestan og sunnan við veginn sem liggur frá Eiðsgranda en hinn er í mýri austan við veginn. Samkvæmt örnefnalýsingu Gufuness var tekin mór fyrir norðan Gylfaflöt og í Geldinganesi sem var fluttur til Viðeyjar.[219]
**Lýsing:** Ummerki eftir mótekju í Suðurmýri eru á svæði sem er um 125 *x* 125 m og á eystri mýrinni um 100 *x* 100 m sem er mjög illgreinanlegt. Þetta eru mjög þýfð svæði. Eystra mótekjusvæðið er innan rannsóknarsvæðis fyrir Sundabraut.

## Eiði 267-11 Útihús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-9** | Geldinganes | Útihús | Tóft | 1900 | 363974 | 409877 | 9 | 6 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Á Geldinganesi norðaustan í grösugri og þýfðri Suðurmýri er útihúsatóft. Landi hallar til suðurs.
**Lýsing:** Ílöng tveggja hólfa tóft úr torfi og grjóti. Liggur norðaustur-suðvestur, dyr á suðvesturgafli. Tóftinni er skipt með grjóthlöðnum vegg, suðvesturhluti er stærri.



*Mynd 75. Horft til norðausturs að Esju yfir útihúsatóftina.*




*Mynd 76. Útihúsatóft (267-11). Teiknað eftir uppmælingu.*

[219] *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnaskrá: Gufunes. Heimildarmaður Þorgeir Jónsson. Skrásetjari Einar Magnússon.



*Mynd 77. Horft til suðvesturs yfir útihúsatóft (267-11) á Suðurmýri Geldinganesi að Gufunesi.*

## Eiði 267-19 Höfn, vetrarlægi

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-19** | Eiðsvík, | Höfn, vetrarlægi | Heimild | 1850 | 363989 | 409277 | | | Ómetið | Nei |

**Staðhættir:** Eiðsvík er á milli Geldinganess og Gufuness. Það er sjálfgerð höfn sem var lengi notuð sem vetrarlægi fyrir skip úr Reykjavík áður en Reykjavíkurhöfn var gerð. Árið 1899 var vetrarlægið í Eiðsvík eitt þriggja sem þilskipaábyrgðarfélagið við Faxaflóa samþykkti. Þrátt fyrir að vera góð vetrarhöfn hafa skip bæði strandað og sokkið í Eiðsvík af ýmsum ástæðum. Í ofsaveðri í lok desember árið 1908 skemmdust skip í Eiðsvík og eitt skip sökk. Togarinn og botnvörpungurinn *Íslendingur* RE-73 sökk í Eiðsvík þann 10. desember 1925, mannlaus í vetrarlegu, en ekki var vitað af hverju leki kom að honum skyndilega. Hann lá þar til ársins 1942 þegar skipið var dregið á land en við skoðun hafði komið í ljós að bolurinn var lítið skemmdur.[220] Togarinn Helgafell slitnaði upp í Eiðsvík í ofviðri 5. janúar 1952 og rak upp í Geldinganes.[221] Aðfaranótt sunnudagsins 13. mars 1966 strandaði m.b. Mjöll RE 10 í stórgrýttri fjörunni á Geldinganesi, skemmdist mikið og var strikað út af skipaskrá sama ár.[222] Á suðurströnd Geldinganess má nú sjá súðbyrðing brotna þar niður en hann slitnaði upp af legu þar sem hann var notaður til að þjónusta laxeldiskvíar á Sundunum. Báturinn var smíðaður í Bátalóni árið 1971,

---

[220] „Gufuness-kaupin", *Alþýðublaðið*, 26. febrúar 1924, bls. 3; Vilhjálmur Jónsson, „Árið 1898," *Búnaðarrit*, 1. tbl. 1899, bls. 175; „Árbók Íslands 1908," *Almanak Hins íslenska þjóðvinafélags*, 1. tbl. 1. janúar 1910, bls. 41; „Skip sokkið," *Dagblað*, 12. desember 1925, bls. 2; „Íslendingur sokkinn," *Vísir*, 11. desember 1925, bls. 5; „Togarinn „Íslendingur" sekkur," *Morgunblaðið*, 12. desember 1925, bls. 4; Helgi Laxdal, „Hvalbátarnir og stofnun Hvals h.f.," *Sjómannablaðið Víkingur,* 1. desember 2023, bls. 42.

[221] „Manntjón og skipsskaðar," *Ægir*, 1. janúar 1952, bls. 20.

[222] „Sigldi stolnum báti í strand," *Tíminn*, 15. mars 1966, bls. 1; Hjálmar R. Bárðarson skipaskoðunarstjóri, „Skipastóllinn 1966," *Tíminn*, 4. janúar 1967, bls. 8.

fyrst nefndur *Hrönn KE-48* og síðast nefndur *Lax III RE*. Á loftmynd sem var tekin 2. september 1987 virðist skipið hafa verið strandað.[223]
**Lýsing:** Eiðsvík afmarkast af Geldinganesi, Eiðsgranda og Gufunesi. Í ljósi þess að þar er sjálfgerð höfn má gera ráð fyrir að í víkinni sé að finna neðansjávarminjar, skipsflök, frá ýmsum tímum en gera þarf fornleifakönnun til að leiða í ljós umfang þeirra.



*Mynd 78. Horft til suðvesturs yfir Eiðsvík að Gufunesi.*

## Eiði 267-20 Fiskverkunarhús

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-20** | | Fiskverkunarhús | Heimild | 1882–1884 | 364254 | 409447 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Á Geldinganesi voru reist fiskverkunarhús á árunum 1882–1884 á vegum Ottos Wathne. Reksturinn lagðist fljótlega af og voru húsin þá tekin niður, seld og flutt til Fáskrúðsfjarðar. Í júní 1882 greindi Ísafold frá því að hingað væru komnir 20 norskir síldveiðimenn á skipi frá Noregi sem hlaðið var alls kyns veiðarfærum, salti og tunnum. Skipið lá við Geldinganes og þar höfðu þeir fundið byggingarstæði fyrir allstórt timburhús sem einnig kom með skipinu. Átti helmingur fiskimannanna að búa þar og reka veiðina þaðan en hinir áttu að vera á skipinu og stunda veiði þar sem til síldar fréttist.[224] Þetta hefur væntanlega verið sama hús og var auglýst til sölu í Þjóðólfi 14. febrúar 1885:

> „Til sölu er timburhúsið í Geldinganesi, ekki 3 ára gamalt, 30 álna langt, 14. al. breitt og 4 álnir undir loft, 1 alin milli bita bæði undir gólfi og lofti; stoðaröð undir bitum eftir endilöngu húsinu miðju; uppi eru 4 herbergi (um 7 al. löng hvert) vel umvönduð með 9 rúmstæðum; tvöfalt gólf í öllum herbergjunum. Húsið selst til burtflutnings og verður falt til 14. maí. Lysthafendur semji við Jón Þórðarson í Ártúnum, eða Ólaf gullsmið Sveinson í Reykjavík.“[225]

Ekki er vitað nákvæmlega hvar húsið stóð en talið líklegast að það hafi verið á norðanverðum Eiðsgranda eða upp af honum.
**Lýsing:** Horfið.

---

[223] Árni Björn Árnason, Vefsíða. „Skipasmiðir. c. Bátalón hf., Hafnarfirði. Trébátar.“ Hrönn KE-48, 1152, Smíðanúmer 388. Sótt 19. febrúar 2025 af http://www.aba.is/Default.aspx?modID=1&id=44&vId=706; *Landmælingar Íslands.* Loftmyndasafn: Svæði nr. 27. Hamrahlíð – Skerjafjörður. 1987-09-02. Mynd nr. K-1746.
[224] Jón Þ. Ólafsson, „Saltfiskverkun við Sundin blá.“ *Ægir*, 11. tbl. 1990, bls. 595; „Hið sunnlenzka síldarveiðafjelag,“ *Ísafold*, 8. júní 1882, bls. 48.
[225] „Til sölu er timburhúsið í Geldinganesi“ *Þjóðólfur*, 14. febrúar 1885, bls. 28.

## Eiði 267-21 Útihús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-21** | | Útihús | Tóft | 1900 | 364069 | 408996 | 7 | 5,5 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Upp á Klapparnefi um 60 m norðaustan við bæjarstæði Eiðis, sem er nyrst og austan í malarási við Eiðsvík, er jarðlæg tóft á grasigrónu svæði, líklega útihús.
**Lýsing:** Tóftin er jarðlæg og ógreinileg. Veggir úr torfi, greinilegur niðurgröftur í nyrðri hluta.



*Mynd 79. Tóft (267-21) á Klapparnefi, horft til norðurs.*




*Mynd 80. Tóft (267-21), teiknað eftir uppmælingu.*



*Mynd 81. Horft yfir tóft (267-21) til suðausturs að Strandvegi.*

# Eiði 267-23 Hlaða

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-23** | Eiði | Hlaða | Tóft | 1850 | 364000 | 408923 | 12 | 7 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Á norðanverðu bæjarstæði Eiðis er tóft hlöðu, norðaustan við bæjarhúsin. Hún var virt ásamt bæjarhúsum 1910 og er teiknuð á túnakort 1916, sjá við skráningu (267-1).[226]
**Lýsing:** Tóftin er ílöng 12 *x* 7 m og liggur nánast austur-vestur. Norðurlanghlið er hluti af afmörkun bæjarstæðisins. Tóftin er niðurgrafin, veggir úr torfi og grjóti með opi á suðurlanghlið.



*Mynd 82. Hlöðutóft (267-23) á bæjarstæði Eiðis, horft til austurs.*

# Eiði 267-24 Uppsátur á Eiðsgranda

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-24** | Eiðsgrandi | Uppsátur | Heimild | 1800 | 364247 | 409065 | 500 | 40 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Eiðsgrandi er fyrir botni Eiðsvíkur sem var lengi notuð sem vetrarlægi. Grandinn virðist lengi hafa verið notaður sem uppsátur. Í mánaðarriti fiskifélags Íslands segir í ágúst 1914: „Í mörg ár munu fiskiskip, bæði innlend og útlend, hafa verið lögð á grandann, til þess að hreinsa þau og mála, þar á meðal dýr skip, svo sem botnvörpuskip.“[227]
**Lýsing:** Grandinn er enn til staðar og búið er að hækka hann og leggja veg.

[226] *Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar.* HerMos 2003/17, Vátryggingabók 1909–1932. Bæjarnafnið Eyði, vátryggingarnúmer 35, bls. 34 (51); *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Eiði 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.
[227] Sveinbjörn Egilsson, „Eiðsvík,“ *Ægir*, ágúst 1914, bls. 93.



*Mynd 83. Horft til norðausturs yfir Eiðsgranda fyrir botni Eiðsvíkur.*



*Mynd 84. Horft til norðurs yfir Eiðsgranda að Geldinganesi.*

## Eiði 267-49 Tóft við Strandveg

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-49** | Eiði | Útihús | Tóft | 1900 | 363911 | 408778 | 6,3 | 5 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Tóftin er um 15 m austan við heimtröðina (265-72) að Eiði og um 10 m norður af Strandvegi á móts við Tröllaborgir 18. Tóftin er suðaustan við lágan grjóthól. Norðaustan við hana er rústalegt svæði.
**Lýsing:** Tóftin er 6 *x* 5 m að stærð og snúa dyr í suðaustur. Veggir eru 1,8–2,0 m að breidd og um 0,2–0,4 m að hæð. Rústinni hallar til suðausturs, hún er grasivaxin úr torfi og grjóti.



*Mynd 85. Tóft (267-49) við Strandveg, horft til austurs.*




*Mynd 86. Tóft (267-49), teiknað eftir uppmælingu.*



*Mynd 87. Tóft (267-49) 10 m norðan við Strandveg, horft til suðausturs að Tröllaborgum 18.*

## Eiði 267-50  Bæjarstæði Eiðis

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-50** | Eiði | Bæjarstæði | Bæjarstæði | 1395–1920 | 363999 | 408908 | 45 | 45 | Sæmilegt | Að hluta |

**Staðhættir:** Bæjarstæði Eiðis (267-50) er nyrst á klettabrún á austanverðum malarás um 40 m suður af Eiðsvík, um 125 m suðvestur og upp af Klapparvör og um 50 m norður af Strandvegi. Bæjarstæðið er um 43 *x* 42 m svæði á sléttlendum hjalla afmarkað með greinilegum garðlögum. Austan við það er mýrlendi. Á bæjarstæðinu eru búsetuminjar, tóftir og garðlög. Samkvæmt ljósmyndum og túnakorti voru bæjarhúsin (267-1) með þremur burstum og sneru stöfnum til suðurs og útihúsin fjögur.[228] Af þeim er nú ein vel greinileg útihúsatóft (267-23), sennilega hlaða, en ummerki eftir hin tvö eru ógreinilegri, útihús (267-2) sem var tveggja hólfa og útihús (267-3) sem var eitt hólf. Þá er ein tóft (267-5), fyllt af grjóti, sem var ekki teiknuð á túnakortið, gæti því hafa komið til síðar. Garðlögin (267-4) í kringum bæjarstæðið sem teiknuð voru á túnakortið eru vel greinileg nema vesturhlutinn á suðurhlið. Árið 1921 voru húsin á Eiði komin í eyði og var trygging þá felld niður.[229] Fast sunnan við bæjarstæðið stóð síðar hús (267-14) sem sést á loftmyndum á bilinu 1954–1982 með viðbyggingu austan við á síðari myndum.

[228] *Þjóðminjasafn Íslands*. Tvær ljósmyndir af bænum Eiði teknar við landmælingar í Eiði. Númer: Lpr/2011-79-1 og A-HaSi-52. Ljósmyndari: Hallgrímur Sigtryggsson, 1910–1930; *Þjóðskjalasafn Íslands.* Túnakort: Eiði 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.

[229] *Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar.* HerMos 2003/17, Vátryggingabók 1909–1932. Bæjarnafnið Eyði, vátryggingarnúmer 35, bls. 34 (51).




*Mynd 88. Horft til vesturs yfir bæjarstæði Eiðis (267-50). Fremst er brunnurinn (267-6) neðan við garðlagið (267-4). Frá vinstri þar fyrir ofan eru tvær þústir, rústir tveggja útihúsa (267-2 og 267-3), þá kálgarðurinn með grjótfylltri tóft (267-5), bæjarhúsin (267-1) voru þar fyrir ofan og þá hlaðan (267-23) til hægri fyrir ofan garðlagið (267-4). Efst til hægri sést skólahúsið í Viðey.*




*Mynd 89. Bæjarstæðið á Eiði, teiknað eftir uppmælingu á loftmynd frá 2024.*[230]

[230] *Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR).* Loftmyndir: Loftmynd 2021.

## Eiði 267-51 Tóft

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-51** | | Rúst | Heimild | 1900 | 363840 | 408883 | 5 | 3 | Slæmt | Að hluta |

**Staðhættir:** Í Fornleifaskrá Reykjavíkur frá árinu 1995 er skráð bæði ósjáleg rúst og garður undir þetta númer um 120 m suður af Eiðsvík á þýfðu svæði í aflíðandi brekku við hamar. Í athugasemdum segir að rústin hafi verið í góðu ástandi árið 1983 og ástand hafi verið óbreytt 1994.[231]
**Lýsing:** Árið 2021 var rústin ekki lengur greinanleg á grasivöxnu og þýfðu svæðinu en garðurinn er vel greinilegur, er hluti af túngarði (267-8).


Mynd 90. Horft til norðvesturs eftir garðlaginu sem girðingin er á við skráningu 1995.[232]



Mynd 91. Teikning af tóftinni frá 1995.[233]

## Eiði 267-62 Bæjarhús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-62** | Réttarnes | Híbýli, útihús | Tóft | 1850 | 364655 | 410167 | 16 | 11 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Á grasivöxnu og þýfðu svæði á norðaustanverðu Geldinganesi við Réttarnes eru tvær samsíða tóftir og ógreinilegt garðalag vestan við. Svæðið norðan við tóftina er rústalegt. Á fjörukambinum 32 m fyrir neðan og norðaustan er tóft (267-63) sem talin er hafa verið naust.[234] Tóftirnar gætu hafa verið tveggja bursta bæjarhús eða jafnvel útihús en frekari rannsóknir gætu leitt það í ljós.
**Lýsing:** Tvær vel greinilegar samsíða tóftir úr torfi og grjóti sem standa vel. Liggja suðvestur-norðaustur. Veggir eru 2,3–2,7 m á breidd og 0,5–1,3 m á hæð. Dyr hafa verið á norðausturgöflum. Grasigrónar með mikilli sinu en greina má grjóthleðslur í veggjum á stöku stað og í vestasta kampinum. Norðvestan við er ógreinilegt ferhyrnt garðlag.

[231] Bjarni F. Einarsson, *Fornleifaskrá Reykjavíkur 1995*, bls. 81.
[232] Bjarni F. Einarsson, *Fornleifaskrá Reykjavíkur 1995*, bls. 81.
[233] Bjarni F. Einarsson, *Fornleifaskrá Reykjavíkur 1995*, bls. 81.
[234] Bjarni F. Einarsson, *Fornleifaskrá Reykjavíkur 1995*, bls. 93.



Mynd 92. Horft til norðvesturs að Akrafjalli og Esju yfir tvær tóftir (267-62) á Réttarnesi.




Mynd 93. Tóftir (267-62), teiknað eftir uppmælingu.



Mynd 94. Tvær samsíða tóftir (267-62) á Réttarnesi. Horft til austurs að fellum í Mosfellssveit.

# Eiði 267-63 Naust

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-63** | Réttarnes | Naust | Tóft | 1850–1900 | 364688 | 410184 | 6,6 | 6,4 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Á sjávarkambi á Réttarnesi á norðaustanverðu Geldinganesi er tóft sem talin er hafa verið naust.[235] Tóftin er á þýfðu grasigrónu svæði og fyrir framan er mögulega grjóthreinsuð lending. Tvær samsíða tóftir (267-62) eru 30 m suðvestur og upp af tóftinni.
**Lýsing:** Tóftin er vel greinanleg, stendur vel úr torfi og grjóti sem er greinilegt í veggjum. Hún liggur suðvestur-norðaustur og er nú (2024) um 6,6 m á lengd en hefur verið lengri, sjórinn hefur nagað af henni og nú vantar á hana norðurausturvegginn sem var með opi, teiknaður upp 1995. Í rofinu á bakkanum má sjá vegghleðslu, torf og grjót, hér er sjór greinilega að brjóta land.




*Mynd 95. Teikning Bjarni F. Einarsson 1995.*[236]




*Mynd 96. Tóft (267-63), teiknað eftir uppmælingu.*



Mynd 97. Horft til suðvesturs upp í sjávarrofið á tóftinni (267-63) í fjörukambinum.

---

[235] Bjarni F. Einarsson, *Fornleifaskrá Reykjavíkur 1995*, bls. 93.
[236] Bjarni F. Einarsson, *Fornleifaskrá Reykjavíkur 1995*, bls. 93.



*Mynd 98. Horft yfir tóft (267-63) til norðausturs að Gunnunesi, rauður staur inn við suðvesturgafl.*



*Mynd 99. Horft yfir tóftina (267-63) til suðausturs.*

# Eiði 267-65 Fjárhús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-65** | Suðurmýri | Fjárhús | Tóft | 1850 | 364068 | 409623 | 9 | 4,5 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Á þýfðri gróðurtorfu austast í Suðurmýri á sunnanverðu Geldinganesi er tóft, um 50 m vestan við veg sem liggur frá Eiðsgranda og um 135 m upp og norður af Eiðsvík. Um 210 m suðaustan við tóftina er býli (267-138). Landi hallar til suðurs og stórþýft er í kring.
**Lýsing:** Tóftin er vel greinileg þótt hún sé hlaupin í þúfur. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti. Ílöng 9,5 *x* 4 m og liggur suðvestur-norðaustur. Hefur verið tveggja hólfa skipt með grjóthleðslu þvert yfir. Austurlangveggur er greinilegastur og stendur vel um 0,6 m á hæð. Við norðurendann gæti hafa verið annað mannvirki en það er erfitt að greina fyrir þúfum. Tóftin er grasivaxin með mikilli sinu.



*Mynd 100. Tóft (267-65), horft til norðausturs.*




*Mynd 101. Tóft (267-65), teiknað eftir uppmælingu.*



*Mynd 102. Horft yfir tóft (267-65) til suðvesturs að Gufunesi og Viðey.*

# Eiði 267-135 Bryggja í Eiðsvík

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-135** | Eiði | Bryggja | Heimild | 1925 | 364112 | 409025 | 6 | 2 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Við malarkamb í fjöruborði í Eiðsvík var möguleg bryggja skráð í Fornleifaskrá Reykjavíkur 1995, talið var að um væri að ræða leifar af náttúrlegri bryggju, líklega lóðréttur berggangur. Bryggjan var 6 *x* 2 m (austur-vestur) og 0,2–0,4 m á hæð. Stærstu steinarnir liggja í útkantinum, aðallega að norðanverðu. Ástand hennar var lélegt árið 1994.[237]
**Lýsing:** Engin greinileg ummerki fundust eftir þessa bryggju árið 2024, hún er því horfin.



*Mynd 103. Ljósmynd úr fornleifaskráningu 1995.*[238]



*Mynd 104. Horft til austurs frá Klapparnefi.*



*Mynd 105. Horft til norðausturs frá Klapparnefi.*

[237] Bjarni F. Einarsson, *Fornleifaskrá Reykjavíkur 1995*, bls. 166; Páll Líndal, *Sögustaður við Sund*, 1. bindi, bls. 118.
[238] Bjarni F. Einarsson, *Fornleifaskrá Reykjavíkur 1995*, bls. 166.

# Eiði 267-138 Býli

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-138** | Geldinganes | Býli, hjáleiga | Tóft | 1850 | 364238 | 409660 | 10 | 7 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Á þýfðri og grasivaxinni gróðurtorfu á sunnanverðu Geldinganesi, 40 m norður og upp af bílastæði við norðurenda Eiðsgranda, eru tóftir og garðlög. Engar heimildir finnast um þessar tóftir en hugsast getur að þarna hafi verið hjáleiga frá Eiði eða annar af tveimur bæjum þegar tvíbýli var á jörðinni. Frekari rannsóknir gætu leitt það í ljós.




*Mynd 106. Tóftir (267-138) norðan við bílastæði á Geldinganesi við Eiðsgranda.*




*Mynd 107. Tóftir (267-138) á Geldinganesi, teiknað eftir uppmælingu.*

**Lýsing:** Býlið samanstendur af garðlagi vestast sem liggur norðaustur-suðvestur. Suðaustan við er tóftaþyrping fjögurra húsa um 11,5 *x* 10 m að ummáli. Um 5,5 m norðan við hana er skeifulaga garðlag og 8 m sunnan við er stök tóft.
Tóftaþyrpingin samanstendur af tóftaröð þriggja tófta (b, c, d), 11,5 *x* 4,5 m, sem liggur norður-suður og einni ílangri (a) vestan við, 9 *x* 4,5 m með vegghæð um 0,2–0,5 m. Tóftirnar eru vel greinilegar, úr torfi og grjóti, grasivaxnar með mikilli sinu. Efsta og nyrsta tóftin (b) er grasivaxin en ekki er greinilegt op á henni. Á milli hennar og miðjutóftarinnar er mjótt sund. Miðjutóftin (c) er með grjóthlöðnum veggjum en ógreinilegu opi og er nánast full af grjóti. Neðsta tóftin (d) er þýfð og grasivaxin og virðist vera með opi á suðurhlið. Vestan við, mjótt sund er á milli, er ílöng (a), grösug og þýfð tóft sem er opin á suðurgafli.
Garðlagið ofan og vestan við er grjóthlaðið og virðist enda á stórum jarðföstum steinum, 15 *x* 1 m. Svæðið á milli garðlagsins og tóftanna er mjög grösugt.
Austan við tóftirnar er skeifulaga garðlag (e) opið til suðurs, 7,5 *x* 6,5 m, úr torfi og grjóti. Sunnan við er vel greinileg stök tóft úr torfi og grjóti sem liggur austur-vestur 7,7 *x* 4,7 m með 1–1,5 m breiðum veggjum 0,2–0,5 m að hæð. Grösug og þýfð.



*Mynd 108. Horft til suðurs yfir tóftaþyrpingu (267-138). Á ská yfir myndina er ílöng tóft (a) og til vinstri eru þrjár samliggjandi tóftir (b, c, og d). Grjótið í miðjutóftinni vel greinilegt.*



*Mynd 109. Horft til norðurs eftir þremur samliggjandi tóftum. Vestan við er ílöng tóft. Fremst er tóft (d), þá (c) með grjótinu og nyrst er (b).*



*Mynd 110. Horft til norðausturs yfir skeifulaga garðlag (e) sem er austan við tóftaþyrpinguna (a, b, c og d).*



*Mynd 111. Horft til suðausturs yfir staka tóft (f) sem er suðaustan við tóftaþyrpinguna og sunnan og neðan við skeifulaga garðlagið.*

## Eiði 267-140  Klapparvör

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-140** | Klapparvör | Útræði | Vör | 1850 | 364125 | 409002 | | | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Í Eiðsvík austan við Klapparnef við Eiðsgranda var Klapparvör. Í örnefnalýsingu segir: „Vestan við Eiðsgrandann er Klapparnef og Klapparvör.“[239]
**Lýsing:** Engin greinileg ummerki eru um vörina.



*Mynd 112. Horft til norðvesturs yfir Klapparvör við Eiðsvík. Klapparnef til vinstri.*

## Eiði – yngi minjar á rannsóknarsvæðinu

*Tafla 4. Yngri minjar í landi Eiðis á rannsóknarsvæði fornleifa vegna Sundabrautar*

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-14** | Eiði | Hús | Heimild | 1950 | 363978 | 408873 | 14 | 8 | Ómetið | Já |
| **267-15** | Eiði | Samkomu-staður, hús | Heimild | 1935–1941 | 364067 | 408974 | 15 | 5 | Ómetið | Já |
| **267-18** | Hrönn KE-48, Lax III RE | Skip | Flak | 1971 | 364085 | 409464 | | | Slæmt | Nei |
| **267-66** | Eiði | Skotgröf | Niðurgröftur | 1940 | 363854 363860 | 408855 408857 | 2 | 2 | Gott | Nei |
| **267-67** | Geldinganes | Herminjar | Niðurgröftur | 1940 | 364064 | 409699 | 33 | 7 | Sæmilegt | Nei |
| **267-68** | Geldinganes | Herminjar | Niðurgröftur | 1940 | 364240 | 409852 | 26 | 7 | Sæmilegt | Nei |
| **267-69** | Geldinganes | Herminjar | Niðurgröftur | 1940 | 364031 | 410086 | 22 | 9 | Sæmilegt | Nei |
| **267-70** | Geldinganes | Herminjar | Niðurgröftur | 1940 | 363904 | 410302 | 20 | 8,4 | Sæmilegt | Nei |
| **267-139** | Laxeldi | Bátabryggja | Bryggja | 1988 | 363903 | 409062 | 50 | 35 | Ómetið | Að hluta |

[239] *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnaskrá: Örnefnalýsing Keldna, Gufuness og Eiðis. Skrásetjari Guðlaugur Rúnar Guðmundsson.

# Hluti III: Geldinganes – Álfsnes

## 4.5 Sundakot 181188-272

### 4.5.1 Sundakot/Niðurkot, saga

Þerneyjarsund er á milli Þerneyjar og lands en þar var áður fyrr höfn og verslunarstaður sem var landmegin suðvestur af bæjarstæði Sundakots. Kristján Eldjárn taldi að verslunarstaðurinn í notkun á árunum 1300–1500.[240]

Elstu heimild um höfn í Þerneyjarsundi er að finna í fyrsta kafla Kjalnesinga sögu sem talin er hafa verið skrifuð um 1300. Þar segir: „Eptir þat býr Örlygr ferð sína, ok er frá ferð hans þat fyrst at segja, at allt gekk eptir því, sem biskup sagði. Hann tók í Þerneyjarsundi höfn.“ Neðanmáls segir að ekki sé getið um skipakomur í Leiruvog í fornsögum og þetta sé eini staðurinn í Íslendingasögum þar sem minnst sé á skipakomur í Þerneyjarsund en í íslenskum annálum er skýrt frá skipakomum þangað árin 1391, 1411 og 1419.[241] Þó svo að Kjalnesinga saga sé talin ótrúverðug er ekki ósennilegt að staðkunnugur höfundur hennar hafi þekkt skipalægi í Þerneyjarsundi kringum aldamótin 1300.[242] Skjöl frá byrjun 15. aldar sýna fram á tengsl Þerneyjar við siglingar og verslun á þeim tíma. Skiptar skoðanir eru meðal fræðimanna um á hvaða tímabili kauphöfn var við Þerneyjarsund.[243]

Skúli Magnússon segir í lýsingu á Gullbringu- og Kjósarsýslu um 1784 að þar sé mjög góð höfn bæði á vetrum og sumrum, skipum sem rista 12–13 fet. Taldi hann að þar gætu sex skip hæglega legið.[244]

Kristján Eldjárn gerði staðfræðilega athugun á Leirvogi og Þerneyjarsundi í júlí 1978 sem hann skrifaði um í Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1980. Þar leiðir hann líkum að því að Þerneyjarsund hafi leyst höfnina í Leirvogi af hólmi vegna versnandi hafnarskilyrða þar og með tilkomu nýrrar skipagerðar. Hann taldi athyglisvert að hafnar í Leiruvogi væri getið í fornritum frá 14. öld en ekki í annálum og skjölum. Kristján fann aðeins eina ritaða heimild um kaupstefnuminjar í Þerneyjarsundi, klausu í *Chronographica Islandica* eftir Árna Magnússon frá því um 1700. Þar segir að skipalega hafi verið í Þerneyjarsundi og sést hafi til vallgróinna búðastæða á landinu fyrir austan sundið þar sem menn sögðu kaupstefnu hafa verið. Kristján taldi yfirgnæfandi líkur á að lendingarstaðurinn og aðsetur kaupmanna hefði verið í hvamminum þar sem Niðurkot/Sundakot stóð. Guðmundur Ólafsson hefur tekið undir þá skoðun. Kristján taldi að báða staðina, Þerneyjarsund og Leirvog, mætti kalla undanfara Reykjavíkur sem miðstöðvar verslunar og ætti að varðveita þá eins og þeir eru.[245] Kristján talar um í greininni (bls. 30) að minjarnar í Sundakoti séu friðaðar en svo er ekki.[246] Vera má að hann hafi ætlað að friða þær. Í vettvangsferð sem farin var árið 2001 á svæðið þar sem Kristján taldi líklegast að búðirnar

---

[240] Kristján Eldjárn, „Leiruvogur og Þerneyjarsund,“ bls. 32–35.

[241] *Kjalnesinga saga*, bls. 4.

[242] *Kjalnesinga saga*, bls. XVIII.

[243] Anna Lísa Guðmundsdóttir, *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga, Fornleifar á framkvæmdasvæðinu*. bls. 25–26.

[244] Skúli Magnússon, „Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu“ bls. 137.

[245] Kristján Eldjárn, „Leiruvogur og Þerneyjarsund,“ bls. 25–35; *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Gagnasafn: Sólborg Una Pálsdóttir. *Höfnin við Þerneyjarsund*.

[246] Kristján Eldjárn, „Leiruvogur og Þerneyjarsund,“ bls. 30; *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Skjalasafn: Agnes Stefánsdóttir, tölvupóstur 6. febrúar 2008.

væri að finna, suðvestan Sundakots, fundust engar rústir á yfirborði en við malarkambinn þar sem sjórinn brýtur af landinu mátti sjá mannvistarleifar. Þar sást í sniði móaska og torfveggur með gjóskulagi frá 1226 og er líklegt að það sé hluti af verslunarstaðnum.[247]

Jörðin Sundakot var önnur af tveimur hjáleigum Þerneyjar á fastalandinu þegar manntalið var tekið 1703 og Jarðabók Árna og Páls var gerð 1704.[248] Jarðardýrleikinn reiknaðist í heimajörðinni og svo var enn þegar Jarðatal Jóns Johnsens var tekið saman um 1847 en kotið þá nefnt Niðurkot. Landskuld jarðarinnar var 60 álnir og greiddist með fiski til heimabónda, leigukúgildi eitt og greiddist í smjöri. Kvaðir voru mannslán árið um kring utan sláttar en þó einn dagsláttur. Torfrista, stunga og eldiviðartak sóttu menn á fastaland með heimabónda. Hjáleigan hafði engin sjávarhlunnindi. Tekið var fram að Sundakot hafi verið í byggð lengur en menn reki minni til.[249]

Samkvæmt manntölum bjuggu ein til tvær fjölskyldur í Sundakoti/Niðurkoti á árunum 1835–1880, fimm til tíu manns.[250] Árið 1886 var Sundakot komið í eyði og ekki hefur verið búið þar síðan. Túnakort er ekki til af Sundakoti en á túnakorti Álfness og Glóru frá 1916 kemur fram að túnin í Niðurkoti séu oftast slegin enn.[251]

## 4.5.2 Staðhættir, minjar og örnefni

Sundakot var ein af hjáleigum *Þerneyjar* og er landmegin, suðvestur af *Glóruholti*. Að norðan var mýri, *Fornugrafir,* mótökustaður þar sem nú er vinnslusvæði Björgunar. Vestan við á milli lands og Þerneyjar er *Þerneyjarsund* en þar var áður höfn og skipalægi. Bæjarstæði Sundakots stendur hátt og er húsaskipan greinileg, tóftirnar eru sjö á bæjarstæðinu og að hluta hringlaga garður sem lokar því. Þar fyrir innan hefur líklega verið kálgarður (skráð á 272-1, 6, 17). Um 80 m utar er hringlaga túngarður. Innan túngarðs er útihús (272-2), fjárhús (272-3), tóft (272-5), öskuhaugur (275-12) og gata frá Sundakoti til sjávar (275-14). Suðuvestur af bæjarstæðinu er svæðið blautt en innan við malarkambinn var líklega búðasvæðið og verslunarstaðurinn (272-8). Engar minjar eru þar sýnilegar á yfirborði en minjar voru greindar með myndgreiningu úr flygildi og af loftmyndum (272-15). Við ströndina brýtur sjórinn niður jarðvegstorfu en þar er finna minjar líklega frá 13.öld í sniði (272-20). Þar suður af hefur verið heimræði bóndans og þaðan hefur verið siglt út í Þerney og er gert enn. Fjórar mógrafir voru suður og suðaustur af bænum utan túngarðs (272-19).

Suður af Sundakoti er nesið mjóst á milli Þerneyjarsunds og *Nesvíkur* og nefnist svæðið þar eftir *Gunnunes*. Þar sem Sundabraut kemur á land á Gunnunesi heitir *Selvík*.

Minjarnar í Sundakoti eru lítið snortnar og hafa hátti menningarsögulegt gildi fyrir Reykjavík. Oft hefur verið lagt til að minjarnar í Sundakoti verði friðlýstar og vonandi verður þeim hlíft í þessari framkvæmd.

---

[247] Anna Lísa Guðmundsdóttir, *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga, Fornleifar á framkvæmdasvæðinu*. bls. 30.

[248] *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 33; *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi, bls. 331.

[249] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi, bls. 331; Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*, bls. 97.

[250] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Manntöl: 1835, 1840, 1845, 1850, 1860, 1870 og 1880.

[251] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Manntöl: 1835, 1840, 1845, 1850, 1860, 1870 og 1880; Kristján Eldjárn, „Leiruvogur og Þerneyjarsund," bls. 33; *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Álfsnes með Glóru 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.



*Mynd 113. Kort frá árinu 1908 sem sýnir staðsetningu Sundakots, Glóru, Álfsnes og Víðines. Þar má sjá tún, mýrar og graslendi auk helstu vegslóða sem lágu þar um. Á kortinu eru vegaslóðar merktir með einfaldri svartri línu sem eru gömlu leiðirnar á milli bæja sem hafa verið notaðar öldum saman.*[252] *Örnefnum hefur verið bætt inn á kortið.*

---

[252] *Landmælingar Íslands*. Kortasafn*:* „27 Reykjavík N.A," mælt 1908, útgefið 1909, 1:50.000, með viðbótum (ALG, 2024).

## 4.5.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Sundakots

Rannsóknarsvæðið nær yfir helminginn af bæjarstæði Sundakots og verslunarstaðnum. Til að fá heildarskráningu á minjasvæðið var því ákveðið að skrá allt bæjarstæðið. Skráðar minjar á rannsóknarsvæði fornleifa vegna Sundabrautar í landi Sundkots eru 18 talsins, 17 fornleifar og einar yngri minjar sem eru settar fram í töflu 4.




*Mynd 114. Kortið sýnir dreifingu fornleifa og yngri minja á rannsóknarsvæði menningarminja vegna Sundabrautar í landi Sundakots.*[253]

[253] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR).

# Sundakot 272-1 Bæjarstæði

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **272-1** | Sundakot | Bústaður | Tóft | 1700–1900 | 365551 | 411615 | 20 | 20 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Tóftir bæjarins Sundakots/Niðurkots eru í lægð norðan við Gunnunes, um 40 m austur og upp af Þerneyjarsundi og sunnan við athafnasvæði Björgunar.[254] Þar var búið fram til ársins 1886. Bæjarstæðið er á lágum bæjarhól á grösugu svæði fremst á sléttum hjalla og hallar til vesturs að Þerneyjarsundi. Svæðið innan túngarðsins sem liggur í hálfhring um bæjarstæðið er grösugt, þýft og grýtt en sunnan og neðan við er mýrlendi sem sömuleiðis er grösugt og þýft. Í lýsingu á Mosfells- og Gufunessóknum árið 1855 talar Stefán Þorvaldsson um Niðurkot: „Niðurkot, 5 hndr., nefndist líka áður Sundakot, sunnanvert við Þerneyjarsund, og er enn hjáleiga frá Þerney.“[255]

*Bæjarstæði Sundakots er einstakur minjastaður, óröskuð minjaheild með vel greinilegu búsetulandslagi og heillegum tóftum síðasta torfbæjarins.*

**Lýsing:** Vel greinileg grasivaxin tóftaþyrping sjö húsa í hnapp. Veggir, úr torfi og grjóti, standa vel 0,4–1,3 m á hæð og húsaskipan er greinileg. Grjóthlaðinn garður (272-6) er í kringum bæinn nema við norðausturhlið þar sem er langhlið á húsi (g). Austast er grjóthlaðinn kálgarður (272-17). Vestan við hann, og deilir vegg með honum, er austasta tóftin (a) sem er opin í suðvestur. Vestan við hana er inngangur í þrjú hús, sennilega bæjardyr. Þar er austasta tóftin (b) greinilegust, hleðslur vel greinilegar átta umför og standa vel, vegghæð mest 1,3 m. Innsta tóftin (c) er vel greinileg með hleðslum innst, en ógreinilegust er tóftin (d) vestan megin við innganginn. Á vesturhlið er ein tóft (e) sem er opin til vesturs. Á norðurhlið er vegleg og vel greinileg ílöng tóft (g) sem liggur norðvestur-suðaustur og hleðslur standa vel, vegghæð mest 1,2 m, með inngang á norðvesturgafli. Þetta er sennilega hlaða. Þar fyrir framan er grjóthlaðin tóft (f) sem hlaðin er út frá garðlaginu (272-6) og liggur norðaustur-suðvestur, opin til suðvesturs.




*Mynd 115. Bæjarstæði Sundakots. Svartar línur eru sjáanlegar minjar, rauðar brotalínur eru skráðar minjar eftir loftmyndum og flygildi.*




*Mynd 116. Bæjarhóll Sundakots (272-1), teiknað eftir uppmælingu.*

[254] *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnaskrá: Víðines. Heimildarmaður Þorlákur Kristjánsson frá Álfsnesi. Skrásetjari Ari Gíslason.

[255] Stefán Þorvaldsson, „Lýsing á Mosfells- og Gufunessóknum“, bls. 152.




*Mynd 117. Bæjarstæði Sundakots (272-1), horft til norðurs að Esju. Til vinstri er fjárhús (272-3) og ofar og norðar er bæjarhóll Sundakots (272-1), suðaustan við er hóll (272-12), þá tóft (272-2) og túngarðurinn (272-7) en austan og utan hans er grjóthlaðin tóft (272-4).*



*Mynd 118. Horft til suðvesturs að bæjarstæði Sundakots (272-1) sem ber við Þerneyjarsund. Fremst þvert yfir myndina er túngarðurinn (272-7).*



*Mynd 119. Bæjarstæði Sundakots (272-1), horft til norðausturs upp að bæjarstæðinu og Kistufelli.*



*Mynd 120. Horft yfir austustu tóftina (a) á bæjarstæðinu og kartöflugarðinn (272-17) austan við til suðurs eftir Gunnunesi.*



*Mynd 121. Horft yfir inngang, bæjardyr og tóft (b) austan við þær til norðausturs að Glóruholti.*



*Mynd 122. Horft yfir miðjuhúsið (c) til norðvesturs að Þerney og nýrri höfn Björgunar.*



*Mynd 123. Horft yfir inngang og hús (d) vestan við hann til suðvesturs yfir að Þerneyjarsundi.*



*Mynd 124. Horft upp og austur að tóft vestasta hússins (e) á bæjarstæði Sundakots (272-1).*



*Mynd 125. Horft yfir hús (f) við garðlagið til norðausturs að Glóruholti.*



*Mynd 126. Horft inn eftir húsi (g), meintri hlöðu, til suðausturs að Úlfarsfelli.*

## Sundakot 272-2 Útihús

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **272-2** | Sundakot | Útihús | Tóft | 1700–1900 | 365577 | 411578 | 6,5 | 5 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Innan túngarðs Sundakots um 40 m suðaustur af bæjarstæðinu er gróin útihúsatóft. Um 4 m norðan við er lágur hóll (272-12) sem virðist vera manngerður. Svæðið ofan og norðaustan við tóftina er rústalegt.
**Lýsing:** Vel greinileg tóft úr torfi og grjóti. Byggð neðan við og suðaustan við sléttan hjalla, þann sama og bærinn stendur á, sem myndar norðausturhlið. Liggur norðvestur-suðaustur. Dyr eru ekki greinilegar en hafa sennilega hrunið saman á suðvesturhlið. Grjóthleðslur í veggjum eru vel

greinilegar um 1–1,2 m á hæð og 1,2–2 m á breidd. Rústin er mosa- og grasigróin. Skófir eru á hleðslugrjóti.



Mynd 127. Horft ofan í tóft (272-2) til austurs.




Mynd 128. Tóft (272-2), teiknað eftir uppmælingu.



Mynd 129. Horft yfir tóft (272-2) til suðausturs að Leiruvogi og Úlfarsfelli.

# Sundakot 272-3 Fjárhús

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **272-3** | Sundakot | Fjárhús | Tóft | 1700–1900 | 365530 | 411536 | 9 | 6,8 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Í þýfðu mýrlendi um 70 m suður af bæjarstæði Sundakots og 66 m austur af Þerneyjarsundi er fjárhústóft. Landi hallar þar til vesturs.
**Lýsing:** Vel greinileg fjárhústóft úr torfi og grjóti. Liggur nánast austur-vestur. Vegghæð um 0,4–0,8 m og er austurgafl hæstur, dyr eru á vesturgafli. Garði er í miðri rústinni. Rústin er grasivaxin með mikilli sinu.



*Mynd 130. Fjárhústóft (272-2), horft til vesturs að Þerney.*




*Mynd 131. Fjárhústóft (272-3), teiknað eftir uppmælingu.*



*Mynd 132. Fjárhústóft (272-3) í Sundakoti, horft til austurs að Leiruvogi og Mosfellsbæ.*

# Sundakot 272-4 Útihús

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **272-4** | Sundakot | Útihús | Tóft | 1700–1900 | 365645 | 411562 | 7,5 | 4 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Á grösugu svæði um 100 m suðaustur af bæjarstæði Sundakots (272-1) og um 20 m austan við túngarð (272-7) bæjarins er grjóthlaðin tóft og garðlag.
**Lýsing:** Vel greinileg grjóthlaðin tóft, eitt hólf. Vestan við er sokkið garðlag. Tóftin hefur gróið mikið upp frá síðustu skráningu árið 2002.[256] Tóftin liggur nánast norður-suður og er opin til suðurs, stærð 8,5 *x* 4,5 m. Veggir eru um 1,5 m á þykkt og um 0,4 m á hæð. Garðlagið vestan við frá norðurgafli er sokkið en vel greinilegt, um 0,5 m á breidd og 0,1–0,2 m á hæð, þar gæti verið önnur eldri tóft.



*Mynd 133. Grjóthlaðin tóft (272-4), horft til suðausturs inn Leirvog.*




*Mynd 134. Grjóthlaðin tóft (272-4) og garðlag vestan við, teiknað eftir uppmælingu.*



*Mynd 135. Garðlag og tóft (272-4), horft til norðausturs.*



*Mynd 136. Grjóthlaðin tóft (272-4), horft til norðurs.*

[256] *Borgarsögusafn*. Fornleifaskrá: Sólborg Una Pálsdóttir, vettvangsskráning 2002.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

# Sundakot 272-5 Fiskbyrgi

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **272-5** | Sundakot | Fiskibyrgi | Tóft | 1700–1900 | 365506 | 411659 | 6,8 | 5,5 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Á grasigrónum sjávarbakka í stórgrýttu holti um 40 m norðvestur af bæjarhól Sundakots. Gæti verið fiskbyrgi.
**Lýsing:** Grjóthlaðin ílöng rúst er vel greinileg og liggur norður-suður með opi á norðurgafli. Landi hallar til vesturs að sjó. Hlaðin úr frekar smáu grjóti, 0,3 *x* 0,3 m. Virðist nokkuð hrunin. Vegghæð er 0,3–0,8 m, hæst við suðurgafl. Miðjan er grasivaxin en á grjótinu eru skófir og mosi.



*Mynd 137. Grjóthlaðin tóft (272-5), horft til suðvesturs út Gunnunes að Geldinganesi.*




*Mynd 138. Grjóthlaðin tóft (272-5), teiknað eftir uppmælingu.*



*Mynd 139. Horft til suðausturs yfir grjóthlaðna tóft (272-5) að bæjarhól Sundakots. Toppur Úlfarsfells í baksýn til hægri við tóftir bæjarins.*

# Sundakot 272-6 Grjótgarður

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **272-6** | Sundakot | Gerði | Garðlag | 1700–1900 | 365544 | 411631 | 37 | 27 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Á bæjarstæði Sundakots er grjóthlaðið garðlag sem liggur í hálfhring um það. Það hefur sennilega afmarkað kál- og kartöfluræktun ábúenda.

**Lýsing:** Grjóthlaðinn garður liggur frá nyrstu tóftinni að þeirri austustu á bæjarstæðinu og er um 90 m á lengd. Austan við er vel greinilegur grjóthlaðinn kálgarður (272-17). Garðurinn er vel greinilegur nema suðvestan við bæinn þar sem hann hefur hlaupið í þúfur og er óljós á köflum en þó er hægt að fylgja honum. Hann er grasivaxinn að mestu leyti nema á norðurhlið þar sem grjótið sést greinilega en það er með mosa og skófum.



*Mynd 140. Horft til norðvesturs yfir hluta af grjóthlöðnum garði (272-6) sem liggur í kringum Sundakot. Tóft (272-5) ber við Þerneyjarsund og Þerney.*




*Mynd 141. Bæjarstæði Sundakots (272-1) á loftmynd frá 2005 en þá var gróður minni og grjót vel greinilegt, ljósgræn lína er teiknuð eftir uppmælingu.*



*Mynd 142. Horft til norðausturs að bæjarstæði Sundakots (272-1). Fremst er sjávarbakkinn og upp af honum er leið að bæjarstæðinu með grjóthlöðnu garðlagi í kring sem er hæst fyrir framan bæinn.*

# Sundakot 272-7 Túngarður

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **272-7** | Sundakot | Túngarður | Garðlag | 1800 | 365626 | 411663 | 290 | 1,5 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Túngarður Sundakots liggur í hálfhring um bæjarhólinn, frá sjó við Þerneyjarsund, um 100 m norðan við bæinn og til suðausturs. Sveigir eftir 116 m til suðurs og aftur eftir um 80 m til suðvesturs. Er þar greinanlegur á um 100 m kafla þar til hann hverfur í þúfur í mýrlendi um 100 m sunnan við bæ. Grösugir móar í kring, í suður og vestur er ansi blautt. Um 20 m norðan við er nú komið vinnslusvæði Björgunar sem sker sig tugi metra niður fyrir gamla landslagið í Glóruholti. Innan túngarðsins eru eftirtaldar minjar: 272-1, 272-2, 272-3, 272-5, 272-6, 272-14 og 272-17. Árið 1886 var Sundakot komið í eyði og ekki hefur verið búið þar síðan. Ekki er til túnakort af Sundakoti en á túnakorti Álfness og Glóru kemur fram að túnin í Niðurkoti/Sundakoti séu oftast slegin enn.[257]
**Lýsing:** Garðurinn er eingöngu úr grjóti norðan, norðaustan og austan megin en virðist vera allur eða að mestu úr torfi að sunnan og vestan þar sem hann hverfur í þýfða mýri en hefur verið lengri til suðurs. Greina má tvö hlið á honum, annað norðaustur af bæ á móts við vörðu (272-11) en hitt suðaustan við á móts við tóft (272-4). Lengd garðsins er um 300 m. Syðsti hluti túngarðsins er skráður eftir skráningu með flygildi.[258] Túnið er að mestu hlaupið í þúfur en norðurhluti þess uppblásinn.



*Mynd 143. Horft til norðvesturs eftir túngarði (272-7) Sundakots.*




*Mynd 144. Bæjarstæði Sundakots. Svartar línur eru sjáanlegar minjar, rauðar brotalínur eru skráðar minjar eftir loftmyndum og flygildi.*

[257] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Manntöl: 1835, 1840, 1845, 1850, 1860, 1870 og 1880.
Kristján Eldjárn, „Leiruvogur og Þerneyjarsund," bls. 33; *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Álfsnes með Glóru 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.
[258] Gunnar Grímsson. *Kortlagning minja á Þerney og við Þerneyjarsund með flygildi*, bls. 18.



Mynd 145. Horft yfir hlið á túngarðinum til norðvesturs að bæjarstæði Sundakots.



Mynd 146. Horft yfir hlið á túngarði Sundakots til suðvesturs að bæjarstæðinu.



Mynd 147. Horft til norðurs eftir túngarði (272-7) Sundakots.

# Sundakot 272-8 Verslunarstaður

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **272-8** | Þerneyjarsund | Verslunar-staður | Heimild | 1300–1500 | 365449 | 411511 | | | Slæmt | Að hluta |

**Staðhættir:** Talið er að verslunarstaður hafi verið við Þerneyjarsund. Engar eiginlegar rústir er að finna en svæði þar sem Kristján Eldjárn taldi líklegast að verslunarbúðirnar væri að finna er suðvestan við rústir Sundakots á þýfðu og mýrlendu svæði í hvammi nokkrum austan við malarkambinn.[259]
Í vettvangsferð árið 2001 fundust ekki neinar rústir á yfirborði þar svo vel mætti merkja en við malarkambinn þar sem sjórinn brýtur af landinu mátti sjá í sjávarrofi mannvistarleifar (272-20). Í sniði þar eru mjög greinileg móaska og torfveggur með gjóskulagi sem er líklega frá 1226. Líklegt þykir að þessar minjar tilheyri verslunarstaðnum. Þessu svæði er mikil hætta búin, bæði vegna landbrots og framkvæmda. Til dæmis hefur nú þegar verið lögð kaldavatnslögn þvert yfir minjasvæðið.[260]



*Mynd 148. Horft til austurs frá malarkambi við sjó suðvestan við Sundakot yfir meint búðasvæðið. Til hægri er Glóruholt.*




*Mynd 149. Hitamynd af rústalegu svæði, búðasvæði, suðvestan við Sundakot fengin úr skýrslu Gunnars Grímssonar sem kortlagði svæðið með ljós- og hitamyndum sem teknar voru með flygildi í júní 2020.*[261]

---

[259] Anna Lísa Guðmundsdóttir. *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga. Fornleifar á framkvæmdarsvæðinu*. 2008, bls. 32.
[260] Anna Lísa Guðmundsdóttir. *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga. Fornleifar á framkvæmdarsvæðinu*. 2008, bls. 32.
[261] Gunnar Grímsson. *Kortlagning minja á Þerney og við Þerneyjarsund með flygildi*, bls. 18–19.

# Sundakot 272-10 Skipalægi í Þerneyjarsundi

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **272-10** | Þerneyjarsund | Skipalægi | Heimild | 1300 | 365280 | 411665 | 1000 | 600 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Þerneyjarsund sem er á milli Þerneyjar og Álfsness var talið ein af helstu skipahöfnum áður fyrr. Skúli Magnússon segir í lýsingu á Gullbringu- og Kjósarsýslu um 1784 að þar sé mjög góð höfn, bæði á vetrum og sumrum, skipum sem rista 12-13 fet. Taldi hann að þar gætu sex skip hæglega legið.[262] Árið 1855 talaði Stefán Þorvaldsson um góðar lendingar bæði í Þerney og Kollafirði.[263]
Elstu heimild um höfn í Þerneyjarsundi er að finna í fyrsta kafla Kjalnesinga sögu. Þar segir: „*Eptir þat býr Örlygr ferð sína, ok er frá ferð hans þat fyrst at segja, at allt gekk eptir því, sem biskup sagði. Hann tók í Þerneyjarsundi höfn.*“ Neðanmáls segir að ekki sé getið um skipakomur í Leiruvog í fornsögum og þetta sé eini staðurinn í Íslendingasögum þar sem minnst sé á skipakomur í Þerneyjarsund en í íslenskum annálum sé skýrt frá skipakomum þangað árin 1391, 1411 og 1419.[264] Þó svo að Kjalnesinga saga sé talin ótrúverðug er ekki ósennilegt að staðkunnugur höfundur hennar hafi þekkt skipalægi í Þerneyjarsundi kringum aldamótin 1300.[265] Skjöl frá byrjun 15. aldar sýna fram á tengsl Þerneyjar við siglingar og verslun á þeim tíma. Skiptar skoðanir eru meðal fræðimanna um á hvaða tímabili kauphöfn var við Þerneyjarsund.[266]
Kristján Eldjárn gerði staðfræðilega athugun á Leirvogi og Þerneyjarsundi í júlí 1978 sem hann skrifaði um í Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1980. Þar leiðir hann líkum að því að Þerneyjarsund hafi leyst höfnina í Leiruvogi af hólmi vegna versnandi hafnarskilyrða þar og með tilkomu nýrrar skipagerðar. Hann taldi athyglisvert að hafnar í Leiruvogi væri getið í fornritum frá 13. öld en ekki í annálum og skjölum. Kristján fann aðeins eina ritaða heimild um kaupstefnuminjar í Þerneyjarsundi, klausu í *Chronographica Islandica* eftir Árna Magnússon frá því um 1700. Þar segir að skipalega hafi verið í Þerneyjarsundi og sést hafi til vallgróinna búðastæða á landinu fyrir austan sundið þar sem menn sögðu kaupstefnu hafa verið. Kristján taldi yfirgnæfandi líkur á að lendingarstaðurinn og aðsetur kaupmanna hefði verið í hvamminum þar sem Niðurkot/Sundakot stóð. Guðmundur Ólafsson hefur tekið undir þá skoðun. Kristján taldi að báða staðina, Þerneyjarsund og Leiruvog, mætti kalla undanfara Reykjavíkur sem miðstöðvar verslunar hér og ætti að varðveita eins og þeir eru.[267] Kristján talar um í greininni (bls. 30) að minjarnar í Sundakoti séu friðaðar en svo er ekki.[268] Vera má að hann hafi ætlað að friða þær. Í vettvangsferð sem farin var árið 2001 á svæðið þar sem Kristján taldi líklegast að búðirnar væri að finna, suðvestan Sundakots, fundust engar rústir á yfirborði en við malarkambinn þar sem sjórinn brýtur af landinu mátti sjá mannvistarleifar. Þar sást í sniði móaska og torfveggur með gjóskulagi frá 1226 og þá var svæðinu hætta búin af landbroti og framkvæmdum.[269]
Ekki er ósennilegt að Kristján hafi rétt fyrir sér varðandi staðsetningu kaupstefnuminja og er rétt að staðurinn njóti vafans þar til frekari könnun hefur verið gerð.
**Lýsing:** Þerneyjarsund er skipalægið.

---

[262] Skúli Magnússon, *Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu*: *verðlaunaritgerð*, bls. 37.

[263] Stefán Þorvaldsson, „Lýsing á Mosfells- og Gufunessóknum,“ bls. 227.

[264] *Kjalnesinga saga*, bls. 4.

[265] *Kjalnesinga saga*, bls. XVIII.

[266] Anna Lísa Guðmundsdóttir. *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga. Fornleifar á framkvæmdarsvæðinu*, bls. 25–26.

[267] Kristján Eldjárn, „Leiruvogur og Þerneyjarsund,“ bls. 25–35; *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Gagnasafn: Sólborg Una Pálsdóttir. *Höfnin við Þerneyjarsund*.

[268] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Skjalasafn: Agnes Stefánsdóttir, tölvupóstur 6. febrúar 2008.

[269] Anna Lísa Guðmundsdóttir. *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga. Fornleifar á framkvæmdarsvæðinu*. 2008, bls. 30.

## Sundakot 272-11 Varða

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **272-11** | | Varða | Varða | 1900 | 365673 | 411654 | 0,5 | 0,7 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Varða er um 120 m norðaustan við bæjarstæði Sundakots og 40 m norðaustan við op á austurhlið túngarðsins (272-7). Vörðuna ber við Skálafell séð frá bæjarhól Sundakots í norðaustur og gæti verið eyktamark milli óttu og miðmorguns.
**Lýsing:** Varðan stendur á stórum steini og er um 0,7 m á hæð, samsett úr fjórum steinum. Á vörðunni eru bæði skófir og mosi, hún virðist ekki vera nýleg.



*Mynd 150. Horft til vesturs að bæjarhól Sundakots, Þerney og Þerneyjarsundi, varðan (272-11) er til hægri.*



*Mynd 151. Varða (272-11), horft til vesturs að Þerney og Þerneyjarsundi.*

Borgarsögusafn Reykjavíkur

## Sundakot 272-12  Öskuhaugur

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **272-12** | Sundakot | Öskuhaugur | Öskuhaugur, hóll | 1700–1900 | 365574 | 411589 | 5 | 5 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Um 30 m suðaustur af bæjarstæði Sundakots og 4 m norðan við tóft (272-2) er lítill hóll sem virðist vera manngerður. Hugmyndir hafa verið um að hann geti verið forn ruslahaugur en frekari rannsókn þarf til að staðfesta það. Sjá staðsetningu á korti við skráningu (272-1).
**Lýsing:** Hóllinn er grasivaxinn og nánast hringlaga, um 5 m í þvermál og um 1,5 m á hæð.



*Mynd 152. Horft til norðvesturs yfir hól (272-12) að bæjarstæði Sundakots og Þerney.*



*Mynd 153. Horft til suðvesturs að hól (272-12) og eftir Gunnunesi, fjær er Geldinganes.*

# Sundakot 272-14 Gata

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **272-14** | | Gata | Gata | 1700–1900 | 365512 | 411592 | 50 | 2 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Gata liggur frá bæjarstæði Sundakots um 50 m til suðvesturs að sjávarkambi við Þerneyjarsund. Þar var uppsátur bóndans í Sundakoti. Gatan sést vel á loft- og ljósmyndum.
**Lýsing:** Greinileg lægð í landinu sem liggur frá garðlagi (272-6) sem liggur um bæinn. Mögulega hefur verið hlið á garðlaginu.



*Mynd 154. Horft til suðvesturs frá bæjarstæði Sundakots niður eftir leiðinni (272-14).*




*Mynd 155. Bæjarstæði Sundakots. Svartar línur eru sjáanlegar minjar, rauðar brotalínur eru skráðar minjar eftir loftmyndum og flygildi.*



*Mynd 156. Horft til norðausturs að bæjarstæði Sundakots frá malarkambi við Þerneyjarsund. Greinileg leið liggur frá bæjarhólnum að sjávarbakkanum. Vinnslusvæði Björgunar í baksýn.*

## Sundakot 272-15 Rústalegt svæði

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **272-15** | Sundakot | Rúst | Rúst | 1700 | 365567<br>365567<br>365504 | 411569<br>411569<br>411586 | Ómetið | Nei | Ómetið | Nei |

**Staðhættir:** Sunnan við leið (272-14) að sjó frá Sundakoti má greina rústir á ýmsum loftmyndum, svo sem Google Earth, og af myndum sem Gunnar Grímsson tók með flygildi í júní 2020.[270] Við sjávarbakkann skammt frá fannst árið 2002 torfhleðsla (272-20) sem gæti hafa tilheyrt verslunarstaðnum sem hér var á árunum 1300–1500.[271] Punktar voru settir niður á nokkrum stöðum þar sem vísbendingar eru um minjar á loftmyndum.
**Lýsing:** Ekki var hægt að greina rústir á vettvangi en svæðið er þýft og grasigróið. Gera þarf frekari fornleifarannsókn til að greina hvort um fornleifar sé að ræða.







*Mynd 157. Hitamynd af rústalegu svæði, búðasvæði, suðvestan við Sundakot fengin úr skýrslu Gunnars Grímssonar sem kortlagði svæðið með ljós- og hitamyndum sem teknar voru með flygildi í júní 2020.[272]*

[270] Gunnar Grímsson. *Kortlagning minja á Þerney og við Þerneyjarsund með flygildi,* bls. 18–19.
[271] Kristján Eldjárn, „Leiruvogur og Þerneyjarsund," bls. 32–35.
[272] Gunnar Grímsson. *Kortlagning minja á Þerney og við Þerneyjarsund með flygildi*, bls. 18–19.




*Mynd 158. Þekktar fornleifar og líklegar við Sundakot.*[273]



*Mynd 159. Horft til norðausturs eftir malakambinum yfir rústalegt svæði suðvestan við Sundakot að Glóruholti.*

[273] Gunnar Grímsson. *Kortlagning minja á Þerney og við Þerneyjarsund með flygildi*, bls. 18.

## Sundakot 272-17 Kálgarður

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **272-17** | Sundakot | Kálgarður | Grjótgarður | 1700–1900 | 365558 | 411605 | 11,5 | 8 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Á grasivöxnum bæjarhól Sundakots austan við tóftir bæjarhúsa er grjóthlaðinn garður, sennilega kálgarður.
**Lýsing:** Vel greinilegt grjóthlaðið garðlag upp við austasta húsið á bæjarhólnum, um 0,2–0,5 m á hæð, og deilir með því norðvesturlanghlið sem er hæst. Grjótið er vaxið skófum og mosa þar sem gras og sina hafa ekki vaxið yfir það. Sjá staðsetningu við skráningu (272-1).



*Mynd 160. Horft til suðurs að Úlfarsfelli yfir austasta húsið á bæjarstæði Sundakots og kálgarð (272-17).*

# Sundakot 272-19  Mógrafir

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **272-19** | Sundakot | Mógröf | Niðurgröftur | 1850 | 365672<br>365520<br>365655<br>365783 | 411552<br>411515<br>411464<br>411465 | | | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Sunnan og suðaustan við bæjarstæði Sundakots eru gamlar mógrafir á nokkrum stöðum sem eru allir skráðir undir þetta númer. Einn mógrafarstaðurinn er 125 m suðaustur af bæjarstæðinu og 26 m suðaustur af tóft (272-4), um 15 *x* 9 m svæði. Annar er 90 m suður af bæjarstæðinu og 10 m suður af fjárhústóft (272-3), um 20 *x* 9 m svæði. Þriðji er um 50 m suður af því á mjög þýfðu og blautu svæði en sést vel á loftmyndum, um 60 *x* 40 m. Fjórði greinilegi staðurinn er austan við hjá gömlu túni (272-18). Sjá staðsetningu á mynd 114.
**Lýsing:** Mógrafirnar eru niðurgrafnar, þýfðar og grasivaxnar.



*Mynd 161. Mógröf suðaustan við Sundakot og tóft (272-4), horft til suðvesturs út Gunnunes.*



*Mynd 162. Mógröf sunnan við Sundakot og fjárhústóft (272-3), horft til vesturs yfir túngarðinn og út yfir Þerneyjarsund.*



*Mynd 163. Horft til norðurs yfir blautt og þýft mótekjusvæði að Glóruholti og Esju.*

## Sundakot 272-20 Torfhleðsla við Þerneyjarsund

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **272-20** | Þerneyjarsund | Verslunarstaður | Veggur | 1300–1500 | 365472 | 411566 | | | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Suðvestan við bæjarstæði Sundakots við malarkamb þar sem sjórinn er að brjóta af landinu mátti sjá mannvistarleifar í rofinu við vettvangsrannsókn árið 2001. „Ekki fundust neinar rústir svo vel mætti merkja í þúfunum en alveg við malarkambinn, þar sem sjórinn er að brjóta af landinu, mátti sjá mannvistarleifar í barðinu sem nauðsynlegt er að gera frekari rannsóknir á. Ljóst er eða því svæði er mikil hætta búin vegna landbrots. Í þessu sniði er að sjá mannvistarleifar. Þær innihalda móösku og torfvegg (Miðaldalagið 1226 (eða Katla 1500).“[274] Ekki hefur enn farið fram frekari rannsókn á svæðinu (2024).
**Lýsing:** Moldarbakki með ströndinni, 0,5–0,7 m. Við vettvangsrannsókn árið 2024 var sjávarbakkinn ekki kannaður nánar en sjórinn brýtur enn af landinu neðan við Sundakot.



*Mynd 164. Mannvistarleifar sem fundust árið 2001 í sjávarbakkanum við Þerneyjarsund (272-20).[275] Torf með gjósku M-1226 og móösku.*

[274] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Gagnasafn: Sólborg Una Pálsdóttir. *Höfnin við Þerneyjarsund*, bls. 7.
[275] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Gagnasafn: Sólborg Una Pálsdóttir. *Höfnin við Þerneyjarsund*, bls. 7.



*Mynd 165. Horft til norðausturs að rofi á sjávarbakkanum neðan við Sundakot. Þar fundust mannvistarleifar, torf með gjósku og móösku, árið 2001. Bæjarstæði Sundakots ber í Kistufell.*



*Mynd 166. Horft til suðurs eftir rofi í sjávarbakkanum neðan við Sundakot að meintu búðasvæði.*



*Mynd 167. Horft til norðaustur í rofabakka við sjávarkambinn neðan við Sundakot.*

## Sundakot 272-22 Heimræði

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **272-20** | Sundakot | Heimræði | Fjara | 1700–1900 | 365472 | 411566 | | | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Suðvestan við bæjarstæði Sundakots er um 150 m löng fjara. Engar heimildir eru um heimræði en líklegt þykir að það hafi verið frá þessum stað auk þess að bátar hafi komið með vörur þarna að landi þegar verslað var við Þerneyjarsund. Fjaran er enn í notkun og þaðan er enn siglt út í Þerney.
**Lýsing:** Fjaran er aðgengileg og liggur að henni vegur, fyrir innan er malarkambur og búðasvæðið (272-8).

## Sundakot – yngri minjar á rannsóknarsvæðinu

*Tafla 5. Yngri minjar í landi Sundakots á rannsóknarsvæði fornleifa vegna Sundabrautar*

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **272-21** | | Skotgröf | Niðurgröftur með hleðslu | 1940 | 365339 | 411164 | 13 | 8,5 | Gott | Nei |

# 4.6 Glóra 274

## 4.6.1 Glóra, saga

Glóra var býli á norðanverðu Glóruholti upp og suðaustur af Álfsnesvík og þar standa heillegar tóftir býlisins.

Glóra var hjáleiga frá Álfsnesi þegar Jarðabók Árna og Páls var gerð 1704 og var þá ýmist nefnt Glóra eða Urðarkot. Á lausu blaði í Jarðabókinni er býlið einnig nefnt Hallsneshjáleiga. Í manntali sem var tekið saman 1703 að tilhlutun þeirra Árna og Páls er það nefnt *Hálsneshjáleiga* og innan sviga *Urðarkot* og þá bjuggu þar hjón með eitt barn. Þegar Jarðabókin var gerð reiknaðist dýrleiki jarðarinnar með heimajörðinni, Álfsnesi. Landsskuld var 11 álnir sem greiddust með landaurum, ef fiskur var ekki til, til heimabænda sem lögðu til við til húsabóta. Leigukúgildi var eitt og borgaðist leiga í smjöri eða fóðri til heimabænda sem uppyngdu kúgildið. Kvaðir voru um mannslán allt árið utan sláttar, dagsláttur einn til að styrkja heyfeng. Kvikfénaður var þrjár kýr, ein kvíga, kálfur, eitt hross og veturgamall foli. Þá var talið að fóðra mætti þar tvær kýr og einn kálf. Eldiviðartak var frítt ásamt heimabændum og vatnsból sem var á heimajörðinni.[276]

Dýrleiki var ekki metinn þegar Jarðatal Jóns Johnsens var tekið saman um 1845 en landskuld var 0,4 hundruð og eitt kúgildi með einum ábúanda og átta manns.[277] Á árunum 1849–1850 voru allar jarðir á Íslandi metnar til peninga. Þá var Glóra í bændaeign og metin á fimm forn hundruð, þá bjó þar ein fjölskylda, átta manns.[278] Glóra var orðin sjálfstæð jörð 1855 því Stefán Þorvaldsson segir í lýsingu sinni á Mosfells- og Gufunessóknum að Glóra hafi þá áður verið hjáleiga frá Álfsnesi og metin á fimm hundruð, þá var þar húsráðandi Agata Arngrímsdóttir sem bjó þar ásamt þremur börnum sínum, enginn bjó þar þó árið 1880 en 1890 búa þar átta manns samkvæmt manntali.[279] Á árunum 1896–1928 bjó enginn í Glóru og jörðin var talin í eyði árið 1916 þegar tóftir og tún býlisins voru teiknuð inn á túnakort af Álfsnesi. Á bæjarstæðinu voru þá þrjú hús, bærinn sjálfur (274-1) samanstendur þá af sex torfhúsum sem eru opin í suðvestur. Austan við er ferhyrnt garðlag með opi á norðurhlið með öðru minna í suðausturhorni. Vestan og framan við bæinn er ferhyrnt garðlag og innan þess er líklegt að hafi verði kálgarður (1800m$^2$) en á kortinu er það merkt sem tún. Þýft og grýtt heimatúnið var talið 1,8 ha, að mestu ógirt nema norðan og austan við bæjarhúsin er túngarður (274-12). Suður af bænum er lítið útihús (274-3) og vestur af því stórt tveggja bursta fjárhús með hlöðu sunnan við (274-6). Bæjarstæðið er á grónu og grýttu holti en sunnan og neðan við er mýri.[280]

---

[276] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi, bls. 333-334; *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 33.

[277] Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi,* bls. 97; *Þjóðskjalasafn Íslands*. Manntal: 1845.

[278] Sigurður Hansen, „Jarðamat á Íslandi 1849–1850," bls. 666; *Þjóðskjalasafn Íslands*. Manntal: 1850.

[279] Stefán Þorvaldsson, „Lýsing á Mosfells- og Gufunessóknum," bls. 152; *Þjóðskjalasafn Íslands*. Manntal: 1850, 1880 og 1890.

[280] Þorstein Jónsson, *Kjalnesingar*, *Ábúendur og saga Kjalarneshrepps frá 1890,* bls. 408; *Þjóðskjalasafn Íslands*. Manntal: 1901, 1910, 1920; *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Álfsnes með Glóru 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.




*Mynd 168. Hluti af túnakorti Álfsness með Glóru 1916.*[281]

Búseta í Glóru var tekin upp aftur árið 1928 þegar Benedikt Kristjánsson og Guðrún Sveinsdóttir bjuggu þar með kýr, nokkrar kindur og hross fram til ársins 1936. Á loftmynd frá 1946 má sjá að austan við túngarðinn (274-12) stóðu þrjú hús (274-8, 9, 10) og eitt hús (274-29) nær veginum sem þau hafa byggt.[282] Á ljósmynd sem tekin var af Benedikt og vinnumanni við slátt við Glóru virðast ekki vera uppistandandi hús á gamla bæjarstæðinu sem er í baksýn. Árið 1936 tók Benedikt við búskap í Álfsnesi af föður sínum og bjó þar til 1946. Líklega hefur búskapur þá lagst af í Glóru þó svo að túnin hafi verið nýtt áfram.[283]

## 4.6.2 Staðhættir, minjar og örnefni

Glóra var hjáleiga frá Álfsnesi þegar Jarðabók Árna og Páls var gerð 1704 og var þá ýmist nefnd Glóra, Urðarkot, Hálsnes- eða Hallsneshjáleiga.[284] Bærinn var suðaustur af Álfnesvík og Tjörninni, norðan í *Glóruholti* og vestan við *Víðinesveg* og *Móholt* þar sem nú er urðunarstaður Sorpu. Túni bæjarins hallar til norðvesturs í átt til sjávar. Bærinn stóð austast í túninu, stöndugur og stór. Bæjahúsarústin (274-1) samanstendur af sex torfhúsum sem hafa haft timburgafl nánast í vestur og umhverfis hann er garður sem afmarkaði líklega kálgarða bæjarins auk þess sem brunnur (274-14) er norðan við bæjartóftirnar. Innan túngarðs sunnan í holtinu eru tvö útihús

---

[281] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Álfsnes með Glóru 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.

[282] „Benedikt Kristjánsson – minning,“ *Morgunblaðið*, 6. desember 1996, bls. 54; *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Gagnasafn: Loftmynd: AMS91000721. Tökudagur: 1946-08-30.

[283] Þorsteinn Jónsson, *Kjalnesingar. Ábúendur og saga Kjalarneshrepps frá 1890*, bls. 403 og 409.

[284] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi, bls. 333.

(274-2 og 3). Vestan við þau eru stór fjárhús (274-6) og önnur líklega eldri enn vestar (274-16). Norðan við bæjarhúsin er síðan lítil útihúsatóft (274-7). Utan túngarðs suður í Glóruholti eru ummerki eftir tvö fiskibyrgi (274-4 og 5) en mun fleiri svipuð byrgi stóðu vestar í Glóruholti og nær sjónum, líklega mjög gamlar minjar. Beint austur af bæjarhúsunum voru tveir steyptir grunnar sem eru sennilega ummerki eftir híbýli síðustu ábúenda (274-8 og 9) sem bjuggu í Glóru 1928 til 1936. Útihús (274-10 og 11) eru svo austur af bænum utan túngarðs. Frá Víðinesvegi að yngstu híbýlunum (274-8) og gegnum túnið liggur gömul leið (274-13) til sjávar.

Líklega hefur ekki verið búið í torfbænum í Glóru eftir 1896. Tóftir gamla bæjarins standa vel ásamt túngarði sem hefur verið bættur mikið frá 1916. Líklegt er að sumar tóftir útihúsanna hafi verið í notkun á 20. öld. Bæjarstæðið ásamt útihúsum er fágætt minjasvæði sem myndar einstakt menningar- og búsetulandslag, eitt af fáum óröskuðum bæjarstæðum í Reykjavík. Þá eru ummerki eftir skreiðarbyrgi á holtunum í kring einstök.

## 4.6.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Glóru

Skráðar minjar á rannsóknarsvæði fornleifa vegna Sundabrautar í landi Glóru eru 16 talsins allt fornleifar.




*Mynd 169. Kortið sýnir dreifingu fornleifa og yngri minja á rannsóknarsvæði menningaminja vegna Sundabrautar í landi Glóru.*[285]

[285] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR).




*Mynd 170. Bæjarstæði Glóru og uppmældar minjar á loftmynd frá 2023.*

## Glóra 274-1 Bæjarstæði

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **274-1** | Glóra | Bústaður, bæjarstæði | Tóft, gerði | 1700–1935 | 366156 | 412051 | 31 | 25 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Tóftir gamla bæjarins í Glóru eru í norðanverðu Glóruholti, um 200 m upp og suðaustur af Álfsnesvík og 500 m norðvestan við er bærinn Álfsnes. Bæjarstæðið er á grasigrónu svæði á annars grýttu Glóruholti og hallar til norðvesturs. Bæjarhúsin voru orðin tóftir þegar túnakort var gert 1916 og virðast ekki hafa tekið miklum breytingum frá því það var gert. Síðast hefur sennilega verið búið í torfbænum 1896.[286]

Bæjarstæðið hefur verið teiknað upp nokkru sinnum. Fyrst af á túnakort árið 1916 af Vigfúsi Guðmundssyni.[287] Árið 2003 teiknaði Sólborg Una Pálsdóttir fornleifafræðingur upp bæjarstæðið og árið 2006 var það skráð af nemendum í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Sindri Csillag teiknaði það upp árið 2008[288] og nú síðast, í nóvember 2023, voru tóftirnar ljósmyndaðar og mældar upp með GPS-landmælitækinu Trimble TDC150.

[286] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Álfsnes með Glóru 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði; *Þjóðskjalasafn Íslands*. Manntöl: Glóra.

[287] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Álfsnes með Glóru 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.

[288] Sindri Ellertsson Csillag, *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Álfsnesi í Reykjavík*, bls. 14.



*Mynd 171. Bæjarstæði Glóru á túnakorti frá 1916.*[289]




*Mynd 172. Teikning af bæjarstæði Glóru frá 2003. Kortagerð Sólborg Una Pálsdóttir.*[290]




*Mynd 173. Teikning af bæjarstæði Glóru frá 2006 eftir Atla Birki Kjartansson og Berglindi Þorsteinsdóttur.*[291]




*Mynd 174. Teikning Sindra Csillag af bæjarstæði Glóru frá 2008.*[292]

---

[289] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Álfsnes með Glóru 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.

[290] *Borgarsögusafn Reykjavíkur.* Fornleifaskrá Reykjavíkur.

[291] *Borgarsögusafn Reykjavíkur.* Gagnasafn: Atli Birkir Kjartansson og Berglind Þorsteinsdóttir. *Fornleifaskráning á Álfsnesi og Glóru*. Reykjavík, 2006. Óútgefið nemendaverkefni.

[292] Sindri Ellertsson Csillag, *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Álfsnesi í Reykjavík*, bls. 14.




*Mynd 175. Bæjarhús Glóru á loftmynd frá 2023. Teiknað eftir uppmælingu.*

**Lýsing:** Tóftir bæjarins eru úr torfi og grjóti, vel greinilegar, grasi- og sinuvaxnar, og hafa lítið breyst frá því þær voru skráðar 2003 og 2008. Samanstanda af húsaröð sex húsa sem liggur nánast norður-suður, 27 *x* 7 m. Beggja vegna við eru afgirt svæði með grjóthlöðnum görðum. Svæðið vestan við er stærra, um 26 *x* 14 m, merkt sem tún á túnakorti en var líklega kálgarður áður. Norðan við það er hringlaga niðurgröftur. Svæðið austan við er minna, um 12 *x* 8 m, og á túnakortinu er austurhornið afmarkað með torfi og grjóti, líklega heygarður. Garðlagið um það er bæði breiðara og hærra en það sem er vestan við. Vegghleðslur bæjarins standa vel og greinargóð lýsing á tóftunum frá árinu 2003 sem er hér eftirfylgjandi á enn vel við, hólf A er norðvestast:

> „Rústin er öll mjög grasi vaxin, veggir úr torfi og grjót, og finna má mosa á grjótinu. Lag steina í hleðslu mest fimm til sex. ***Hólf A:*** Hleðsla nokkuð sigin vestan og norðan megin. Veggur hefur best haldið sér austan megin og þar er vegghæð um 100–110 cm. Op er út til NNV og svo op inn í hólf B sem liggur við hliðina. ***Hólf B:*** Vegghæð mest um 100 cm. Erfitt er að greina annað op en opið inn í hólf A. ***Hólf C:*** Vegghæð mest um 100 cm. Nokkuð hrunið úr vegg austan megin. spurning hvort þar hafi verið op inn í hólf G. Virðist hafa verið vegglaus í vestur en þó er sú hlið svolítið (um 10 cm) upphækkuð. ***Hólf D:*** er einnig opið í vestur. Veggir nokkuð signir á suðurhlið. Vegghæð mest um 100–110 cm. ***Hólf E:*** Veggir nokkuð signir, vegghæð mest um 50 cm. Mikið hrunið úr austurhlið. ***Hólf F:*** Mikið hrunið úr austurvegg, útlínur greinilegastar í suður. Vegghæð mest um 80 cm. ***Hólf G:*** Nokkuð hrunið

inn af suðurvegg, vegghæð mest um 100 cm. ***Hólf H:*** Nokkuð sigin, vegghæð mest um 100 cm. Í botni má finna gras, njóla og mel.“[293]



*Mynd 176. Horft yfir bæjartóftir Glóru til norðnorðvesturs að Álfsnesvík, Granda og Tjörninni fyrir neðan túnið í Álfsnesi. Í hægra horninu eru grjóthleðslur í syðstu tóftinni.*



*Mynd 177. Horft yfir stöndugar vegghleðslur syðsta hússins (G) til austurs að Mosfelli og Helgafelli.*

[293] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Fornleifaskrá Reykjavíkur: Rafræn skrá í Sarpi. Sólborg Una Pálsdóttir skráði. Vettvangsferð 25.09.03.

## Glóra 274-2 Útihús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **274-2** | Glóra | Útihús | Tóft | 1850 | 366139 | 411992 | 10 | 5,6 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Útihúsatóft á norðanverðu Glóruholti í grasigrónu túni Glóru, um 10 m norður af suðurhlið túngarðs (274-12), um 30 m suðsuðvestur af bæjarstæði (274-1) Glóru og 18 m vestur af útihúsi (274-3). Tóftin var ekki teiknuð á túnakort 1916.[294]
**Lýsing:** Vel greinileg grasi- og sinuvaxin útihúsatóft úr torfi og grjóti. Liggur norðnorðvestur-suðsuðaustur með opi á norðausturlanghlið við norðurgafl. „Mjög grasi vaxin og veggir/hleðslur nokkuð sokknar svo erfitt er að sjá lög steina í hleðslu og er op í norðaustur að öllum líkindum. Þreifa má þó fyrir steinum í veggjum þó aldrei meira en eitt lag. Þúfa í miðjunni en fann enga steina þar.“[295]



*Mynd 178. Horft yfir tóft (274-2) til norðvesturs að Álfsnesi.*




*Mynd 179. Tóft (274-2), teiknað eftir uppmælingu.*



*Mynd 180. Horft til austurs yfir útihúsatóft (274-2) að útihúsatóft (274-3) og Mosfelli.*

---

[294] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Álfsnes með Glóru 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.
[295] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Fornleifaskrá Reykjavíkur: Rafræn skrá í Sarpi. Sólborg Una Pálsdóttir skráði.

## Glóra 274-3 Útihús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **274-3** | Glóra | Útihús | Tóft | 1850 | 366162 | 411995 | 6 | 4,5 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Útihúsatóft á norðanverðu Glóruholti í grasigrónu túni Glóru, um 5 m norðan og innan við suðurhlið túngarðsins (274-12). Tóftin um 30 m suður af bæjarstæði Glóru (274-1) og 18 m austur af annarri útihúsatóft (274-3). Útihúsið var teiknað á túnakort 1916.[296]
**Lýsing:** Grasi- og mosagróin vel greinileg útihúsatóft úr torfi og grjóti. Liggur norðaustur-suðvestur með opi á suðvesturgafli við nyrðri langhlið. Veggir standa vel og mosavaxnar hleðslur eru greinilegar en aðeins farnar að hrynja.



*Mynd 181. Horft yfir útihúsatóft (274-3) til norðvesturs að Álfsnesi.*




*Mynd 182. Útihúsatóft (274-3), teiknað eftir uppmælingu.*



*Mynd 183. Horft yfir útihúsatóft (274-3), horft til austurs að Mosfelli.*

[296] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Álfsnes með Glóru 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.

# Glóra 274-4 Fiskibyrgi

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **274-4** | Glóra | Fiskibyrgi | Tóft, hleðsla | 1200–1500 | 366178 | 411943 | 7,7 | 6,5 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Á norðanverðu Glóruholti 88 m suður af bæjarstæði Glóru (274-1) eru leifar af fiskbyrgi. Um 5 m norðan við er annað (274-5).
**Lýsing:** Vel greinileg hringlaga grjóthleðsla. Mosa- og grasivaxið og lúpína hefur stungið sér niður inn í rústinni.



*Mynd 184. Grjóthlaðið fiskbyrgi (274-4), horft til norðurs.*




*Mynd 185. Fiskbyrgi (274-4), teiknað eftir uppmælingu.*

# Glóra 274-5 Fiskibyrgi

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **274-7** | Glóra | Fiskibyrgi | Tóft, hleðsla | 1200–1500 | 366170 | 411953 | 7,5 | 7,5 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Á norðanverðu Glóruholti 75 m suður af bæjartóftum Glóru (274-1) eru leifar af fiskbyrgi. Um 5 m sunnan við er annað (274-4).
**Lýsing:** Vel greinileg hringlaga grjóthleðsla, opin til austurs. Mosa- og grasivaxið og lúpína hefur stungið sér niður inn í rústinni.



*Mynd 186. Hringlaga grjóthleðsla (274-5), horft til norðvesturs að Álfsnesi.*




*Mynd 187. Grjóthlaðið fiskbyrgi (274-5), teiknað eftir uppmælingu.*




*Mynd 188. Leifar af tveimur fiskbyrgjum (274-4 og 274-5) í norðanverðu Glóruholti sunnan við bæjarstæði Glóru, utan túngarðs.*

## Glóra 274-6 Fjárhús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **274-6** | Glóra | Fjárhús | Tóft | 1850 | 366085 | 411983 | 15 | 11,5 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Á vestanverðu Glóruholti í grasigrónu túni Glóru 18 m norður af suðurhlið túngarðs (274-12) eru sambyggðar útihúsatóftir fjárhúsa og hlöðu. Um 67 m suður af bæjarstæði Glóru (274-1) og 45 m vestur af útihúsi (274-2). Húsin voru teiknuð á túnakort 1916.
**Lýsing:** Vel greinilegar grasi- og mosagrónar tóftir þriggja húsa, dæmigerðum fjárhúsum og hlöðu, úr torfi og grjóti. Veggir standa vel, mest 1,6 m á hæð. Fjárhúsin liggja norðvestur-suðaustur. Hlaðan liggur þvert á suðausturgafl fjárhúsanna, suðvestur-norðaustur, lítillega niðurgrafin. Fjárhúsin eru tvö samsíða hús, tvær burstir, bæði með garðlagi í miðjunni undir jötu. Dyr eru út úr báðum fjárhúsunum á norðvesturgöflum og líka inn í hlöðuna. Hleðslur eru víða vel greinilegar í veggjum og dyrakömpum. Landi hallar til norðvesturs.



*Mynd 189. Horft til norðausturs eftir hlöðunni að Kistufelli.*




*Mynd 190. Fjárhús og hlaða (274-6), teiknað eftir uppmælingu.*



*Mynd 191. Horft til suðausturs eftir eystra fjárhúsinu upp Glóruholt.*



*Mynd 192. Horft til suðausturs eftir vestra fjárhúsinu að mastri efst á Glóruholti.*



*Mynd 193. Horft til vesturs yfir tóftir hlöðu og fjárhúsa (274-6) að Álfsnesvík, Þerney til vinstri.*



*Mynd 194. Horft til suðurs að fjárhúsum og hlöðu (274-6).*

## Glóra 274-7 Útihús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **274-7** | Glóra | Útihús | Tóft | 1850 | 366117 | 412084 | 7 | 6 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Útihúsatóft á norðanverðu Glóruholti í grasigrónu túni Glóru, um 40 m norðvestur af bæjarstæði Glóru (274-1) og um 50 m vestur af túngarðsenda (274-12). Tóftin var ekki teiknuð upp á túnakort 1916.
**Lýsing:** Grasi- og mosagróin vel greinileg útihúsatóft úr torfi og grjóti. Liggur norðvestur-suðaustur. Hlaðin við stóran jarðfastan stein sem er í norðvesturgafli. Við suðausturgafl er grjóthrúga og dreif sem gætu verið leifar af einhvers konar mannvirki. Eitt hólf og dyr á suðvesturlanghlið. Hleðslur hrundar og hæð mest 0,4 m.



*Mynd 195. Horft til suðausturs yfir tóft (274-7).*




*Mynd 196. Tóft og grjótdreif (274-7), teiknað eftir uppmælingu.*



*Mynd 197. Horft yfir grjótdreif og tóft (274-7) til norðurs að Álfsnesi og gas- og jarðgerðarstöðinni GAJA.*

# Glóra 274-8 Hús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **274-7** | Glóra | Híbýli | Steypa | 1928 | 366252 | 412013 | 6 | 4 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Á norðanverðu Glóruholti 25 m austan við túngarð (274-12) Glóru og sunnan við slóða (274-13) eru tveir samsíða grunnar. Um 20 m norðan við er annar grunnur (274-9) og um 80 m suðaustan við Víðinesveg var annað hús (274-29) sem engin ummerki eru eftir. Öll húsin voru uppistandandi þegar loftmynd var tekin árið 1946, sjá mynd við skráningu (274-13).[297] Húsin hafa sennilega tilheyrt síðustu ábúendunum í Glóru, Benedikt Kristjánssyni og Guðrúnu Sveinsdóttur sem bjuggu þar 1928–1936.

**Lýsing:** Vel greinilegir steyptir grunnar sem liggja samsíða norðaustur-suðvestur, um 18 *x* 11 m báðir. Á eystri hlutanum eru leifar af steyptri plötu og tveir nokkuð stórir steyptir klumpar sem gætu hafa verið við reykrör. Á vestari hlutanum eru nokkrar steinsteyptar festingar, sívalningar með járnteinum og boltum. Á grunninum er líka margs konar járnarusl.



*Mynd 198 Leifar af steyptri gólfplötu á grunninum (274-8), horft til norðvesturs að Álfsnesi og Akrafjalli.*

[297] *Landmælingar Íslands*. Loftmyndasafn: AMS91000721. Tökudagur: 1946-08-30.



*Mynd 199. Horft yfir grunnana (274-8) til austurs að Mosfelli. Næst eru steyptir sívalningar með járnteinum, þá steyptar leifar af plötu og klumpar sem gætu hafa verið við reykrör.*

## Glóra 274-9 Hús

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **274-7** | Glóra | Hús | Steypa | 1850 | 366117 | 412084 | 7 | 6 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Á norðanverðu Glóruholti 25 m austan við túngarð (274-12) Glóru og norðan við slóða (274-13) er grunnur. Um 20 m sunnan við hann eru tveir grunnar (274-8). Þegar loftmynd var tekin 1946 stóðu hús á þeim öllum sem hafa sennilega tilheyrt síðustu ábúendunum í Glóru, Benedikt Kristjánssyni og Guðrúnu Sveinsdóttur, sem bjuggu þar milli 1928 og 1936, sjá mynd við skráningu (274-13).
**Lýsing:** Vel greinilegur mosa- og grasivaxinn sléttaður malargrunnur með greinilegum útlínum. Á grunninum eru leifar af steypu og járnröri.



*Mynd 200. Horft yfir húsgrunn (274-9) til norðvesturs að Álfsnesi.*



Mynd 201. Horft yfir húsgrunn (274-9) til austurs að Helgafelli.

## Glóra 274-10 Útihús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **274-7** | Glóra | Útihús | Tóft | 1900 | 366249 | 412055 | 7 | 4,6 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Á norðanverðu Glóruholti 30 m austan við túngarð (274-12) Glóru og 6 m norðan við grunn (274-9) er óljós tóft.
**Lýsing:** Grasi- og sinuvaxin tóft og vestan við hana er trjáhrísla. Tóftin er óljós og erfitt að greina lögun hennar en hún gæti hafa opnast til vesturs og austurvegg hefur verið raskað.



Mynd 202. Tóft (274-10), horft til norðausturs að Kistufelli.



*Mynd 203. Tóft (274-10), horft til vesturs að bæjarstæði Glóru (274-1) og Þerney.*

## Glóra 274-11 Útihús

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **274-11** | Glóra | Útihús, gerði, | Garðlag, tóft | 1850 | 366256 | 412115 | 6,8 | 5,5 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Á grasivöxnu svæði á norðanverðu Glóruholti, 23 m vestan við Víðinesveg og 100 m sunnan við gatnamót á Víðinesvegi og nýjum veg að hafnarsvæði Björgunar. Tóftin er 70 m utan og norðaustan við túngarð (274-12) Glóru. Í kringum tóftina var hægt að greina hluta af garðlagi sem Gunnar Grímsson skráði sem líklegar minjar með flygildi.[298] Tóftin var ekki teiknuð upp á túnakort 1916.
**Lýsing:** Vel greinileg grasi- og sinuvaxin útihúsatóft úr torfi og grjóti. Veggir standa vel, vegghæð 0,4–0,8 m. Opin til vesturs, garðlagið er frekar óljóst og hlaupið í þúfur, greinilegast næst tóftinni en ekki var hægt að greina það norðvestan við.



*Mynd 204. Horft til norðvesturs yfir útihúsatóft (274-11) í Glóru að Álfsnesi og GAJA.*




*Mynd 205. Útihúsatóft (274-11) og garðlag, teiknað eftir uppmælingu.*

[298] Gunnar Grímsson. *Kortlagning minja á Þerney og við Þerneyjarsund með flygildi*, bls. 16.



Mynd 206. Útihúsatóft Glóru (274-11), horft til austurs.

+



Mynd 207. Tóft og garðlag (274-11) sunnan við hana.

# Glóra 274-12 Túngarður

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **274-12** | Glóra | Túngarður | Garðlag | 1800 | 366010 - 366185 | 411990 - 412056 | 470 | 1 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Á norðanverðu Glóruholti upp og suðaustur af Álfsnesvík er túngarður sem liggur í hálfhring um Glóru. Frá Álfsnesvík liggur hann vestan við bæ upp holtið 215 m til suðausturs, beygir þá til norðausturs sunnan við fjárhús (274-6) 128 m, beygir þá aftur og liggur 57 m til norðurs og síðan í sveig um 65 m til norðvesturs. Er í um 40 m fjarlægð frá bæjarhúsunum. Einungis norður- og austurhlið garðsins er merkt inn á túnakort 1916. Líklegt er að aðrir hlutar séu yngri.

**Lýsing:** Vel greinilegur mosavaxinn grjóthlaðinn túngarður, um 0,2–0,6 m á hæð og um 0,4–1 m á breidd. Hleðslur eru hæstar norðaustanmegin. Lengd garðsins er um 465 m. Hlið hefur verið austan við bæinn, þar liggur slóði (274-13) í gegnum túnið. Innan við suðausturhorn er annað 18 m garðlag, mögulega eldri túngarður.



*Mynd 208. Túngarður Glóru (274-12), horft til suðausturs upp Glóruholt. Efst til vinstri ber fjárhús (274-6) við himinn.*




*Mynd 209. Túngarður (274-12) á bæjarstæði Glóru. Teiknað eftir uppmælingum.*



*Mynd 210. Túngarður Glóru (274-12), horft til norðurs að Tjörninni og Álfsnesi.*

# Glóra 274-13 Slóði

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **274-13** | Glóra | Vegarslóði | Gata | 1900 | 366060 | 412092 | 368 | 2 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Á norðanverðu Glóruholti er slóði sem liggur frá Víðinesvegi niður að sjó á milli húsa (274-8 og 9), norðan við gamla bæjarstæðið í Glóru (274-1), sunnan við tóft (274-7) og Stekkjarrétt (273-20). Slóðinn sést vel á gömlum loftmyndum, hluti af honum sést á mynd sem tekin var 1946 og hann sést allur vel á mynd frá árinu 1954.[299]
**Lýsing:** Vel greinilegur grasivaxinn slóði sem liggur norðvestur-suðaustur nema austast þar sem hann er horfinn í lúpínu. Hann hefur verið keyrður en ekki nýlega.




*Mynd 211. Slóðinn (274-13) er vel greinilegur á loftmynd frá 1946.[300]*



*Mynd 212. Horft til norðvesturs eftir slóða (274-13). Bæjartóftir Glóru (274-1) ber í sjó við Þerney ofarlega til vinstri, Tjörnin og Álfsnes til hægri.*

[299] *Landmælingar Íslands*. Loftmyndasafn: Svæði nr. 27. Kollafjörður – Leirvogur. 1954-07-28. Nr. L12-0183.
[300] *Landmælingar Íslands*. Loftmyndasafn: AMS91000721. Tökudagur: 1946-08-30, hluti af mynd.

# Glóra 274-14 Brunnur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **274-14** | Glóra | Brunnur | Brunnur | 1850 | 366169 | 412061 | 1 | 1 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Brunnur Glóru er um 15 m norðaustur af bæjarhúsaröðinni og 3 m norðan við slóða (274-13) sem liggur frá Víðinesvegi að sjó. Brunnurinn er á grösugu og þýfðu svæði og sést ekki fyrr en komið er að honum en við norðvesturhlið hans hefur járnstöng verið stungið niður sem gefur vísbendingu um staðsetningu og gæti komið í veg fyrir slys.
**Lýsing:** Brunnurinn er ferkantaður, niðurgrafinn með grjóthleðslum á hliðum. Vatnsborð er aðeins neðar en jarðvegur í kring. Kafgras er í kringum brunninn og á bökkum hans. Greina má grjóthleðslur við tvær hliðar sem eru signar og mosavaxnar.



*Mynd 213. Horft til austurs yfir brunn (274-14) í Glóru og grjóthleðslur í honum. Járnstöngin til hægri.*

# Glóra 274-16 Fjárhús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **274-16** | Glóra | Fjárhús | Rúst | 1850 | 365997 | 412049 | 11,5 | 10,5 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Í grónum haga innan túngarðs Glóru um 150 m niður og vestur af bæjarstæðinu (274-1), um 100 m fyrir sunnan Stekkjarrétt (273-20) og um 100 m norðvestan við fjárhús (274-6) var fjárhús. Húsið er ekki merkt inn á túnakort 1916 af Glóru og er líklega mun eldra.
**Lýsing:** Jarðlæg grasivaxin þriggja hólfa rúst sem opnast í norðvestur. Veggjabreidd 1–2 m. Rústin er úr torfi og grjóti, engir garðar eru í miðjunni en gætu hafa verið með veggjum. Rústin er mjög sokkin og því líklega gömul.



*Mynd 214. Horft yfir tóft (274-16) til norðurs að Álfsnesi.*




*Mynd 215. Tóft (274-16), teiknað eftir uppmælingu.*



*Mynd 216. Horft yfir tóft (247-16) til suðausturs upp Glóruholt.*

## Glóra 274-28 Fornugrafir

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **274-28** | Fornugrafir | Mógröf | Mógröf | 1800 | 365893 | 411808 | 250 | 190 | Sæmilegt | Að hluta |

**Staðhættir:** Fornugrafir er þýfð mýri sem liggur austur og upp af Þerneyjarsundi, í lægð á milli grýttra holta niður af Glóruholti. Í örnefnalýsingu Álfsness kemur fram að: „Merkin á móti Sundakoti eru úr *Markaþúfu* neðst sunnanvert við keldu í *Fornugröfum* og beint í *Fálkavörðu,* sem stendur vestan í Glóruholti.“[301] Fornugrafir ganga niður af Fálkavörðunni vestast í Glóruholti.[302] Í örnefnalýsingu Víðiness kemur fram að: „Merkin móti Álfsnesi eru að vestan í svonefndar Fornugrafir.“[303]
Mýrin var áður um 250 m löng og 90–190 m á breidd þar til Björgun setti niður starfsemi sína á stóran vesturhluta hennar.
**Lýsing:** Mýrin er nú um 100 *x* 80 m og að mestu grasivaxin, blaut og þýfð, þúfur allt að 0,6 m á hæð. Ummerki eftir mógrafir eru ennþá greinilegar í mýrinni eins og nafn hennar „Fornugrafir“ vísar til. Eftir henni miðri eru leifar af girðingu sem liggur í átt að Fálkavörðu á landamerkjunum.



*Mynd 217. Horft til vesturs að Þerney yfir austurhluta mýrarinnar sem nefnd er Fornugrafir. Vinnslusvæði Björgunar er að hluta í Fornugarfarmýrinni.*

[301] *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnaskrá: Álfsnes 125650-1. Heimildarmaður Þorlákur Kristjánsson. Skrásetjari Ari Gíslason.
[302] *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnaskrá: Álfsnes 125650-3. Athugasemdir. Heimildarmaður Þórður S. Kristjánsson, 3. júní 1980. Skrásetjari Sigríður Jóhannsdóttir.
[303] *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnaskrá: Víðines 125772-1. Heimildarmaður Þorlákur Kristjánsson. Skrásetjari Ari Gíslason.

# 4.7 Álfsnes 273

## 4.7.1 Álfsnes, saga

Álfsness er fyrst getið í Landnámabók. Þar er nefndur Þórður í Álfsnesi sem var sonarsonur Halls goðlausa þess er nam land milli Mógilsár og Leirvogsár.[304] Álfsnes var í eigu Þerneyjarkirkju og er getið í máldögum hennar frá 1220 og talað er um bænhús þar í máldaga sem gerður var haustið 1269.[305] Álfsnes var í eigu kirkjunnar einnig þegar Árni biskup Þorláksson setti þar máldaga um 1367.[306] Í Vilchins máldaga 1397 átti Þerneyjarkirkja Álfsnes sem og í fornum máldaga settum til ársins 1553. Í fornum máldaga Þerneyjarkirkju frá 1553 kemur fram að kirkjan á hálfa Þerney, Álfsnes, Háheiði og Víðines.[307] Í Gíslamáldaga frá 1570 og síðar á kirkjan Álfsnes en jörðin hefur að líkindum runnið til konungs stuttu síðar.[308] Eftir siðskiptin féllu eignir kirkjunnar niður þegjandi og hefur Álfsnes verið talin sér jörð og seld sér. Undir Álfsnes heyrði Háheiði sem mun hafa lagst í eyði seint á 16. öld eða snemma á 17. öld og síðan verið talin með Álfsneslandi. Háheiði er talin í Gíslamáldaga 1570 og hefur þá líklega verið í byggð.

Jarðardýrleika Álfsness er ekki getið í Jarðabók Árna og Páls en Álfsnes var orðin konungsjörð 1704. Jón Johnsen taldi jörðina 20 hundruð í Jarðatali sínu og þá var hún í bændaeign.[309] Fimm hundruð af matinu voru sett á hjáleiguna Glóru. Landskuld var 65 álnir og greiddist með fiski ef til var en annars með fríðu. Leigukúgildi voru tvö og greiddust með smjöri. Geldnautarekstur var frá Álfsnesi upp á Mosfellsheiði þar sem heita Hvannavellir. Hlunnindi jarðarinnar voru rýr að því er virðist, torfrista og stunga varla nýtanlegar, mótak til eldiviðar þverrandi, rekavon lítil, sölvafjara hafði áður verið nokkur en var um þessar mundir að mestu þrotin, hrognkelsafjara var þó talin nokkur. Heimræði var árið um kring þegar fiskgengt var á Sundum. Tún og engi voru mjög þýfð og landþröng mikil. Því var Álfsnesi lögð til beitar og annarra nytja forn eyðijörð þar nærri, fyrrnefnd Háheiði. Þess var getið í Jarðabókinni að enginn minntist þess hvað hún hefði verið lengi í eyði og var það ætlun manna að hún gæti ekki byggst aftur því töðuvöllurinn væri allur orðinn að holti og hrjóstri. Grasnyt sú sem eftir var lá til Hallsness „...sem áður greinir undir þeirra kongl. Majestats jarðar átölulausri brúkan“.[310] Staðsetning bæjarstæðis Háheiðar hefur glatast. Sjór braut nokkuð af túni Álfsness og þar var flæðihætta. Stórviðrasamt var sem skaðaði hús og hey. Vatnsból voru slæm en skorti þó ekki fyrir búpening en neysluvatn þurfti að sækja annars staðar.[311]

Nýbýlið Naustanes sem stendur sunnan Kollafjarðar var byggt úr landi Álfsness 1947 á mörkum jarðanna Álfsness og Kollafjarðar.[312]

Fagranes var sumarbústaður og íbúðarhús sem byggt var úr landi Álfsness. Það var síðar flutt í Múlakamp á Suðurlandsbraut 74 í Reykjavík.[313]

---

304 Ari Þorgilsson, *Íslendingabók: Landnáma*, bls. 50–51.

305 *Íslenzkt fornbréfasafn*, I. bindi, bls. 413; *Íslenzkt fornbréfasafn*, II. bindi, 64.

306 *Íslenzkt fornbréfasafn*, III. bindi, bls. 220.

307 *Íslenzkt fornbréfasafn*, XII. bindi, bls. 665.

308 *Íslenzkt fornbréfasafn*, XV. bindi, bls. 635.

309 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi, bls. 332; Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*, bls. 97.

310 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi, bls. 335.

311 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi, bls. 332–335.

312 Þorsteinn Jónsson, *Kjalnesingar*, bls. 392.

313 Þorsteinn Jónsson, *Kjalnesingar*, bls. 409.

## 4.7.2 Staðhættir, minjar og örnefni

Álfsnesbærinn er norðan og upp af *Álfsnesvík* við austanvert Þerneyjarsund. Austur af Álfnesvík er *Grandi* sem lokar af *Tjörnina*. Á Grandanum var naust (273-17), fjárrétt (273-16) og hjallur (273-23). Suður af Tjörninni var *Glórufit* og *Stekkjarrétt* (273-20), undir *Glóruholti* var síðan bæjarstæði Glóru. Austur af bænum var *Kúagerði* (273-15), þar sem Víðinesvegur beygir til suðurs við gas- og jarðgerðarstöðina GAJA og urðunarstað Sorpu. Innan lóðar Sorpu er stöndug fjárhúsrúst (273-26). Norður af bænum Álfsnesi er *Höfði*, grjótholt með gróðurtorfum (39 m y.s). Þar er *Brennumýri* og hjólaæfingasvæði að sunnan en að norðan eru tvö skotsvæði, *Skotfélag Reykjavíkur* er á vesturhluta svæðisins og *Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis* á austurhlutanum. Norður af þeim er *Kollafjörður* og *Djúpavík* sem er vík á milli *Höfða* og klettsins *Afstapa*. Út af Afstapa er *Helgusker* en þar er áætlað að Sundabraut fari yfir Kollafjörð. Austur af Djúpuvík er grjótholt með gróðurtorfum í toppinn, *Háheiði* (62 m y.s.). Vestan í Háheiði eru tvær stórar gróðurtorfur sem nefnast *Dílatorfur*. Sunnan í Háheiði eru tveir minjastaðir, varða (273-32) og útihús (273-38).

## 4.7.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Álfsness

Skráðar minjar á rannsóknarsvæði fornleifa vegna Sundabrautar í landi Álfsness eru fimm talsins, fernar fornleifar og einar yngri minjar.




*Mynd 218. Kortið sýnir dreifingu fornleifa og yngri minja á rannsóknarsvæði menningarminja vegna Sundabrautar í landi Álfsness.*[314]

[314] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR).

# Álfsnes 273-19 Helgusker

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 273-19 | Helgusker | Sögn | Heimild | 1900 | 366757 | 413923 | | | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Í Örnefnaskrám segir: „...fram af Afstapa á Kollafirði er Helgusker.“[315] „Sagan segir, að kona hafi synt þaðan og í Afstapa.“[316]

Á Helguskeri var áður mastur fyrir rafmagnslínu sem lá yfir Kollafjörð. Ummerki eftir mastur eru báðumegin við fjörðinn. Sunnanmegin um 100 m suður og upp af Afstapa eru steyptar undirstöður (273-37) og norðanmegin á Leiðhömrum eru steyptar undirstöður (287-31).

**Lýsing:** Helgusker er í miðjum Kollafirði og á því er átthyrndur steyptur flötur sem var undirstaða fyrir rafmagnsmastur sem búið er að fjarlægja.



*Mynd 219. Horft til austurs yfir Kollafjörð að Mosfelli. Helgusker með steyptum stöpli á miðjum firði. Til hægri er Háheiði og Afstapi.*



*Mynd 220. Horft til norðvesturs yfir Afstapa og Kollafjörð að Leiðhömrum. Helgusker er í miðjum firði.*

[315] *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnaskrá: Álfsnes. Heimildamaður Þorlákur Kristjánsson frá Álfsnesi. Skrásetjari Ari Gíslason.

[316] *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnaskrá: Álfsnes. Heimildamaður Birgir Kristjánsson, athugasemdir.

# Álfsnes 273-20 Stekkjarrétt

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 273-20 | Stekkjarrétt | Fjárrétt, rétt | Tóft | 1800–1900 | 366037 | 412143 | 25 | 12 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Um 8 m sunnan við veg að hafnarsvæði Björgunar og 20 m sunnan við suðurenda Tjarnarinnar á því svæði sem nefnt er Glórufit er Stekkjarrétt.
**Lýsing:** Réttin er eitt ílangt hólf 24 x 8 m sem liggur norðvestur-suðaustur með opi á norðvesturhlið. Þar er girðingastaur með leifum af rafmagnsgirðingu. Útfrá suðausturhlið liggur 14 m garðlag til suðvesturs sem gæti hafa verið hluti af öðru hólfi. Garðlögin eru um 1,5–2,5 m á breidd og 0–0,7 m á hæð. Steinar sjást á austur og vestur langhliðum. Grasigróin með mikilli sinu.



*Mynd 221. Horft til norðvesturs yfir Stekkjarrétt að Grandanum og Álfsnesvík.*




*Mynd 222. Stekkjarrétt (273-20). Teiknað eftir uppmælingu.*



*Mynd 223. Horft til suðausturs yfir Stekkjarrétt upp Glóruholt.*

# Álfsnes 273-26 Beitarhús

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 273-26 | Beitarhús | Fjárhús, hlaða | Tóft | 1850–1900 | 366456 | 412626 | 18 | 13 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Í örnefnalýsingu segir: „Beitarhúsin voru á vinstri hönd, þegar farið var frá bænum upp á *Borgartún*. Þar sjást tættur af fjárhúsi og hlöðu.“[317]
Beitarhúsatóftin er 75 m austan við gas- og jarðgerðarstöðina GAJA á grasigróinni þýfðri gróðurtorfu sem hefur verið skilin eftir í kringum hana. Um 10 m austan við tóftina er skurður og grjótgarður og um 8 m sunnan við er skurður, um 8 m vestan við er malbikað plan og um 25 m norðan við er jarðvegsmön.
**Lýsing:** Heilleg vel uppistandandi beitarhúsatóft þriggja sambyggðra húsa. Hallar til suðvesturs. Hleðslur standa vel. Ílöng fjárhústóft sem liggur norðaustur-suðvestur, um 10 *x* 6 m, vegghæð 0,9–1,3 m, dyr á suðvesturgafli með stöndugum dyrakömpum. Hlaðan liggur þvert á norðausturgafl fjárhússins, niðurgrafin og er um 12 *x* 7 m, vegghæð frá 1,3–1,6 m. Nokkuð er hrunið úr veggjum en gaflar standa vel, dyr á norðvesturgafli og dyrakampar standa vel. Innangengt hefur verið í fjárhús, inngangurinn er hruninn en greinilegur. Í horninu þar sem fjárhús og hlaða mætast er lítið hús út frá fjárhúsinu samsíða suðvesturhlöðuvegg, um 4 *x* 4 m og vegghæð 0,5–1,3 m. Veggjabreidd er 1,5–2,5 m. Beitarhúsatóftin er grasigróin með töluverðri sinu en hleðslur víða greinilegar í veggjum og dyrakömpum.




*Mynd 224. Horft til suðvesturs yfir beitarhúsatóft (273-26) að jarðgerðarstöðina GAJA. Fremst er hlaðan sem liggur þvert á fjárhúsið, fyrir miðju hrunið grjót í inngangi yfir í fjárhúsið og horft eftir því að suðvesturgafli. Til hægri fyrir ofan hlöðuvegginn er veggur í litlu húsi samsíða hlöðunni.*

[317] *Stofnun Árna Magnússonar*. Örnefnaskrá: Álfsnes. Heimildarmaður Þórður S. Kristjánsson. Skrásetjari Sigríður Jóhannsdóttir.



Mynd 225. Horft til suðausturs yfir hlöðuna (273-26).




Mynd 226. Beitarhúsatóftir (273-16), teiknað eftir uppmælingu.



Mynd 227. Horft til austurs yfir beitarhúsatóft (273-26). Fremst er fjárhúsið.



Mynd 228. Horft til suðurs yfir minnsta húsið í beitarhúsatóftinni að fjárhúsinu.



Mynd 229. Horft til austurs yfir dyr á milli fjárhúss og hlöðu.

# Álfsnes 273-38 Útihús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 273-38 | | Útihús | Tóft | 1850 | 366998 | 412852 | 8,5 | 5,3 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Á stórgrýttu holti norðan við Víðinesveg, um 70 m norðaustur af afleggjara að skotsvæðunum og 115 m suðvestur af vörðu (273-32) er rústalegur hóll. Sést ekki á gömlum loftmyndum.
**Lýsing:** Rústalegur hóll, líklega útihúsatóft. Virðast vera tvö hús, það syðra snýr norður-suður með opi á suðurhlið en hitt er þvert á norðurgafl og opnast til austurs. Grasivaxin en frekar hrjóstrugt í kring.



*Mynd 230. Horft yfir tóft (273-38) til suðurs að Víðinesvegi og Úlfarsfelli.*



*Mynd 231. Horft til vesturs að tóft (273-38).*



*Mynd 232. Horft til norðurs að tóft (273-38).*




*Mynd 233. Tóft (273-38), teiknað eftir uppmælingu.*

## Álfsnes – yngri minjar á rannsóknarsvæðinu

*Tafla 6. Yngri minjar í landi Álfsness á rannsóknarsvæði fornleifa vegna Sundabrautar*

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 273-37 | | Undirstaða | Steinsteypa | 1964 | 366913 | 413481 | 1,5 | 1,5 | Gott | Nei |

# Hluti IV: Álfsnes – Kjalarnes.

# 4.8. Móar 287

## 4.8.1 Móar, saga

Bærinn Móar stendur neðan og sunnan við Vesturlandsveg og bæinn Esjuberg. Móar voru í eigu Viðeyjarklausturs árið 1395, þeirra er getið í skrá um kvikfé og leigumála klaustursins.[318] Jörðin komst síðar í eigu konungs og er getið í fógetareikningum frá 1547 til 1552.[319]

Árið 1703 fékk Niels Jensson Kier lögmaður konungsbréf um að mega fá Kjósarsýslu eftir Jón Eyjólfsson tengdaföður sinn og fjórar jarðir sem Jón hafði haft frá 1684, Hrísbrú, Varmadal, Móa og Saltvík.[320]

Þegar Jarðabók Árna og Páls var gerð 1704 var jörðin í eigu konungs, jarðardýrleiki óviss en jörðin leigð Jóni Eyjólfssyni sýslumanni. Þá var tvíbýli á jörðinni til helminga og bjuggu þar tíu manns. Landskuld af henni allri var eitt hundrað sem deildist jafnt milli tveggja ábúenda. Leigukúgildi voru fjögur, tvö hjá hvorum ábúanda sem uppyngdu þau og skyldu greiðast í smjöri. Kvaðir voru um tvö mannslán á vertíð árlega síðan Jón tók við en hafði verið eitt áður ásamt öðrum kvöðum sem hann hafði ekki kallað eftir. Á jörðinni var þá hægt að fóðra sex kýr, tíu lömb og tvo hesta. Upprekstur geldnauta og fjár var á Hvannavelli á Mosfellsheiði. Mótak til eldiviðar var minnkandi því það var líka notað frá Esjubergi. Nokkur von var um reka, hrognkelsa- og skelfiskfjara talin nokkur. Heimræði var allt árið en verstaða hafði aldrei verið. Mjög stórviðrasamt gat verið á Móum og spilltust þá tún ásamt vatni og fé var flæðihætt. Selstöðu hafði jörðin hjá Esjubergsseli að eign eða láni.[321]

Með konungsúrskurði 26. apríl 1756 fékk Þórður Þórhallsson prestur í Saurbæ og Brautarholti Móa frítt til búsetu í staðinn fyrir Skrauthóla sem urðu fyrir stórskaða af skriðu 1748.[322] Samkvæmt manntali 1816 bjuggu á Móum 15 manns og það var tvíbýlt.[323] Þegar Jarðatal Jóns Johnsen var tekið saman 1847 var jörðin ennþá lénsjörð fyrir prestinn, metin á 20 hundruð.[324] Árið 1850 bjó á Móum Jón Vestmann ásamt konu sinni Kristínu Jónsdóttur auk vinnufólks og tveggja hreppsómaga, samtals tíu manns.[325]

---

[318] *Íslenzkt fornbréfasafn*, III. bindi, bls. 598.
[319] *Íslenzkt fornbréfasafn*, XII. bindi, bls. 109, 134–136, 151, 171, 397.
[320] *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju*, II. bindi, bls. 151.
[321] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi, bls. 347–348; *Þjóðskjalasafn Íslands*. Manntal 1703.
[322] *Lovsamling for Island*, III. bindi, 1853, bls. 234–235.
[323] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Manntal 1816.
[324] Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*, bls. 97.
[325] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Manntal 1850.

Sr. Matthías Jochumsson (1835-1920) þjóðskáld bjó á Móum. Honum var veitt Kjalarnesþing 1866 til 1880. Það voru honum þungbær ár því á þeim tíma missti hann tvær eiginkonur í blóma lífsins.[326] Á Móum bjuggu síðan hjónin Teitur Guðmundsson og Unnur Ólöf Andrésdóttir frá 1950 til 1985. Þau voru í forystu í alifuglarækt á landinu og ráku þar stórt kjúklingabú. Þau vélvæddu fóðrun fugla í varpi og uppeldi og komu sér upp aðstöðu og vélakosti til slátrunar.[327]

Á bæjarstæðinu stendur eitt af elstu íbúðarhúsum á nesinu. Sigríður Jónsdóttir byggði það árið 1910 að því er kemur fram í bókinni Kjalnesingum og því væntanlega sama hús og teiknað er á túnakort 1916.[328]




*Mynd 234. Túnakort af Móum frá 1916.*[329]

---

[326] Þórunn Valdimarsdóttir, *Upp á sigurhæðir*, bls. 209–259.

[327] Þorsteinn Jónsson, *Kjalnesingar*, bls. 347.

[328] Þorsteinn Jónsson, *Kjalnesingar*, bls. 343.

[329] *Þjóðskjalasafn Íslands*. Túnakort: Móar 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.

## 4.8.2 Staðhættir, minjar og örnefni

Sundabraut mun koma á land norðan við Kollafjörð á litlu ónefndu nesi á milli *Móavíkur* og *Leiðhamra*, í landi Móa. Vestan við *Leiðahamra* var *Leiðvöllur* (284-21) sem talinn er vera hinn gamli þingstaður Kjalarnesþings. Norður og upp af Leiðhamri er *Sandnámið*, þar var áður *Varmhólamelur* norðan við *Varmhóla*, vestan við er *Grundará* og *Grundarflóð* en þar þvældist Grundará áður um.




*Mynd 235. Kort frá árinu 1908 sem sýnir staðsetningu Móa, Esjubergs og Grundar. Þar má sjá tún, mýrar og graslendi auk helstu vegslóða sem lágu þar um. Á kortinu eru vegaslóðar merktir með einfaldri svartri línu sem eru gömlu leiðirnar á milli bæja sem hafa verið notaðar öldum saman. Rannsóknarsvæði Sundabrautar er afmarkað svartri línu og örnefunum hefur verið bætt inn á kortið.*[330]

[330] *Landmælingar Íslands*. Kortasafn*:* „27 Reykjavík N.A,“ mælt 1908, útgefið 1909, 1:50.000, með viðbótum (ALG, 2024).

## 4.8.3 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar í landi Móa

Skráðar minjar á framkvæmdasvæði Sundabrautar í landi Móa eru átta talsins, tvennar fornleifar og sex yngri minjar.




*Mynd 236. Kortið sýnir dreifingu fornleifa og yngri minja á rannsóknarsvæði menningarminja vegna Sundabrautar í landi Móa.*[331]

## Móar 287-23 Vegur

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 287-23 | | Vegur | Heimild | 1900 | 365980 | 414757 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Vegurinn er teiknaður á Herforingjaráðskort 1909.[332] Vegurinn lá frá gömlu Kjalarnesleiðinni sem lá með Esjurótum ofan við þar sem nú eru húsin Stekkur og Skriða í sveig suður og niður að Varmhólum, þaðan til vesturs að farvegi Grundarár. Gæti hafa legið að mógröfum (287-11 og 12). Sést á loftmynd frá 1946.[333]
**Lýsing:** Horfinn.

[331] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR).
[332] *Landmælingar Íslands*. Kortasafn*:* „27 Reykjavík N.A," mælt 1908, útgefið 1909, 1:50.000.
[333] *Landmælingar Íslands*. Loftmyndasafn: AMS loftmynd, 1946, Nr. 9/10007/2-1. 1946-08-30.




Mynd 237. Vegurinn á hluta af korti frá 1909, svört lína sem liggur í sveig frá Esjurótum að Grundará.[334]




Mynd 238. Vegur (287-32) rauð lína á loftmynd frá 2024.[335]

## Móar 287-24 Útihús og gerði

| *Safnnr.* | *Sérheiti* | *Hlutverk* | *Tegund* | *Aldur* | *Hnit X ISN93* | *Hnit Y ISN93* | *Lengd m* | *Breidd m* | *Ástand* | *Horfin* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 287-24 | | Útihús, gerði | Tóft, garðlag | 1910 | 366094 | 414553 | 8,5 | 7 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Í aflíðandi brekku í grösugum afgirtum hrossahaga 55 m norður af Vesturlandsvegi og um 200 m suðvestur af Varmhólum er tóft og garðlag. Engar heimildir eru til um þennan stað og því óljóst til hvers húsið var notað upphaflega en hefur mögulega verið notuð af hernum á þeim tíma.
**Lýsing:** Ferhyrnd tóft, liggur nánast norður-suður. Utanmál 8,5 *x* 7 m, norðurhluti er niðurgrafinn. Veggjaþykkt um 2 m með hruni. Út frá suðurgafli liggur 14 *x* 2,5 m garðlag til vesturs. Tóftin gæti hafa verið tvö hólf. Mosa- og grasivaxin með sinu.

[334] *Landmælingar Íslands*. Kortasafn*:* „27 Reykjavík N.A," mælt 1908, útgefið 1909, 1:50.000.
[335] *Borgarsögusafn*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR).



Mynd 239. Horft til suðausturs yfir tóft (287-24).




Mynd 240. Tóft og garðlag (287-24), teiknað eftir uppmælingu.



Mynd 241. Horft til suðurs yfir tóft og garðlag (284-52) sunnan við Varmhóla.

# Móar – yngri minjar á rannsóknarsvæðinu

*Tafla 7. Yngri minjar í landi Móa á rannsóknarsvæði fornleifa vegna Sundabrautar*

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 287-20 | | Vegur | Heimild | 1940 | 365883 | 414526 | 745 | 2,5 | Ómetið | Já |
| 287-21 | | Vegur | Vegur | 1964 | 366075 | 414427 | | | Ómetið | Að hluta |
| 287-29 | | Skotgröf | Niðurgröftur | 1940 | 366496 | 414403 | 6 | 5 | Sæmilegt | Nei |
| 287-30 | | Skotgröf | Niðurgröftur | 1940 | 366543 | 414378 | 3 | 4 | Gott | Nei |
| 287-31 | | Undirstaða | Steypa | 1940 | 366599 | 414381 | 7,5 | 6 | Gott | Nei |
| 287-32 | Vesturlands-vegur | Vegur | Heimild | 1927 | 365832 | 414763 | | | Slæmt | Að hluta |

# 5. Niðurstöður, hættumat og mótvægisaðgerðir

Áætlað rannsóknarsvæði vegna Sundabrautar frá Laugarnesi að Kjalarnesi er um 5 $km^2$ að stærð en rannsóknarsvæði fornleifa nær 50 m út fyrir framkvæmdasvæðið og ekki er tekið með land undir sjó.

Framkvæmdasvæðið liggur eftir landsvæði sem á öldum áður heyrði undir átta jarðir, Laugarnes, Klepp, Gufunes, Eiði, Sundakot, Glóru, Álfsnes og Móa, og eru minjar á svæðinu skráðar undir þær. Minjastaðir eru alls 159, sem greint er frá hér að framan.

Minjar á framkvæmdasvæðinu voru flokkaðar eftir aldri sem var áætlaður út frá útliti þeirra og heimildum sem vísað er til þar sem við á. Heildarfjöldi og aldursflokkun minja á svæðinu er sýnd í töflu 8. Elstu minjarnar eru fornleifar, 100 ára og eldri, í *rauðum flokki*. Þær eru friðaðar og hafa 15 m friðhelgað svæði. Þeim má enginn breyta, hylja eða raska nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.[336] Yngri minjar voru flokkaðar í tvo flokka. Í *gulum flokki* eru minjar sem verða friðaðar fornleifar á næstu tíu árum. Í *grænum flokki* eru minjar frá því eftir 1937 sem teljast ekki til fornleifa. Herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar *bláum lit*. Þær eru frá árunum 1940–1945 en sérstaklega er gætt að þeim minjum þar sem þær fara að verða fágætar.

*Tafla 8. Aldursflokkun og fjöldi minja á rannsóknarsvæðinu.*

| Flokkur | Aldur minja | Litur flokks | Fjöldi minja |
|---|---|---|---|
| 1 | Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri | ● Rauður | 111 |
| 2 | Minjar frá 1926–1936 | ● Gulur | 13 |
| 3 | Minjar frá 1937 og yngri | ● Grænn | 19 |
| 4 | Herminjar frá 1940 og yngri | ● Blár | 16 |
| | Samtals | | 159 |

Hættumat var gert fyrir allar minjar á framkvæmdasvæðinu, miðað er við flokkun Minjastofnunar Íslands samkvæmt skráningarstöðlum fornleifa: *engin hætta, hætta, mikil hætta*.[337] ***Mikil hætta*** er metin þar sem fornleifar eru innan framkvæmdasvæðis vegarins og jarðganga. Þar er mikil hætta á að minjum verði raskað eða þær hverfi vegna framkvæmda við vegagerð eða vegna jarðlagakönnunar á landi vegna jarðganga. ***Hætta*** er metin þar sem þekktar fornleifar eru utan áætlaðs framkvæmdasvæðis en innan rannsóknarsvæðis (50 m). Vegna jarðganga er ekki ljóst hvort jarðrask verði á yfirborði lands þar sem jarðgöng eru áætluð. ***Engin hætta*** er metin þar sem minjar eru taldar horfnar innan framkvæmdasvæðis eða rannsóknarsvæðis eða eru fyrir utan rannsóknarsvæði. ***Hættuorsök*** er ávallt vegna vegagerðar: Fornleifar sem eru í hættu vegna vegagerðar og eru í fyrirhugaðri veglínu eða næsta nágrenni hennar og þar sem vænta má rasks í tengslum við framkvæmdirnar.

[336] Lög um menningarminjar 80/2012, 21. gr. 22. gr.

[337] *Skráningarstaðlar fornleifa,* bls. 26.

*Tafla 9. Hættumat minja á rannsóknarsvæði fornleifa og tillögur að mótvægisaðgerðum vegna framkvæmda við Sundabraut.*

| *Hættumat* | *Minjar á rannsóknarsvæði* | *Tillögur að mótvægisaðgerðum* |
|---|---|---|
| **Mikil hætta** | Þekktar sýnilegar fornleifar og yngri minjar innan framkvæmdasvæðis. | Fornleifauppgröftur og fornleifaeftirlit. |
| **Hætta** | Þekktar fornleifar innan rannsóknarsvæðis en utan framkvæmdasvæðis. | Fornleifaeftirlit eða girða af. |
| **Engin hætta** | Minjar sem eru horfnar innan rannsóknarsvæðis eða minjar utan rannsóknarsvæðis. | Engar. |

*Tafla 10. Taflan sýnir hlutfallslegt hættumat minja.*

| *Hættumat* | *Fjöldi minja* | *% af heild* |
|---|---|---|
| **Mikil hætta** | 60 | 38% |
| **Hætta** | 39 | 24% |
| **Engin hætta** | 60 | 38% |
| Samtals | 159 | 100% |

Mikil hætta er talin steðja að 60 skráðum minjum á rannsóknarsvæðinu eða 38% af heildarfjölda. Hætta er talin steðja að 39 skráðum minjum eða 24% og 60 minjar eða 38% eru ekki taldar í neinni hættu, það eru horfnar minjar innan rannsóknarsvæðisins eða minjar fyrir utan það sem eru teknar með til að fá heildarskráningu á bæjarstæðum Sundakots og Glóru.

Leiðbeinandi tillögur að mótvægisaðgerðum voru gerðar fyrir minjarnar en **Minjastofnun Íslands tekur ákvörðun um mótvægisaðgerðir, hér eru þær einungis settar fram sem tillögur**, sjá viðauka 1. Ekki eru lagðar til mótvægisaðgerðir við skráðar fornleifar þar sem þær eru taldar horfnar með öllu, eins og þar sem nýlegar byggingar standa á sama stað. Í þeim tilvikum er talið að fornleifaskráning sé fullnægjandi rannsókn. Þar sem minjar eru í *mikilli hættu* vegna þess að þær eru innan framkvæmdasvæðisins og koma til með að lenda undir veginum er lagt til að minjar verði rannsakaðar með heildaruppgreftri. Í sumum tilfellum þar sem minjar eru innan framkvæmdasvæðis en lenda líklega fyrir utan veg er mögulegt að hlífa þeim með því að girða þær af og merkja svo þær verði ekki fyrir raski á framkvæmdatímanum. Það sama á við um minjar sem eru utan framkvæmdasvæðisins en eru innan rannsóknarsvæðisins og eru taldar í hættu. Þar sem minjar eru mögulega undir sverði er lagt til að haft verði fornleifaeftirlit með jarðraski. Ef minjar koma í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákveður hvort frekari rannsókna er þörf á vettvangi.

*Þar sem minjar eru ekki friðaðar (þ.e.a.s. yngri minjar) eru settar fram leiðbeinandi aðgerðir við verndun hluta þeirra.*

***Hættumat og tillögur að mótvægisaðgerðum eru birtar í viðauka 1.***

## 5.1 Fornleifar á framkvæmdasvæðinu

Á framkvæmdasvæðinu eru 111 minjastaðir sem teljast til friðaðra fornleifa (minjar 100 ára og eldri) en af þeim eru 25 taldar horfnar með öllu, en á um 20 stöðum er möguleiki að minjar leynist undir yfirborði. Hér á eftir er farið yfir minjar sem framkvæmdin mun hafa veruleg áhrif á, frá Laugarnesi að Móum á Kjalarnesi.

### 5.1.1 Laugarnes

Búseta í Laugarnesi hófst líklega skömmu eftir landnám en Laugarness er fyrst getið í Njáls sögu. Þar var áður kirkja og kirkjugarður. Á rannsóknarsvæðinu eru skráðar 25 minjar undir Laugarnes og af þeim eru níu fornleifar (sjá mynd 242 og 243).

Fornleifar í landi Laugarness eru helst þekktar og óþekktar minjar innan túngarðs Laugarness (230-2) samanber Hallgerðarleiði (230-89). Rétt vestan við framkvæmdasvæðið er friðlýstur bæjarhóll og kirkjugarður Laugarness (230-1 og 230-7) en framkvæmdasvæðið nær vel inn fyrir 100 m friðhelgað svæði minjanna. Aðrar fornleifar eins og vegir sem lágu að og frá Laugarnesi, Kleppsvegur (230-66) að Kleppi og Reykjavegur (230-208) að Þvottalaugunum eru líklega horfnar. Aðrar yngri minjar sem eiga stutt í það að teljast til fornleifa vegna aldurs eru híbýli eða erfðafestubýli sem voru meðfram Kleppsveginum eins og Steinhólar (230-60), Laugarmýrar-blettur 32 (230-211), Laugarmýrarblettur 23 (230-213), Laugarmýrarblettur 20 (230-15) og útihús við Ægisíðu (230-220), en minjar þessara horfnu erfðafestubýla gætu enn leynst í jörðu. Lagt er til að fornleifaeftirlit verði haft með þessum stöðum við framkvæmdina.




*Mynd 242. Staðir þar sem líklegt er að fornleifar og yngri minjar leynist undir yfirborði eru afmarkaðir með rauðum yfirstrikuðum hring. Grár heilar línur eru fyrirhugaðar vegaframkvæmdir á Sæbraut.*

Við Dagmálakletta eru herminjar (230-219), hleðslur sem vert er að vernda, en þær eru utan framkvæmdasvæðis.




*Mynd 243. Staðsetning fornleifa og yngri minja eru afmarkaðar með rauðum yfirstrikuðum hring. Einhverjar minjar gætu leyndist undri yfirborði. Bleiklína afmarkar rannsóknarsvæði vegna jarðgangna undir Sæbraut.*

## 5.1.2 Kleppur

Elstu heimildir um Klepp eru frá því um 1234 þegar jörðin var eign Viðeyjarklausturs. Byggingar á bæjarstæðinu voru þar sem nú er lóðin Holtavegur 8–10 og geymsluplan Samskipa. Þegar Kleppsspítali var byggður 1907 fluttist öll starfsemi býlisins þangað og gamla bæjarstæðið lagðist af. Á rannsóknarsvæðinu eru skráðar 23 fornleifar undir Klepp.

Helstu fornleifarnar eru á *Kleppsholti*, túngarður (231-6) og gerði (231-64). Þær eru í mikilli hættu og þarf að rannsaka þær vegna framkvæmdarinnar. Aðrar minjar eru hugsanlega hluti af bæjarstæði gamla Klepps sem liggja í uppfyllingu austan við Holtagarða 10 (231-20, 21, 22, 23, 26, 30, 31) en þær verða líklega ekki fyrir áhrifum. Minjar sem gætu átt eftir að koma í ljós við framkvæmdirnar eru torfhús (231-24) og rétt (231-17). Ekki er ljóst hvaða ástand er á gamla bæjarstæði Klepps en líklegt er að það hafi verið fyllt yfir svæðið með möl og sandi og minjarnar liggi þar undir fyllingu. Gamli Kleppsvegurinn (231-66) er líklega horfinn innan framkvæmdasvæðisins.

Sunnar við Sæbraut var afmarkaða svæðið *Kleppsgerði* (231-7) og *Mógrafarmýri* (231-11). Líklega er hvort tveggja horfið.




Mynd 244. Minjar innan framkvæmdasvæðisins sem tilheyra gamla bæjarstæði Klepps eru afmarkaðar með rauðum yfirstrikuðum hringjum. Í mikilli hættu eru túngarður (231-6), gerði (231-64), rétt (231-17) og torfhús (231-24). Grár heilar línur eru fyrirhugaðar vegaframkvæmdir við Sundabraut.




Mynd 245. Framkvæmdir Sundabrautar fara yfir fornleifarnar Kleppsgerði (231-7) og Mógrafarmýri (231-11) sem eru afmarkaðar með rauðum yfirstrikuðum svæðum.

### 5.1.3 Gufunes

Gufunes er landnámsjörð, bærinn var byggður á samnefndu nesi og þar var kirkja til ársins 1886 og kirkjugarður. Undir jörðina Gufunes eru skráðar 29 minjar sem flestar eru horfnar vegna framkvæmda við áburðarverksmiðjuna.

Einu sýnilegu fornleifarnar á svæðinu sem eru eldri en 100 ára eru gamli Gufunesvegurinn (265-16) sem lá í austur frá bæjarstæði Gufuness og upp á Gufunesmela frá því um 1900. Bæjartröðin sjálf er horfin vegna framkvæmda og bygginga en vegurinn er enn á sama stað og ekki langt síðan hann var lagður af. Þegar unnið var að stækkun á áburðarverksmiðjunni 1965 var komið niður á gamla kirkjugarðinn. Beinin, 768 mannabein og höfuðkúpur, voru flest tekin upp og færð í nýjan grafreit (265-4) sem er innan framkvæmdasvæðisins. Árið 2021 var gerð rannsókn á gamla bæjarstæðinu í Gufunesi til að kanna hvort minjar sem heimildir eru fyrir leyndust enn undir sverði. Rannsóknin leiddi í ljós mikið rask á svæðinu nema í skurðum nr. 1 og 7 sem eru við nýja grafreitinn (265-4), þar kom torfhleðsla í ljós frá árinu 900 (265-74) en ástand hennar var metið slæmt, hleðslan er hugsanlega frá eldra bæjarstæði Gufuness. Á svæðinu sem torfhleðslan fannst á eru skráðar fjórar fornleifar (265-12, 13 og 14 ) sem voru útihús frá Gufunesi eða gömul hjáleiga, þessar fornleifar sjást ekki á yfirborði en eru líklega allar undir sverði. Einungis frekari rannsóknir munu leiða það í ljós. *Til stendur að friðlýsa nýja grafreitinn (265-4) og svæðið í kringum hann*. Aðrar yngri minjar í landi Gufuness eru herminjar (265-28, 29, 30, 65, 66, 67, 73) á Gufunesmelum sem eru í hættu vegna framkvæmda.

*Við grafreitinn í Gufunesi væri tilvalið að setja upp fræðsluskilti þar sem sögu staðarins eru gerð skil.*




*Mynd 246. Við nýja grafreitinn í Gufunesi (265-4), sem er á milli gömlu Áburðarverksmiðjunnar og Sorpu. Rauður yfirstrikaður hringur afmarkar 15 m verndarsvæði fornleifa (265-12, 13, 14 og 74) ásamt grafreitnum (265-4) sem stendur til að friðlýsa. Grár línur sem fara inn fyrir afmörkunina sýna fyrirhugaðar framkvæmdir vegs innan jarðganga. Engar yfirborðskannanir eru leyfðar innan friðaða svæðisins við grafreit (265-4) eða í nágrenni hans.*




*Mynd 247. Gamli Gufunesvegur (265-16). Rautt afmarkað og yfirstrikað svæði sýnir 15 m verndarsvæði fornleifa. Grár línur sem fara yfir verndarsvæði sýna fyrirhugaðar vegaframkvæmdir Sundabrautar. Ljóst er að vegurinn mun hverfa við þessar framkvæmdir auk herminja .*

## 5.1.4 Eiði

Lítið er vitað um upphaf búskapar á Eiði en í elstu rituðu heimildunum frá árinu 1313 var jörðin í eigu Viðeyjarklausturs. Við siðaskiptin varð jörðin eign konungs og um 1840 var jörðin seld ásamt Gufunesi.

Undir jörðina Eiði eru skráðar 24 fornleifar og flestar þeirra eru sýnilegar á yfirborði. Merkasta minjasvæðið er bæjarstæðið sjálft og umhverfi þess. Bæjarstæðið samanstendur af bæjarhúsum (267-1) auk tveggja útihúsa (267-2 og 267-3) og hlöðu (267-23). Hlaðinn garður (267-4) er umhverfis bæjarstæðið og þar fyrir innan var kálgarður, rétt utan við garðinn er brunnur (267-6). Heimræði (267-140) var líklega úr *Klapparvör.* Um 130 m vestar er túngarður sem var líka landamerkjagarður (267-8) hann afmarkaði landið í vestur á móti Gufunesi. Að bænum lá síðan vegur frá Knútskoti (265-72) úr vestri. Allar þessar minjar eru vel greinilegar og heillegar. Bæjarstæðið hefur því hátt minjagildi. Á Eiðsgranda var uppsátur (267-24) og í Eiðsvík var höfn eða vetrarlægi (267-19) á 19. öld en fyrsta heimild um skipaskaða þilfarsskipa við Reykjavík er frá 1667. Í Eiðsvík gætu leynst neðansjávarminjar, skipsflök, sem þyrfti að kanna frekar.

Á sunnanverðu Geldinganesi eru tóftir sem eru mögulega rústir hjáleigu eða býlis (267-138). Rústirnar eru í þremur hlutum, ógreinilegar en grónar, vestar er fjárhústóft (267-65), þessar minjar eru í mikilli hættu og þær þarf að rannsaka.

Við norðurenda Eiðsgranda er líklegt að fiskverkunarhús (267-20) Ottos Wathne frá seinni hluta 19. aldar hafi staðið. Norðar á Geldinganesi eru ummerki eftir mógrafir (267-9) sem myndast þegar mór er stunginn.

Á norðanverðu Geldinganesi á Réttarnesi eru tvær samsíða tóftir (267-62) sem gætu verið híbýli, þær eru innan framkvæmdasvæðisins og eru í mikilli hættu. Á fjörukambinum skammt frá

er tóft, líklegt naust (267-63) sem er í mikilli hættu vegna sjávarrofs, en það er utan framkvæmdasvæðis. Aðrar minjar sem eru innan framkvæmdasvæðis eru útihús (267-11) auk herminja (267-67, 68 og 69) sem eru líklega í mikill hættu en ekki er ljóst hvar framkvæmdir verða á því svæði.

*Við Eiði væri tilvalið að setja upp fræðsluskilti þar sem sögu staðarins eru gerð skil.*




*Mynd 248. Framkvæmdasvæði Sundabrautar nær aðeins yfir bæjarstæði Eiðis og að hluta yfir tóftir bæjarhúsa (267-1), túngarðs (267-4) og hlöðu 267-23 auk 15 m friðhelgaðs svæðis fornleifanna sem er afmarkað með rauðu yfirstrikuðu svæði. Það sama á við um túngarð (267-8) og tóft (267-51). Túngarður (267-8) sem er sunnar, rúst (267-8) og vegur (265-72) eru innan framkvæmdasvæðis jarðganga en munu ekki verða fyrir áhrifum framkvæmdarinnar.*




*Mynd 249. Minjar í Geldinganesi sem verða fyrir áhrifum framkvæmda, bæjarstæði (267-138), fjárhús (267-65) og mógrafir (267-9). Ekki er þekkt nákvæm staðsetning á fiskverkunarhúsum (267-20) en líklegt er að þau hafi staðið nyrst á Eiðsgranda. Verndarsvæði minjana eru afmörkuð með rauðu yfirstrikuðu svæði.*




*Mynd 250. Minjar á Geldinganesi innan framkvæmdasvæðis. Á Réttarnesi er líklegt býli (267-62) innan framkvæmdasvæðis en naust (267-63) er innan rannsóknarsvæðis, austar eru leifar af rétt (267-22). Herminjar (267-67, 68, 69, og 70) og útihús (267-11) auk skipsflaks (267-18) eru innan framkvæmdasvæðis en verða líklega ekki fyrir áhrifum af framkvæmdinni. Býli (267-138), fjárhús (267-65) og mógrafir (267-9) auk fiskverkunarhúsa (267-20) munu hins vegar verða fyrir áhrifum framkvæmdarinnar.*

### 5.1.5 Sundakot

Sundakot var önnur af tveimur hjáleigum *Þerneyjar* landmegin, suðvestur af *Glóruholti*. Að norðan var mýri, *Fornugrafir,* mótekjustaður (274-28) þar sem nú er vinnslusvæði Björgunar. Vestan við á milli lands og Þerneyjar er *Þerneyjarsund* en þar var áður höfn og skipalægi. Undir jörðina Sundakot eru skráðar 18 fornleifar sem flestar eru sýnilegar á yfirborði. Bæjarstæði Sundakots stendur hátt og er húsaskipan vel greinileg, tóftirnar eru sjö á bæjarstæðinu og að hluta hringlaga garður sem lokar því, þar fyrir innan hefur líklega verið kálgarður. Um 80 m utar er hringlaga túngarður, innan hans eru útihús (272-2), fjárhús (272-3), tóft (272-5), öskuhaugur (275-12) og gata frá Sundakoti til sjávar (275-14). Suðvestur af bæjarstæðinu er svæðið blautt en innan við malarkambinn var líklega búðarsvæðið og verslunarstaður (272-8). Engar minjar eru sýnilegar þar á yfirborði en minjar voru greindar með myndgreiningu úr flygildi og af loftmyndum (272-15). Við ströndina brýtur sjórinn niður jarðvegstorfu en þar eru minjar frá 13. öld í sniði (272-20). Þar hefur heimræði bóndans verið og þaðan hefur verið siglt út í Þerney og er gert enn. Fjórir staðir þar sem mór hefur verið stunginn voru suður og suðaustur af bænum utan túngarðs, allir skráðir undir sama númerið (272-19).

Þar sem framkvæmdin kemur til með að hafa mikil áhrif á minjasvæði Sundakots og stór hluti bæjarstæðisins er innan rannsóknarsvæðisins og hluti innan framkvæmdasvæðisins var ákveðið að skrá allar minjar við Sundakot (sjá mynd 251) til að fá yfirsýn og minjaheild svæðisins. Hringlaga túngarður (272-7), tóft (272-4) og varða (272-11) eru fornleifar í mikilli hættu auk tveggja mótekjusvæða (272-19) sem verða fyrir framkvæmdinni og lenda undir veglínum.

*Sundakot er gamalt bæjarstæði og verslunarstaður. Engar aðrar sambærilegar minjar eru til í Reykjavík. Rústirnar sýna einstakt búsetulandslag og eru taldar mikilvægar vegna þess að þær hafa hátt rannsóknar-, fræðslu- og menningarsögulegt gildi. Til stendur að friðlýsa Sundakot og verslunarminjar en áætlaðar veglínur þrengja mjög að minjunum og þær fara rétt út fyrir 15 m verndarsvæði fornleifa. Best er að girða allt bæjarstæðið af áður en til framkvæmda kemur.*
*Við Sundakot væri tilvalið að setja upp fræðsluskilti þar sem sögu staðarins eru gerð skil.*




*Mynd 251. Innan framkvæmdasvæðisins er hluti bæjarstæðis Sundakots. Hringlaga túngarður (272-7), tóft (272-4) og varða (272-11) sem eru í mikilli hættu auk tveggja mótekjusvæða (272-19) sem verða fyrir framkvæmdinni og lenda undir veglínum. Grár línur sína hvar veglínur Sundabrautar munu koma.*

## 5.1.6 Glóra

Glóra var hjáleiga frá Álfsnesi þegar Jarðabók Árna og Páls var gerð 1704 og var þá ýmist nefnt Glóra, Urðarkot, Hálsnes eða Hallsneshjáleiga. Bærinn var suðaustur af Álfnesvík og Tjörninni, norðan í *Glóruholti* og vestan við *Víðinesveg* og *Móholtið* þar sem nú er urðunarstaður Sorpu. Túni bæjarins hallar til norðvesturs að sjó. Undir jörðina Glóru eru skráðar 14 fornleifar og flestar þeirra eru sýnilegar á yfirborði. Bærinn stóð austast í túninu og þar er stöndug og stór bæjahúsarúst (274-1) sem samanstóð af sex torfhúsum sem hafa verið með timburgafl nánast í vestur. Beggja vegna við bæinn eru garðlög sem afmarka líklega kálgarða bæjarins, vestan við bæinn er brunnur (274-14). Innan túngarðs sunnan í holtinu eru tóftir tveggja útihúsa (274-2 og 3). Vestan við er stór fjárhústóft (274-6) og önnur líklega eldri enn vestar (274-16). Norðan við bæjarhúsin er síðan lítil útihúsatóft (274-7). Ofan og utan túngarðs í sunnanverðu Glóruholti eru tvö fiskibyrgi (274-4 og 5) en mun fleiri svipuð byrgi stóðu vestar í Glóruholti og nær sjónum, líklega mjög gamlar minjar. Beint austur af bæjarhúsunum voru tveir steyptir grunnar sem hafa líklega verið híbýli frá síðustu ábúendunum (274-8 og 9) sem bjuggu í Glóru, 1928 til 1936. Útihús (274-10 og 11) eru svo norðaustur af bænum utan túngarðs. Frá Víðinesvegi að yngstu híbýlunum (274-8) og gegnum túnið liggur gömul leið (274-12) til sjávar.

Líklega hefur ekki verið búið í torfbænum í Glóru eftir 1896. Tóftir gamla bæjarins standa vel ásamt túngarði sem hefur verið bættur mikið eftir 1916. Líklegt er að sumar tóftir útihúsa hafi verið í notkun á 20. öld. *Bæjarstæðið ásamt útihúsum er fágætt minjasvæði sem myndar einstakt menningar- og búsetulandslag, eitt af fáum bæjarstæðum í Reykjavík sem enn er óraskað. Þá eru ummerki eftir skreiðarbyrgi á holtunum í kring einstök. Rústirnar eru taldar mikilvægar vegna*

*þess að þær hafa hátt rannsóknar-, fræðslu- og menningarsögulegt gildi auk nálægðar þeirra við Reykjavík. Við Glóru væri tilvalið að setja upp fræðsluskilti þar sem sögu staðarins eru gerð skil.*

Fornleifar sem eru í mikilli hættu innan framkvæmdasvæðisins eru bæjarhús Glóru (274-1), fjárhús (272-6), útihús (272-7), túngarður (274-12), brunnur (274-14) og gata (274-13). Aðrar fornleifar sem eru í hættu eru tóft (274-2), tóft (274-3), útihús (274-11) og fjárhús (274-16).




*Mynd 252. Fornleifar í mikilli hættu innan framkvæmdasvæðisins eru bæjarhús Glóru (274-1), fjárhús (272-6), útihús (272-7), túngarður (274-12), brunnur (274-14) og gata (274-13). Aðrar fornleifar sem eru í hættu eru tóft (274-2), tóft(274-3), útihús (274-11) og fjárhús (274-16). Grár línur sína hvar veglínur Sundabrautar munu koma.*

## 5.1.7 Álfsnes

Álfsness var fyrst getið í Landnámabók. Álfsnes var í eigu Þerneyjarkirkju frá 1226 til um 1570. Eftir siðskiptin féllu eignir kirkjunnar niður og hefur Álfsnes verið talin sjálfstæð jörð og seld sér. Undir Álfsnes heyrði hjáleigan Háheiði sem mun hafa lagst í eyði seint á 16. öld eða snemma á 17. öld og hefur síðan verið talin með Álfsneslandi en ekki er vitað hvar sú hjáleiga var. Þar sem Sundabraut mun fara um á jörðinni Álfsnesi eru skráðar þrennar minjar innan eða við rannsóknarsvæðið, allt líklega minjar frá miðri 19. öld. Stekkjarrétt (273-20) er gömul fjárrétt í sæmilegu ástandi staðsett rétt norðvestan við bæjarstæði Glóru í Glóruholti. Beitarhús (273-26) eru austan við jarðgerðarstöðina GAJU en ástand þeirra er talið sæmilegt. Þriðja tóftin (273-38) er norðaustan við Sorpu og Víðinesveg, gamalt útihús, en ástand hennar er metið slæmt. Norðar fer Sundabraut inn fyrir *Djúpuvík* vestan við *Háheiði* fram af *Afstapa* og yfir rétt austan við *Helgusker* (273-19) í Kollafirði, kennt við Helgu Bárðardóttur Snæfellsáss.




*Mynd 253. Fornleifar sem verða fyrir áhrifum framkvæmda í landi Álfsness eru beitahús (273-26) og útihús (273-38). Grár línur sína hvar veglínur Sundabrautar munu koma.*




*Mynd 254. Helgusker (273-19) í Kollafirði er innan framkvæmdasvæðis, vestan við Sundabraut.*

## 5.1.8 Móar

Bærinn Móar stendur sunnan við Vesturlandsveg um 1 km frá framkvæmdasvæðinu. Móar voru í eigu Viðeyjarklausturs árið 1395. Jörðin komst síðar í eigu konungs og er getið í fógetareikningum 1547–1552. Þegar Jarðabók Árna og Páls var gerð 1704 var jörðin í eigu konungs, jarðardýrleiki óviss en jörðin leigð Jóni Eyjólfssyni sýslumanni. Heimræði var allt árið en verstaða hafði aldrei verið. Mjög stórviðrasamt sem spillti túnum ásamt vatni og fé var flæðihætt. Með konungsúrskurði 26. apríl 1756 fékk Þórður Þórhallsson prestur í Saurbæ og Brautarholti Móa frítt til búsetu í staðinn fyrir Skrauthóla sem urðu fyrir stórskaða af skriðu 1748. Á Móum bjó sr. Matthías Jochumsson þjóðskáld. Honum var veitt Kjalarnesþing 1866 til 1880.

Sundabraut mun koma á land norðan við Kollafjörð á litlu ónefndu nesi á milli *Móavíkur* og *Leiðhamra*. Austan við Leiðahamra var Leiðvöllur (284-21) sem er talinn vera hinn forni þingstaður Kjalnesinga en á síðari öldum var hins vegar þingað að Esjubergi. Þar voru kveðnir upp dauðadómar og þeim fullnægt í *Sjálfkvíum* (287-15) sem eru við *Móanes* vestan við Móavík. Norður og upp af Leiðhömrum er Sandnámið. Þar eru *Varmhólar* og fyrir ofan þá var áður *Varmhólamelur*. Vestar er *Grundará* og *Grundarflóð* en Grundará þvældist þar um áður fyrr. Fornleifar innan framkvæmdasvæðisins er vegur (287-29) sem er horfinn og rúst (287-24) sem lítið er vitað um. Aðrar minjar á svæðinu eru yngri, allar utan við framkvæmdasvæðið.




*Mynd 255. Fornleifar í landi Móa sem eru innan framkvæmdasvæðis eru tóft (287-24) og vegur (287-23).*

## Niðurlag og varnaðarorð

Hafa ber í huga að umferð stórvirkra vinnuvéla sem og staðsetning vinnubúða eða bílastæða getur haft veruleg áhrif á minjar. Því er mikilvægt að velja vel staðsetningu þeirra sem og aðra framkvæmdastaði verktaka með tilliti til minjastaða á framkvæmdasvæðinu og án þess að raska þeim.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja sem enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra eða horfinna minja er þekkt. Þess ber að gæta að minjar geta leynst undir sverði þó að þær séu horfnar af yfirborði. Ef fornleifar koma óvænt í ljós ber skv. 24. gr. laga um menningarminjar að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

# 6. Heimildaskrá

## Óprentaðar/óútgefnar heimildir

*Borgarskjalasafn Reykjavíkur*

Brunavirðingar Reykjavíkur. https://www.borgarskjalasafn.is/is

Aðfnr. 749. Bók 01-07-1943 til 10-05-1945, brunavirðing 15. október 1943 (br.nr. 4245).

Skjöl bæjarráðs um erfðafestulönd (E). Sjá upplýsingar í neðanmálsgreinum.

*Borgarsögusafn Reykjavíkur*

Fornleifaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá í Sarpi

Húsaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá og gagnasafn.

Korta- og uppdráttasafn.

Gagnasafn.

Heimildaskráning í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands. Unnið af Gunnari Bollasyni og Birnu Gunnarsdóttur. 1999–2000.

Guðmundur Ólafsson o.fl. Fornleifaskrá Reykjavíkur, 1985. Þjóðminjasafn Íslands.

Sólborg Una Pálsdóttir. *Höfnin við Þerneyjarsund*. Óútgefin skýrsla.

Atli Birkir Kjartansson og Berglind Þorsteinsdóttir. *Fornleifaskráning á Álfsnesi og Glóru*. Reykjavík, 2006. Óútgefið nemendaverkefni.

Ljósmyndir teknar við vettvangskannanir.

Skjalasafn.

Bréf og tölvupóstur.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Ljósmyndir úr safneign. Sjá upplýsingar í neðanmálsgreinum.

Skjalasafn.

*Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar*

Gagnasafn.

Úttektarbók 1833–1839.

Vátryggingabók 1909–1932.

*Þjóðminjasafn Íslands*

Gagnasafn.

Jón Magnússon Stardal. Færsla á gamla kirkjugarðinum í Gufunesi 1968. Skýrsla.

Um Kirkjugarðinn í Gufunesi 15. september 1978 HF/ke Áburðarverksmiðja ríkisins.

Ljósmyndasafn Íslands.

## Prentaðar/útgefnar heimildir

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. *Sundabraut. Stofnbraut, nýr þjóðvegur að Reykjavík. Verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats*. Lögð fram sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og sbr. III. kafla laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. September 2023.

Anna Lísa Guðmundsdóttir. *Fornleifaskráning jarðarinnar Gufuness og hjáleigu hennar Knútskots*. Skýrsla nr. 115. Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2004.

Anna Lísa Guðmundsdóttir. *Fornleifaskráning Laugarness vegna mats á umhverfisáhrifum Sæbrautar*. Skýrsla nr. 103. Minjasafn Reykjavíkur, 2003.

Anna Lísa Guðmundsdóttir. *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga*. *Fornleifar á framkvæmdarsvæðinu*. Skýrsla nr. 139. Minjasafn Reykjavíkur, 2008.

Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir. *Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfsnesvík Þerneyjarsundi*. Skýrsla nr. 191. Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2018.

Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags 1. áfanga við Gufunes*. Skýrsla nr. 188. Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2018.

Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vesturlandsvegar frá Leirvogsá að Hvalfirði*. Skýrsla nr. 189. Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2018.

Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir. *Gufunes – Samgöngutengingar*. *Fornleifaskrá*. Skýrsla nr. 233. Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2021.

Árni Óla. „Fálkahúsið og fálkaverslun konungs.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 26. nóvember 1967.

Árni Óla. „Frá Sjávarhólum að Skafti og nokkur örnefni sem nú eru að glatast.“ *Lesbók Morgunblaðsins,* 18. september 1960.

Atli Magnússon. *Þorgeir í Gufunesi*. Örn og Örlygur, 1989.

Biskupasögur, I. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag, 1858.

Bjarki Bjarnason. Magnús Guðmundsson. *Mosfellsbær, saga byggðar í 1100 ár*. Pjaxi, 2005.

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskrá Reykjavíkur*. Skýrsla nr. 46. Árbæjarsafn, 1995.

